


LÚÐRASVEITIN SVANUR

*Góður matur er Svansins megin*

matur tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

JÓGVAN HANSEN

*Veit ekki hvernig ég á að segja takk*

sirkus FYLGIR FRÉTTABLAÐINU









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. apríl 2007 — 99. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

**Dáður af lesendum um allan heim**



Rithöfundurinn Kurt Vonnegut er allur.

MENNING 36

**Eurovison-æðið að hefjast**



Eiríkur Hauksson og norrænir félagar hans fara yfir lögin í kvöld.

FÓLK 42

**Tarantino til Íslands**



Bandaríski leikstjórinn hyggst vera viðstaddur frumsýningu hryllingsmyndar sinnar.

FÓLK 54



**KR jafnaði metin**

KR vann Njarðvík í æsispennandi leik í DHL-höllinni í gær í úrslitum Iceland Express-deildar karla.

ÍÞRÓTTIR 49

## VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT BJARTVIÐRI -** Hvessir mikið af suðvestri seinnipartinn, 13-18 m/s um allt land. Hiti 4-8 stig, hlýjast norðan og austan til. Talsverð úrkoma um allt land, sérstaklega á Vesturlandi, síðdegis og í kvöld.

VEÐUR 4

# Fyrsti kostur að byggja upp flugvöllinn á Hólmsheiði

**Starfshópur samgönguráðherra og borgarstjóra um málefni Reykjavíkurflugvallar telur kosti þess að færa flugvöllinn úr Vatnsmýri ótvíræða. Borgin græðir tugi milljarða á því að byggja flugvöll á Hólmsheiði.**

**SAMGÖNGUR** Starfshópur um málefni Reykjavíkurflugvallar telur mun veigameiri kosti fylgja því að færa flugvöllinn í Reykjavík úr Vatnsmýrinni en að hafa hann þar til frambúðar. Þetta kemur fram í skýrslu hópsins, sem enn hefur ekki verið gerð opinber.

Uppbygging flugvallar á Hólmsheiði, um þremur kílómetrum austan Rauðavatns, er hagkvæmasti kosturinn samkvæmt mati hópsins en færsla innanlandsflugs til Keflavíkur kemur þar á eftir. Munurinn felst einkum í auknum ferðakostnaði og óhagkvæmni til lengri tíma sem hlýst af að færa höfuðstöðvar innanlandsflugsins til Keflavíkur. Þriðji kosturinn, að byggja upp flugvöllinn á Lönguskerjum, myndi kosta mun meira en að hafa völlinn á Hólmsheiði, samkvæmt mati starfshópsins.

Samkvæmt skýrslunni græðir Reykjavíkurborg tugi milljarða á því að færa flugvöllinn úr Vatnsmýrinni og byggja hann á Hólmsheiði, einkum og sér í lagi vegna þessi hve byggingarland í Vatnsmýrinni er dýrmætt.

Starfshópurinn tók mið af nýlegu markaðsvirði lóða á höfuðborgarsvæðinu og bar kostina saman. Nokkur óvissa ríkir þó um mat á lóðunum í Vatnsmýrinni þar sem markaðsvirði þeirra liggur ekki fyrir.

Landsvæðið í Vatnsmýrinni er 134 hektarar að stærð en Háskólanum í Reykjavík hefur verið úthlutað ellefu hektara svæði. Eftir stendur svæði upp á tæpa 123 hektara sem borgin gæti skipulagt fyrir íbúðabyggð.

Í starfshópnum voru Helgi Hallgrímsson, fyrrverandi vegamálastjóri, sem jafnframt var formaður, Sigurður Snævarr borgarhagfræðingur, Björn Ársæll Pétursson, fulltrúi borgarstjóra, og Þorgeir Pálsson flugmálastjóri.

Í drögum að ályktunum fyrir landsfund Sjálfstæðisflokksins, sem hófst í gær, kemur fram að mikilvægt sé að halda flugvellinum í miðborginni í nálægð við heilbrigðisstofnanir.

Óljóst er ennþá hvenær skýrsla starfshópsins verður kynnt en Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra eiga eftir að samþykkja skýrsluna með undirskrift fyrir sitt leyti. **- mh**



**SJÁLFSTÆÐISMENN FUNDA** Landsfundur Sjálfstæðisflokksins var settur í Laugardalshöll í gær. Í setningarræðu sinni sagði Geir H. Haarde, formaður flokksins, mikinn árangur hafa náðst í efnahagsmálum á þeim sextán árum sem flokkurinn hefur verið í ríkisstjórn. Fyrir aftan Geir standa Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson þingmaður, Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hjörleifur Guttormsson:

## Hvetur Ómar til að hætta við

**STJÓRNMÁL Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi iðnaðarráðherra, hvetur Ómar Ragnarsson og Íslandshreyfinguna til að hætta við framboð, í grein sem hann skrifar í Fréttablaðið í dag.**

**Hjörleifur skrifar að skoðanakannanir sýni að þær forsendur sem Ómar Ragnarsson gaf fyrir framboðinu hafi ekki staðist. „Réttlæting Ómars Ragnarssonar fyrir sérstöku framboði á sínum vegum til að draga byr úr seglum Sjálfstæðisflokksins var aldrei trúverðug og þegar hefur sýnt sig að hún gengur ekki upp,“ skrifar Hjörleifur. Hann telur Íslandshreyfinguna framlengja líf ríkisstjórnarinnar og kljúfa stóriðjuandstæðinga. Hjörleifur hvetur Ómar því til að draga í land og fylkja liði með þeim „sem tekið hafa trúverðuga afstöðu gegn stóriðjustefnunni“.**

**- bs/** **sjá síðu 30**

Kaupþing er stærra en Adidas, Carlsberg og Starbucks á lista Forbes:

# Í hópi 800 stærstu félaga heims

**VIÐSKIPTI** Kaupþing er í 795. sæti á nýjasta lista alþjóðlega viðskiptatímaritsins Forbes yfir stærstu fyrirtæki veraldar. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskt fyrirtæki kemst í hóp eitt þúsund stærstu fyrirtækjanna, en í fyrra munaði litlu að Kaupþing kæmist á þann lista.

Kaupþing slær heimsþekktum stórfyrirtækjum ref fyrir rass. Á meðal þeirra fyrirtækja sem eru neðar en Kaupþing eru alþjóðlega kaffihúsakeðjan Starbucks, sem er í 806. sæti listans, íþróttavöruframleiðandinn Adidas í 896. sæti og danski bjórframleiðandinn Carlsberg, sem vermir 920. sæti.



**KAUPÞING** 795. stærsta fyrirtæki heims.

Fjögur íslensk fjármálafyrirtæki eru meðal 2.000 stærstu fyrirtækja heims. Landsbankinn situr í 1.151 sæti, Glitnir í því 1.170. og Exista í 1.532.

Bankar eru áberandi í hópi þeirra stærstu. Citigroup, Bank of America og HSBC Holdings raða sér í þrjú efstu sætin. Forbes metur stærð fyrirtækjanna með hliðsjón af veltu, hagnaði, heildareignum og markaðsverðmæti. **- eþa**










## SPURNING DAGSINS



*Sigmar, ætlið þið að skjóta minknum ref fyrir rass?*

„Við ætlum heldur betur að minnka stofninn.“

Skotveiðifélag Íslands hefur skorið upp herör gegn minknum. Sigmar B. Hauksson er formaður félagsins.

Víðtæk leit björgunarsveita og Landhelgisgæslunnar bar árangur í gær:

# Fannst látinn í sjónum

**SJÓSLYS** Sjómaður á fiskibáti frá Vopnafirði fannst um hádegisbil í gær eftir víðtæka leit. Hann var látinn þegar að var komið. Björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Hafbjörg frá Neskaupstað, fann manninn í sjónum um eina og hálfa sjómílu frá landi, mitt á milli Kattárvíkur og Flesjar úti af Kollamúla í Vopnafirði.

Um eitt hundrað björgunarsveitarmenn frá tólf björgunarsveitum tóku þátt í leitinni á sjó og landi. Þyrla og Fokker-vél Landhelgisgæslunnar og varðskipið Týr tóku jafnframt þátt í leitinni.




Ekkert neyðarkall hafði borist og reglulegar sendingar bárust frá bátnum í sjálfvirku tilkynningarskyldunni. Hafin var eftirgrennslan eftir bátnum að beiðni Vaktstöðvar siglinga þar sem ekki náðist fjarskiptasamband við bátinn.

Björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Sveinbjörn Sveinsson frá Vopnafirði, var kallað út og fann það bátinn úti af Kollumúla í Vopnafirði. Nokkuð erfiðlega gekk að komast að bátnum en nokkru eftir miðnætti kom í ljós að báturinn var mannlaus.

Sjómaðurinn, sem var á sjötugsaldri, fór til veiða frá Vopnafirði á miðvikudagsmorgun en samkvæmt upplýsingum varðstjóra lögreglunnar á Vopnafirði eru tildrög slyssins ókunn.

Ekki er unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu. **- shá**

Tíu örlát ungmenni:

# Gáfu kröbbum dýrkeypt frelsi

**BANDARÍKIN, AP Þrjú hundruð krabbar, sem höfðu verið veiddir og biðu þess eins að verða seldir einhverjum matgæðingum, fengu óvænt frelsi á ný.**

**Tíu ungmenni, sem ekki hafa látið nafna sinna getið, greiddu veiðimönnum í Portland í Maine 3.400 dali fyrir krabbana, en það samsvarar nærri 225 þúsund krónum.**

**Verðið á kröbbunum var reyndar óvenjuhátt vegna þess hve lítið hefur veiðst af þeim undanfarið.**

**Dýraverndarsamtökin PETA neita því að hafa staðið fyrir þessari frelsun.** **- gb**

Undirbúningur fyrir álver:

# Borinn kominn til Húsavíkur

**HÚSAVÍK Borinn Jötunn er nú kominn til Húsavíkur. Jötunn verður notaður til að bora fjórar rannsóknarholur á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslu, eina á Þeistareykjum og þrjár á Kröflu- og Bjarnarflagssvæðinu.**

**Að borun lokinni verður búið að afla um fjörutíu prósenta þeirrar gufu sem þarf vegna fyrri hluta hugsanlegs álvers á Bakka.**

**Borinn hefur undanfarin ár verið notaður við jarðboranir á Azoreyjum.** **- þo**



**HAMINGJAN FUNDIN Á NÝ** Jóakim Danaprins ásamt nýju kærustunni.

Danska konungsfjölskyldan:

# Jóakim prins kynnir konuefni

**DANMÖRK** Dönsku slúðurblöðin Se og Hør og Billedbladet greina frá því að Jóakim prins, fráskilinn yngri sonur Margrétar Þórhildar drottningar, hafi kynnt nýja kærustu sína, Marie Cavallier, fyrir foreldrum sínum og vænta megi brúðkaups.

Að sögn vikublaðanna tveggja hafa drottningin og Hinrik prins þegar lagt blessun sína yfir hina frönsku Cavallier sem tilvonandi tengdadóttur og því sé bara spurning hvenær brúðkaupið fari fram.

Alexandra, fyrrverandi eiginkona Jóakims, giftist aftur 3. mars síðastliðinn og afsalaði sér þar með konunglegri tign. **- aa**



**TÓMAR HÖFUÐSTÖÐVAR** Bak við þessar dyr eru höfuðstöðvar Amitelo, alþjóðlegs fyrirtækis með útibú í þréttán löndum. Enginn var við þegar stjórnendur þáttarins Frontal21 komu í heimsókn. Nágranni sagðist ekki hafa séð neinn frá fyrirtækinu í hálft ár.



**FRÉTTASKÝRING** Theo Koll, þáttastjórnandi fréttaskýringaþáttarins Frontal21, fjallaði um Amitelo seinasta þriðjudag.

# Vafasamt fyrirtæki vill reka farsímakerfi

**Svissneska símafyrirtækið Amitelo er rannsakað vegna gruns um ólögmæta viðskiptahætti. Fyrirtækið var með besta tilboð í rekstur nýs GSM-kerfis á Íslandi. Tilhæfulausar ásakanir, segir áætlanastjóri. Höfuðstöðvarnar standa tómar.**

**SAMSKIPTI** Svissneska símafyrirtækið Amitelo AG, sem á besta tilboðið í rekstur nýs GSM-kerfis á Íslandi, er nú rannsakað af þýska fjármálaeftirlitinu vegna gruns um að keyra upp hlutabréfaverð með villandi upplýsingum.

Kanadískt símafyrirtæki, sem Amitelo tók nýlega yfir, hefur einnig kært Amitelo fyrir að blekkja hluthafa sína og krefst tæpra fjögurra milljarða króna í skaðabætur.

Þetta er meðal þess sem kom fram í þýska fréttaskýringaþættinum Frontal21 síðastliðinn þriðjudag. Khaled Akid, forstjóri fyrirtækisins, er þar sagður hafa beitt verðbréfamarkaðinn blekkingum til þess að hækka verð hlutabréfa í fyrirtækinu.

Í þættinum var rætt við við fyrrverandi markaðsstjóra fyrirtækisins, Victoriu Anzola. Hún sagði áætlanir fyrirtækisins um uppbyggingu í Kólumbíu, sem auglýstar voru á hlutabréfamarkaðnum, hafa verið orðin tóm.

Þáttastjórnendur heimsóttu höfuðstöðvar fyrirtækisins í Zürich en fundu engan starfsmann Amitelo. Lögfræðingur með skrifstofu á sömu hæð sagðist ekki hafa séð neinn frá fyrirtækinu í hálft ár. Þeir heimsóttu einnig útibú Amitelo á Spáni, kynntu sig sem hóteleigendur og vildu kaupa símaþjónustu af fyrirtækinu. Af tæknilegum ástæðum gátu starfsmenn ekki selt þeim neitt.

Gengi hlutabréfa í Amitelo, sem rekur útibú í þrettán löndum, hrundi á þýska markaðnum eftir að þátturinn var sýndur. Á nokkrum mínútum féll það um rúm 60 prósent, úr 1,1 evru á hlut í 0,4.

„Við erum að undirbúa lögsókn gegn forsvarsmönnum þáttarins,“ segir Jan Malkus, áætlanastjóri fyrirtækisins. „Þetta kemur okkur gríðarlega illa og við ætlum að leita okkar réttar.“ Hann segir rannsókn fjármálaeftirlitsins ekki beinast gegn fyrirtækinu heldur sé um venjulegt eftirlit að ræða. „Þetta er bara heimskur blaðamaður.“

Malkus var hér á landi í fyrradag að kanna aðstæður vegna útboðs á rekstri GSM-farsímakerfis, sem Póst- og fjarskiptastofnun auglýsti. Þar átti Amitelo besta tilboðið, samkvæmt ákveðnu stigakerfi, en svissneska símafyrirtækið BebbiCell kom næst á eftir. Íslensku fyrirtækin Núll-Níu og IP-fjarskipti voru í þriðja og fjórða sæti, en tvö leyfi eru í boði.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, vill ekki tjá sig um málið.

salvar@frettabladid.is

Bæjarráð Vestmannaeyja:

# Andstaða gegn úthlutun kvóta

**SJÁVARÚTVEGUR** Bæjarráð Vestmannaeyja lýsir yfir andstöðu sinni við fyrirkomulag á úthlutun byggðakvóta. Bæjarráðið telur ekki forsendur fyrir umsókn og segir fyrirkomulagið ganga út á að skerða stöðu fyrirtækja á þeim svæðum þar sem fyrirtæki hafa fjárfest og styrkt kvótastöðu sína, segir í bókun ráðsins.

Sjávarútvegsráðuneytið sendi bréf til sveitarstjórna 20. mars þar sem byggðarlögum sem telja sig hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og sem háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski er gefinn kostur á að sækja um byggðakvóta. **- shá**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Flugdreki ógnar flugöryggi

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þurfti að hafa afskipti af manni með flugdreka í Öskjuhlíðinni á dögunum. Drekinn var svo hátt á lofti að hann truflaði aðflug flugvéla að Reykjavíkurflugvelli. Maðurinn brást vel við þegar lögregla kom á staðinn og kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir hættunni.

## KÓPAVOGUR

### Kirkjan sleppi holræsagjaldi

Sóknarnefndir Þjóðkirkjunnar í Kópavogi hafa óskað eftir því að fallið verði frá holræsagjöldum á kirkjur Þjóðkirkjunnar í bænum. Bæjarráð vísaði málinu til bæjarritara til umsagnar.

## VESTFIRÐIR

### Kraftajötnar fá styrk

Forráðamenn Vestfjarðavíkingsins segja keppnina verða í Vesturbyggð í tengslum við hátíðina Bíldudals grænar baunir í sumar. Bæjarráðið samþykkti að útvega gistingu í svefnpokaplássi og morgunverð, sem svarar til 200 þúsund króna styrks.

BÍLL DAGSINS
MITSUBISHI PAJERO 32” 2.8
Nýskr. 01.00 - Sjálfskiptur - Ekinn 122 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Starfsmenn Orkuveitunnar sluppu undan álplötu sem fauk af flutningabíl:

# Telja sig heppna að vera á lífi

**FRAMKVÆMDIR** „Ef platan hefði farið í okkur hefði hún drepið okkur, það er ósköp einfalt,“ segir Magnús Jónsson, starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur, sem lenti í heldur óþægilegu atviki á Vesturlandsvegi í gær.

Magnús var að vinna ásamt fleirum við að færa rafmagnsstrengi fyrir Orkuveituna skammt frá Þingvallaafleggjaranum þegar vörubíll ók framhjá á miklum hraða með þeim afleiðingum að álplata á pallinum losnaði og fauk í átt til verkamannanna. „Hún lenti örfáum metrum frá okkur og við vorum bara heppnir að fá hana ekki í okkur,“ segir Magnús en platan er stór og þung.

Magnús segir að algengt sé að ökumenn sýni litla tillitssemi. „Við erum oft að vinna mjög nálagt vegunum og menn hægja sjaldnast á sér þegar þeir aka framhjá,“ segir Magnús.



**HEILIR Á HÚFI** Guðmundur Már Sigurðsson og Magnús Jónsson virða fyrir sér álplötuna sem fauk af flutningabíl og lenti skammt frá þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sá sem ók vörubílnum varð ekki var við að platan losnaði og starfsmönnum Orkuveitunnar tókst ekki að greina hver var þar á ferð. Ljóst er að farmurinn var ekki nógu vel festur á palli flutningabílsins. **- þo**


AURIS
www.toyota.is
Frumsýning
Ný tegund af bíl: þögull og ákveðinn
Þú átt eftir að hrífast með, á frumsýningu á Auris núna um helgina.
Opið verður laugardag, frá kl. 12 - 16 og sunnudag, frá kl. 13 - 16.
Boðið verður upp á léttar veitingar.
AURIS
Auris - Nýtt upphaf. Ný Toyota.
TODAY TOMORROW TOYOTA
Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070
EURO NCAP
www.euroncap.com
TOYOTA AURIS

## GENGIÐ 12.04.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,79 | 66,11 |
| Sterlingspund | 130,02 | 130,66 |
| Evra | 88,48 | 88,98 |
| Dönsk króna | 11,864 | 11,934 |
| Norsk króna | 10,942 | 11,006 |
| Sænsk króna | 9,549 | 9,605 |
| Japanskt jen | 0,551 | 0,5542 |
| SDR | 99,7 | 100,3 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,269

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landsfundur Samfylkingarinnar verður settur í Egilshöll í dag:

# Jafnréttismálin í öndvegi

**STJÓRNMÁL** Nýr formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar verður valinn á landsfundi flokksins sem settur verður í Egilshöll í dag.

Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og oddviti flokksins í Suðvesturkjördæmi, óskar ekki endurkjörs. Embættið er eitt hið veigamesta í stjórnkerfi flokksins. Óvíst er hver mun gegna því en heimildir Fréttablaðsins segja það eitt að það verði kona.

Jafnréttismálum verða gerð sérstök skil á landsfundinum og taka Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður, Svafa Grönfeldt rektor og forstjórarnir Bjarni Ármannsson og Þórólfur Árnason þátt í umræðum. Þá verður kosningastefnuskrá Samfylkingarinnar mótuð og afgreidd. Við setningu landsfundar í dag munu formenn jafnaðarmannaflokka Danmerkur og Svíþjóðar, þær Helle Thoring-Schmidt og Mona Sahlin, flytja ávörp.

Tæplega tvö þúsund manns hafa rétt til þátttöku í hefðbundnum störfum landsfundar en hann mega allir flokksmenn sitja. **- bþs**



**FORYSTAN** Ágúst Ólafur Ágústsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir voru kjörin til forystuembætta Samfylkingarinnar á landsfundi fyrir tveimur árum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Vargur í mannabyggðum:

# Minkur á ferli í Nauthólsvík

**UMHVERFISMÁL „Minkurinn er nær en margur heldur, það sást til hans í Nauthólsvík um daginn og í Elliðaárdalnum,“ segir Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands, sem hefur boðað til minkaveiðiátaks.**

**Félagið gefur þeim sem drepa mink vottorð og barmnælu, auk þess sem þeir geta unnið verðlaun á borð við riffil og utanlandsferð. „Þetta hefur vakið gríðarleg viðbrögð,“ segir formaðurinn. Þótt flestir landsmenn búi í þéttbýli bendir Sigmar á að margir dvelji í sumarhúsum og verði varir við minkinn. „Hann er kominn út um allt.“ - bs**

Nýmæli í reykingabanninu:

# Bannað að reykja í skipum

**HEILBRIGÐISMÁL Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra undirritaði í gær nýja reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum.**

**Með nýju reglugerðinni munu tóbaksreykingar um borð í fiskiskipum, kaupskipum eða öðrum skipum sem notuð eru í atvinnurekstri lúta sömu takmörkunum og á öðrum vinnustöðum. Hingað til hafa verið rýmri heimildir til reykinga á skipum en öðrum vinnustöðum.**

**Í reykingabanninu sem tekur gildi 1. júní í sumar verður með öllu óheimilt að reykja innanhúss í þjónusturýmum stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka auk veitinga- og skemmtistaða. - þo**

Forsætisráðherra Kína í Japan:

# Boðar samstarf og nýja þíðu

**JAPAN, AP** Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, boðaði betri samskipti við Japan, einkum í efnahagsmálum, í ávarpi sem hann flutti á Japansþingi í Tókýó í gær. Á þriggja daga ferð sinni um Japan hafa hann og japanskir ráðamenn reynt að „bræða ísinn“ eftir síversnandi samskipti ríkjanna undanfarið.

Wen hvatti engu að síður japanska ráðamenn til að standa við afsökunarbeiðni sína vegna hrottalegs framferðis japanskra hermanna gagnvart Kínverjum þegar stór hluti Kína var hersetinn af Japönum. **- gb**

## LEIÐRÉTTING

Soffía Sigurðardóttir skrifaði greinina Björgum ekki hernaðarhyggjunni og Eva Heiða Önnudóttir greinina Umræða á villigötum, sem birtust í Fréttablaðinu í gær. Fyrir mistök féllu nöfn þeirra niður. Beðist er velvirðingar á því.

# Biðu launalausir í báti í þrjá mánuði

**Pólskir sjómenn hafa búið í báti í þrjá mánuði á stopulum matargjöfum og peningum sem haldið var eftir í síðasta túr. Hafa fengið 45.000 krónur á mann. Útgerðarmaður segir „alfarið þeirra ákvörðun“ að vera hér verklausir og bíða.**

**VINNUMARKAÐUR** Fjórir pólskir sjómenn á sextugsaldri hafa búið í Bjarma BA-326 síðan í janúar. Bjarmi var sviptur veiðileyfi fyrir áramót „vegna afla umfram veiðiheimildir“. Sjómennirnir voru samt fengnir til landsins og komu hingað hinn 13. janúar.

Einn mannanna, Marek Wozniak, segir að samið hafi verið um grunnlaun upp á 35.000 krónur á viku og sjö prósenta hlut af seldum afla. Síðan í janúar hafi ekkert verið veitt né greitt.

Matur hafi borist þeim með stopulum hætti. „Fyrst var keyptur matur sem átti að duga í fimm daga. Þökk sé kokkinum dugði hann í tíu daga,“ segir Marek og dæsir.

Níels Ársælsson er eigandi Steinbjargar, útgerðar Bjarma. Hann segist „gáttaður“ á sögu sjómannanna. „Þeim var gerð grein fyrir því að báturinn hefði misst veiðileyfið og að ekki væri útséð hvenær það fengist aftur,“ þegar þeir komu til landsins í janúar. Hann hafi boðið þeim að bíða og sjá í bátnum, hvort hann gæti ekki orðið sér úti um kvóta. Sem valkost hafi hann boðist til að útvega far fyrir þá aftur heim. Þeir hafi ákveðið að bíða um borð. Aðspurður segir hann að flugfarið sé enn í boði.

„Það er ekki eins og hafi væst um karlagreyin. Þeir fá vasapeninga vikulega, um tíu til fimmtíuþúsund á mann. Ég tel að við höfum gert vel við þessa menn. Þetta er dapurlegt, en svona æxluðust hlutirnir bara. Við fjölskyldan höfum ekki síður átt bágt.“

Pólverjarnir taka undir það að aðstaða í bátnum hafi verið snyrtileg og góð. Þeir æpa hins vegar reiðilega „*absolútt nje!*“ þegar tilboð Níels um flugfar er borið undir þá. „Við hefðum aldrei setið í bátnum vinnu- og launalausir með fjölskylduna heima, hefði okkur ekki sífellt verið lofað vinnu og peningum innan skamms.“ Níels hafi aldrei útskýrt stöðuna, þvert á móti hafi hann oft sent þau boð til verkalýðsfélagsins í Póllandi að í mars og apríl færu þeir að veiða. Þá yrðu þeir í mikilli vinnu.

Aðspurðir um vasapeningana segjast sjómennirnir hafa fengið alls um 45.000 á mann, eða fimmtán þúsund á mánuði. Féð hafi útgerðarmaðurinn sent þeim í smáskömmtum síðustu mánuði. Þetta sé fé sem Níels skuldi þeim úr síðasta túr, síðan í fyrra, en þá hafi hann haldið eftir 60.000 krónum, líklega til að tryggja að þeir kæmu aftur í janúar. Þeir hafi glaðst mjög að fá tíu þúsund fyrir páskana, annars hefðu þeir orðið matarlausir og fjölskyldurnar úti einnig.

**klemens@frettabladid.is**



**WIKTOR OG BOGDAN** Hafa ekkert haft að gera nema spila, spjalla og taka til í þrjá mánuði. Eiga ekki peninga til að fara heim.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**MAREK WOZNIAK** Er óánægður með þróun mála. Segir þá félaga helst af öllu vilja fiska á Íslandi. Þeir eru samtals með rúmrar aldar reynslu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**FRANZ-JOSEF JUNG** Þýski varnarmálaráðherrann jákvæður í garð eldflaugavarna.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þýski varnarmálaráðherrann:

# Eldflaugavarnir fyrir alla álfuna

**BRUSSEL, AP** Varnarmálaráðherra Þýskalands sagði í gær að hinn áformaði eldflaugavarnabúnaður Bandaríkjamanna í austanverðri Evrópu myndi skilja sunnanverða álfuna eftir utan slíks verndarskjaldar og þar með í raun skapa nýjar klofningslínur í Evrópu.

Ráðherrann, Franz-Josef Jung, sagði að það væri Evrópu í hag að komið yrði upp eldflaugavarnakerfi, og hvatti Bandaríkjamenn til að ræða áform sín á vettvangi Atlantshafsbandalagsins.

„Suður-Evrópa yrði óvarin. Við verðum að semja um kerfi fyrir Evrópu alla,“ sagði Jung á fundi með utanríkismálanefnd Evrópuþingsins í Brussel. **- aa**

Eldur í báti við Ísafjarðardjúp:

# Skipverjar náðu að slökkva eldinn

**SLYS Eldur kviknaði í báti suðvestur af Ryti við Ísafjarðardjúp um áttaleytið í gærkvöldi. Tveir menn voru í bátnum og náðu þeir að slökkva eldinn sjálfir, að sögn varðstjóra lögreglunnar á Ísafirði. Báturinn varð þó vélarvana og þurftu mennirnir hjálp björgunarsveitar við að koma honum í land.**

**Sædísin frá Bolungarvík kom á staðinn og kom báturinn til hafnar í Bolungarvík um klukkan hálf tíu. Upptök eldsins eru ókunn. - sþs**






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir
veðurfræðingur

**Fimmtudagur og föstudagur:** Veðrið leikur ekki við Íslendinga þessa helgina. Í kvöld gengur á með hvassri suðvestlægri átt 13-18 m/s V-lands, 12-15 m/s A-til. Mikil úrkoma um allt land seinnipartinn og í kvöld. Lægir á laugardaginn, fyrst sunnantil. Sunnudagurinn lítur svo betur út, hægviðri og úrkomulítið.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Suðvestan 5-8 fyrripartinn, en 13-18 seinnipartinn og í kvöld. Talsverð úrkoma og hiti 4-8 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C léttskýjað | London | 20°C alskýjað | Eindhoven | 24°C hálfskýjað |
| Billund | 17°C alskýjað | París | 25°C léttskýjað | Basel | 23°C léttskýjað |
| Osló | 15°C léttskýjað | Frankfurt | 23°C alskýjað | Alicante | 20°C skúrir |
| Stokkhólmur | 15°C léttskýjað | Friedrichshafen | 22°C léttskýjað | Róm | 21°C alskýjað |
| Gautaborg | 14°C léttskýjað | Berlín | 21°C hálfskýjð | Las Palmas | 20°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# NAUTALUND

## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

1 kg nautalund
1 stk. hvítlaukur, heill
200 g smjör
olía

Skerið hvítlaukinn þversum. Hreinsið nautalundina og brúnið í smjöri og smá olíu á pönnu, á háum hita. Gott að skera lundina í tvennt þannig að hún komist fyrir á pönnunni. Setjið hvítlauk á pönnuna og látið sárið snúa niður þannig að hámarks bragð fáist. Brúnið lundina í um 2 mínútur á hverri hlið eða þar til hún er fallega brúnuð. Setjið inn í 150°C heitan ofn í um 8 mínútur, þá á nautalundin að vera miðlungssteikt. Látið standa í 8 mínútur fyrir framleiðslu.

Kjöt & fisktorgið



Íslenskar **nautalundir**

**TILBOÐ 2998 kr/kg**
Verð áður 3.753 kr/kg



**40% afsláttur við kassa**

Kryddlegið **lambalæri**

**TILBOÐ 1.079 kr/kg**
Verð áður 1.898,-



Innfluttar frosnar **kjúklingabringur**

**TILBOÐ 1.299 kr/pk**
Verð áður 1.500 kr/pk

Jói FEL




**Nýtt** í Hagkaupum

## Jói Fel Brauðrúllur

Ítölsk rúlla og skinku rúlla
-tilbúnar beint í ofninn




**30% afsláttur við kassa**

**Freschetta Roma pizzur**
- 3 tegundir



**Nýtt** í Hagkaupum

**Ferskt Spelt pizzadeig**
- Spennandi nýjung




**Ítalíu kaffi**
- Ítalskt eðalkaffi

Gildir til 15. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



*Myndir þú vilja að barnið þitt ynni í álveri í framtíðinni?*

| | |
|---|---|
| Já | 37% |
| Nei | 63% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú fengið hraðasekt?*

Segðu skoðun þína á visir.is **vísir**

Sprengjuárásirnar í Alsír á miðvikudaginn vekja ótta við Al Kaída samtökin:

# Harðar aðgerðir lögreglu

**ALGEIRSBORG, AP** Sprengjuárásirnar í Algeirsborg á miðvikudaginn hafa endurvakið ótta við að nýr Norður-Afríkuarmur Al Kaída-samtakanna sé orðinn það öflugur að veruleg hætta stafi af, ekki bara í Alsír heldur víða um norðanverða Afríku.

Lögreglan í Alsír hefur gripið til harðra aðgerða, sett upp eftirlitshlið víða um borgina og lokað götum nálægt forsetaskrifstofunum.

Að minnsta kosti 33 fórust og tæplega 300 særðust þegar tvær sprengjur sprungu í Algeirsborg, önnur á skrifstofum forsætisráðherra Alsír en hin á lögreglustöð. 57 manns voru enn á sjúkrahúsi í gær.

Á síðustu mánuðum hafa ný samtök herskárra múslima, tengd Al Kaída, verið að sækja í sig veðrið á ný og lýstu samdægurs yfir ábyrgð sinni á árásunum. Þessi nýju samtök eru reist á grunni gömlu Salafistasamtakanna, GSPC, sem stóðu í blóðugri uppreisn gegn stjórnvöldum á síðasta áratug. Sú uppreisn hófst árið 1992 eftir að stjórn landsins ógilti niðurstöður kosninga þar sem samtök múslima höfðu unnið yfirburða sigur.

Abdelaziz Bouteflika forseti efndi til fundar með æðstu embættismönnum landsins þar sem ákveðið var að reyna að finna leiðir til að gera uppreisnarmennina ófæra um að valda frekari skaða. - gb



**ÖNGÞVEITI Í ALGEIRSBORG** Hundruð manna særðust þegar sprengja sprakk í skrifstofubyggingu forsætisráðherra á miðvikudag og sést hér einn þeirra borinn út. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einfættur hraðbankaþjófur:

# Missti gervifót á flóttanum

**BANDARÍKIN, AP** Tæplega fimmtugur maður í Kaliforníu, Gregory Daniels, missti gervifót og náðist því fljótlega á flótta undan lögreglunni eftir að hafa reynt að stela 680 kílóa þungum hraðbanka úr verslun í bænum Pomona.

Daniels kom ásamt félaga sínum á pallbíl að versluninni, braut þar rúðu og vafði keðju utan um hraðbankann. Síðan óku þeir á hraðbankann til að losa hann frá gólfinu.

Þegar þeir óku burt með hraðbankann var lögreglan komin og elti þá. Félaganum tókst að flýja hlaupandi en Daniels var svo óheppinn að missa gervifótinn. - gb






**SETNING LANDSFUNDAR** Geir H. Haarde setti landsfund Sjálfstæðisflokksins í fyrsta sinn í gær en hann var kjörinn formaður haustið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SAGT OG ÓSAGT**

**Nokkur orð úr ræðu Geirs**

| | |
|---|---|
| Stöðugleiki | 1 |
| Skattalækkanir | 7 |
| Hagvöxtur | 2 |
| Velferð | 19 |
| Steingrímur J. Sigfússon | 2 |
| Menntun | 2 |
| Stjórnarandstaðan | 7 |
| Kaupmáttur | 4 |
| Öryggismál | 1 |
| Framsóknarflokkurinn | 0 |
| Verðbólga | 4 |
| Davíð Oddsson | 1 |
| Umhverfismál | 6 |
| Stóriðja | 1 |
| Jafnrétti | 0 |

# Sjötugir geti unnið án skerðingar lífeyris

**Efnahagur, umhverfi og velferð voru efst á baugi í ræðu Geirs H. Haarde, formanns Sjálfstæðisflokksins, við upphaf landsfundar í gær. Geir vill minnka skerðingar í almannatryggingakerfinu og draga úr skerðingu námslána.**

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, vill minnka sem fyrst almennar skerðingar í almannatryggingakerfinu úr um 40 prósentum í 35 prósent. Einnig vill hann að þeir sem orðnir eru sjötugir geti unnið launaða vinnu án þess að launin skerði lífeyri frá Tryggingastofnun. Þá telur hann eðlilegt að ríkið tryggi öllum lágmarkslífeyri frá lífeyrissjóði, til dæmis um 25 þúsund krónur á mánuði, til hliðar við greiðslur úr almannatryggingakerfinu.

Geir upplýsti um þennan vilja sinn í setningarræðu landsfundar Sjálfstæðisflokksins í Laugardalshöll í gær. Í máli hans kom fram að margt hefði áunnist í velferðarmálum og en á næsta kjörtímabili gæfist svigrúm til frekari aðgerða. Í umfjöllun um menntamál kvaðst Geir telja svigrúm til að draga úr skerðingu námslána vegna eigin tekjuöflunar námsmanna.

Geir tíundaði aðgerðir ríkisstjórnarinnar í skatta- og efnahagsmálum og gaf lítið fyrir gagnrýni stjórnarandstöðunnar í þeim efnum. Sagði hann meðal annars Ísland standast með glans próf um jöfnuð í þjóðfélaginu þó að einhverjir hefðu efnast mjög verulega.

Þeir sem minnst hefðu milli handanna hafi einnig bætt stöðu sína svo um muni. Þá sagði hann tal stjórnarandstöðunnar um hagstjórnarmistök innantómt „þó vissulega hafi þenslan hér af ýmsum ástæðum orðið meiri en ætlað var“. Spurði hann hvort kaupmáttaraukning, niðurgreiðsla skulda ríkissjóðs, full atvinna og hagvöxtur væru hagstjórnarmistök.

Í ræðunni varð Geir tíðrætt um umhverfismál og sagði það trú sjálfstæðismanna að best færi á að einstaklingurinn stjórnaði sér sem mest sjálfur í þeim efnum sem öðrum. Hvetja ætti fólk til að velja umhverfisvæna kosti frekar en að beita aðferðum vinstri manna og setja boð og bönn á lífsvenjur sem fólk hefði vanist.

Geir sendi Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra kveðjur en hann gekkst einnig undir aðgerð á sjúkrahúsi á miðvikudag. Þá þakkaði hann Kjartani Gunnarssyni, framkvæmdastjóra flokksins til 26 ára, óeigingjörn störf. Hylltu fundarmenn Kjartan með því að rísa úr sætum.

Sjálfur var Geir svo hylltur við lok ræðu sinnar með dynjandi lófataki.

bjorn@frettabladid.is

**OPIÐ HÚS HJÁ SVFR**

**Föstudaginn 13. apríl**

**Dagskrá:**

::: Völva Skemmtinefndarinnar spáir fyrir sumarið og meðal þess sem hún upplýsir er:
- hvar verður besta veiðin?
- núllar stjórnin í Norðurá AFTUR?
- hvar veiðist stærsti laxinn?
- hvaða fluga kemur á óvart í sumar?

::: Veiðistaðalýsing – Varmá-Þorleifslækur
::: Nýfundin gömul veiðimynd- í myndinni er Íslandsvininum Art Lee fylgt eftir við veiðar á Íslandi í Elliðaánum, Laxá í Kjós og Laxá í Aðadal.
::: Myndagetraunin á sínum stað
::: Vísubotnakeppni
::: Glæsilegur happahylurinn í boði Ellingsen

ALLIR VELKOMNIR - HÚSIÐ OPNAR KL. 20.00

Ellingsen SVFR

# Stuttur loforðalisti

„Það sem vantaði í ræðuna var eiginlega það sem stóð upp úr. Það er að segja að Geir var ekki með langan loforðalista,“ segir Benedikt Jóhannesson hjá Talnakönnun um setningarræðu Geirs H. Haarde á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í gær.



BENEDIKT JÓHANNSSON

„Það er bæði mjög glæsilegt og djarft hjá stjórnmálaforingja rétt fyrir kosningar að vera ekki að lofa mikið upp í ermina á sér,“ heldur Benedikt áfram.

Bendikt telur orð Geirs um aldraða og öryrkja einnig hafa staðið upp úr í ræðunni. „Ég skildi hann þannig að fólk yfir sjötugu mætti vinna að vild án þess að bætur frá Tryggingastofnun skertust við það. Í þessu gæti falist lítilsháttar þjóðfélagsumbreyting. Hann ræddi einnig breytingar í sömu veru varðandi öryrkja. Þá sagði hann að tryggja ætti þeim sem ættu lítil sem engin lífeyrisréttindi ákveðið lágmark utan lífeyriskerfisins.“ - gar

# Engin stór áætlun

„Þetta var frekar flöt ræða,“ segir Hallgrímur Helgason rithöfundur um setningarræðu Geirs H. Haarde.

„Geir er ekki maður hinna stóru lína, hann er meira í smáatriðunum eins og ræðan bar vitni um. Það var engin stór sýn sem manni finnst að stjórnmálaleiðtogar verði að hafa. Þetta var svolítið eins og ræða manns sem stendur í verkinu miðju og má varla vera að því að lýsa því sem hann er að gera. Geir er eins og flokkurinn - dálítið andlaus.“



HALLGRÍMUR HELGASON

Þá telur Hallgrímur til tíðinda að Geir hafi ekki minnst á Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur: „Það kom á óvart að hann réðist ekkert á Ingibjörgu Sólrúnu heldur bara á Steingrím J. Sigfússon, einan stjórnarandstöðuleiðtoga.“

Hallgrímur segir ræðu Geirs hafa snúist meira um fortíðina en framtíðina. „Það var kannski mest sláandi við þessa ræðu að Sjálfstæðisflokkurinn virðist ekki hafa neinar stórkostlegar áætlanir um nánustu framtíð eins og hann hafði á sínum tíma. Það segir okkur að það er kominn tími til að gefa honum frí.“ - gar

# SEÐLABANKI AVANT ER Á NETINU FÁÐU ÞÉR SEÐIL

## Seðillinn styttir þér leið í bílafjármögnun

Avant Seðillinn er nýjung sem gerir fjármögnun bifreiðakaupa einfaldari og fljótlegri en nokkru sinni fyrr. Þú fyllir út umsókn á avant.is og færð svo sendan Seðil í pósti eftir nokkra daga.

Seðillinn er staðfesting á að þú fáir hagstætt bílalán hjá Avant. Þú ferð einfaldlega með hann á næstu bílasölu og kaupir svona bíl. Þægilegra getur það varla verið!




ENNEMM/SÍA/NM27038

AVANT
Styttu þér leið

Avant er nýtt fyrirtæki á sviði bílafjármögnunar sem byggir á traustum grunni Sjóvá fjármögnunar.

# BESTA VÖRURNAR ÚR Innlit/útlit



EXPRESS MOPPUSKAFT
Þú þarft enga fötu, fyllir bara handfangið með vatni og hreinsiefni!
Ótrúlega einfalt!



ATTRACTIVE RYKKÚSTUR
Afþurrkunarkústur sem afrafmagnar.
Langir þræðir sem ná í afskekktustu kima og skilja ekkert eftir!
Ótrúlega sniðugt!



NABC
Hlutlaus, sótthreinsandi baðherbergishreinsir.
Hentar vel til daglegra þrifa á baðherbergjum.
Hreinsar, sótthreinsar og eyðir lykt.



SparCreme ræstikrem
Frábært til að fjarlægja erfiða bletti, uppsöfnuð óhreinindi, fitu, gúmmíför, kísil og sápuskánir.
Notist á postulín, keramik, ryðfrítt stál o.fl.
Auðvelt að skola og skilur ekki eftir himnu.

BESTA
- hrein fagmennska!

Grundargötu 61 • Grundarfirði
Sími: 430 0000

Brekkustíg 39 • Njarðvík
Sími: 420 0000

Miðási 7 • Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Ármúla 23 • Reykjavík
Sími: 510 0000


Formaður Samfylkingarinnar um hugsanleg álver í Helguvík og á Bakka:

# Rannsóknum verði haldið áfram

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, vill að áfram verði unnið að rannsóknum og úttektum vegna áformaðra álvera við Helguvík á Reykjanesi og Bakka í grennd Húsavíkur við Skjálfanda. Eftir að stækkun álversins í Straumsvík sé komin út af borðinu séu framkvæmdir í Helguvík nærtækastar. „Við teljum að það eigi ekki að ráðast í þær framkvæmdir fyrr en búið er að gera úttekt á þeim náttúrusvæðum sem þar eru undir, bæði á Reykjanesi og Hellisheiði. Og varðandi Húsavík eru í gangi rannsóknir á jarðhitanum á Þeistareykjum. Þær geta haldið áfram og jafnhliða er hægt að vinna úttekt á náttúrufarinu þar.“



**ÁFRAM VERÐI RANNSAKAÐ** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í riti Samfylkingarinnar um efnahagsmál, sem Jón Sigurðsson stýrði, segir að mikilvægt sé að stjórnvöld geri grein fyrir áformum um framkvæmdir á sviði virkjana og stóriðju, svo ekki skapist óþarfa væntingar. Ingibjörg Sólrún segir áform flokks síns í þeim efnum liggja ljós fyrir og því samræmast þeim tilmælum. Þó sé ekki hægt að gefa út nákvæma framkvæmdaáætlun fyrr en rannsóknum sé lokið. „Við leggjum áherslu á að teknar séu upplýstar ákvarðanir um virkjanir og stóriðju.“ Eins sé mikilvægt að ákvarðanir um virkjanir séu teknar á viðskiptalegum forsendum. „Þær verða að standast arðsemiskröfur markaðarins, það á að fjármagna þær sérstaklega og ekki með ríkisábyrgð.“ - bþs

# Þingmenn drepnir í sjálfsmorðsárás

**Tvö alvarleg sprengjutilræði voru gerð í Bagdad í gær. Annað var sjálfsmorðssprengjutilræði í þinghúsinu inni á „græna svæðinu“. Hins vegar var ein af helstu umferðarbrúm borgarinnar eyðilögð með miklu sprengiefni.**

**ÍRAK, AP** Sjálfsmorðssprengjumaður sprengdi sig í loft upp í mötuneyti íraska þingsins í gær, dró tvo þingmenn með sér í dauðann og særði tíu aðra. Árásin var mikið áfall, ekki síst fyrir þá sem bera ábyrgð á öryggismálum á „græna svæðinu“ svonefnda í miðborg Bagdad, en þinghúsið er innan þess.

Þinghússprengingin varð fáeinum tímum eftir að ein af vegbrúm borgarinnar yfir fljótið Tígris var eyðilögð í sprengjutilræði. Miðhluti brúarinnar steyptist í fljótið og nokkrir bílar vegfarenda með er vörubíll fullur af sprengiefni var sprengdur. Að minnsta kosti tíu manns fórust og tugir særðust og slösuðust. Lögregla vann að því að bjarga um 20 manns sem í bílunum voru sem fóru í fljótið. Al-Sarafiya-brúin tengdi súnníhverfið Waziriyah og sjía-hverfið Utafiyah í norðurhluta Bagdad.



**SPRENGD BRÚ** Íraskur hermaður á verði við rústirnar af al-Sarafiya-brúnni í Bagdad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilræðið í mötuneyti þingsins var gert er margir þingmenn sátu að hádegissnæðingi. Auk hinna tveggja látnu særðust átta þingmenn og tveir starfsmenn. Eftir sprenginguna lokuðu öryggisverðir bygginguna og hleyptu engum inn eða út á meðan rannsókn stóð yfir.

Tveir mánuðir eru síðan bandaríska herliðið, í félagi við íraskar öryggissveitir lögreglu og hers, efndi til víðtæks átaks til að bæta öryggisástandið í Bagdad með því meðal annars að láta til skarar skríða gegn þekktum uppreisnarhópum í borginni. Markmiðið með átakinu var að tryggja nægilegan stöðugleika til að íraska ríkisstjórnin fengi svigrúm til að koma í framkvæmd vissum þjóðþrifamálum fyrir lok júnímánaðar. Takist það ekki hafa bandarísku setuliðsyfirvöldin hótað að hætta stuðningi við stjórnina.

Báðir þingmennirnir sem dóu voru súnníar, úr sínum hvorum flokknum.

Khalaf al-Ilyan, einn þriggja leiðtoga súnníaflokksins IAF, sem hefur 44 fulltrúa á þinginu, sagði að tilræðinu væri „beint að öllum – öllum flokkum – þinginu í heild sem tákni og fulltrúa fyrir alla anga írasks þjóðfélags.“

Að sögn Mikhlis al-Zamili úr sjía-flokknum Fadhila voru sex hinna særðu úr flokki herskáa sjía-klerksins Muktada al-Sadr.

Hadi al-Amiri, formaður öryggis- og varnarmálanefndar þingsins, sagði sprengiefni kunna að hafa verið smyglað inn í húsið með birgðum fyrir mötuneytið.

audunn@frettabladid.is

Félagsmálaráðuneytið krefur Mosfellsbæ svara í búsetumáli hjóna í sumarhúsi:

# Bærinn rökstyðji að hjón megi ekki hafa lögheimili í Himnaríki

**SVEITARSTJÓRNIR** Félagsmálaráðuneytið hefur óskað eftir skýringum Ragnheiðar Ríkharðsdóttir, bæjarstjóra í Mosfellsbæ, á því hvers vegna ósk hjóna um skráningu um lögheimili í Mosfellsbæ var hafnað.

Hjónin fluttu í sumarhúsið Himnaríki í Miðdalslandi árið 1996 og hafa tilkynnt búsetu þar á hverju ári síðan en Mosfellsbær hefur hafnað því að þau fái skráð lögheimili þar. Nú vísa hjónin í dóm Hæstaréttar í sambærilegu máli frá 2005. Lögunum var breytt eftir þann dóm og vitnar Mosfellsbær til þeirra.

Félagsmálaráðuneytið hefur nú bent bæjaryfirvöldum á að hjónin hafi sótt um lögheimilisskráninguna áður en nýju lögin tóku gildi. Bærinn þurfi að koma með lögmætar ástæður fyrir því að hafna ósk hjónanna í Himnaríki. Ef slíkar ástæður séu ekki fyrir hendi sé þess vænst að Mosfellsbær eigi frumkvæði að því að Þjóðskrá afgreiði flutningstilkynningu þeirra.



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR** Bæjarstjórinn í Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjónin hafa ítrekað sagst munu afsala sér rétti til allrar þjónustu frá bæjarfélaginu fái þau búsetuleyfið. „Við viljum halda því fram að á okkur hafi verið brotin lög, þar með talin stjórnsýslulög. Við förum fram á leiðréttingu og löglega meðferð,“ segja hjónin í Himnaríki bréfi til félagsmálaráðuneytisins. - gar




# HELENA RUBINSTEIN DAGAR Í DEBENHAMS 12. – 18. APRÍL

Kynntir verða nýju vorlitirnir, WEEKEND BEAUTY IN SICILY. Fallegir litir við allra hæfi. Komdu og fáðu nýjar hugmyndir varðandi förðun.

EINNIG KYNNUM VIÐ:

- Wanted Eyes nýja augnskugga sem eru einstaklega mjúkir og fáanlegir í fjölda fallegra lita.
- Wanted Shine nýja, hálfþekjandi glossvaraliti.
- Skin Life Repair, nýtt einstakt krem sem nærir þurra, hrjúfa og brothætta húð.
- Spectacular farðann sem endist nú enn lengur óbreyttur á húðinni.
- Prodigy Tissular serumið sem vinnur á öllum þáttum öldrunar.

Komdu með þessa auglýsingu á Helena Rubinstein daga og þú færð mini - LASH QUEEN, einn vinsælasta maskara landsins.*

Láttu sérfræðinga Helena Rubinstein finna réttu vörunar fyrir þína húð og þínar þarfir.

**Glæsilegir kaupaukar fylgja með kaupum á Helena Rubinstein vörum yfir 5.500 kr.**

*á meðan birgðir endast.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!



**HALDA Á LOFTI APPELSÍNUGULU** Stuðningsmenn „Okkar Úkraínu“, flokks Viktors Jústsjenkós forseta, halda á lofti appelsínugulum fánum á útifundi í Kíev. Jústsjenkó hefur leyst upp þing og boðað kosningar en þingmeirihlutinn neitar að hlíta því. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mál Jónasar Garðarssonar, fyrrverandi formanns Sjómannafélags Reykjavíkur:

# Tekið fyrir í Hæstarétti 20. apríl

**DÓMSMÁL** Mál ákæruvaldsins gegn Jónasi Garðarssyni, fyrrverandi formanni Sjómannafélags Reykjavíkur, verður tekið fyrir í Hæstarétti 20. apríl næstkomandi.

Jónas var dæmdur í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi 6. júní í fyrra og því hefur meðferð málsins fyrir dómi tekið nokkurn tíma. Það er þyngsti dómur sem fallið hefur hér á landi fyrir manndráp af gáleysi.

Jónas var dæmdur fyrir að stýra skemmtibátnum Hörpu undir áhrifum áfengis á Skarfasker á Viðeyjarsundi í september 2005 með þeim afleiðingum að Matthildur Harðardóttir og Friðrik Á. Hermannsson létu lífið. Jónas og kona hans slösuðust illa en tíu ára gamall sonur þeirra slapp ómeiddur.

Jónas hélt því fram fyrir dómi að Matthildur hefði verið við stýrið þegar slysið varð. Héraðsdómur hafnaði því alfarið og sagði Jónas hafa „gert sig sekan um það óskaplega tiltæki“ að ljúga því upp á látna konu að hafa stýrt bátnum. Taldi dómurinn óyggjandi sannanir sýna fram á að enginn annar hefði getað stýrt bátnum er slysið varð.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hafa eignir Jónasar, meðal annars fyrrnefndur skemmtibátur, verið kyrrsettar. Jónasi var gert að greiða aðstandendum Matthildar og Friðriks um tíu milljónir króna í skaðabætur, en þeir kröfðust um tuttugu milljóna. - mh



**JÓNAS Á SKEMMTIBÁTI** Jónas sést hér við smábátahöfn Snarfara er dómarar kynntu sér innanstokksmuni í skemmtibáti, sambærilegum þeim er steytti á Skarfaskeri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hraðakstur í Reykjanesbæ:

# Gefið í í grennd við skólann

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði fjóra ökumenn fyrir of hraðan akstur á Skólavegi í Reykjanesbæ í gær. Hámarkshraði í götunni er þrjátíu kílómetrar á klukkustund en sá sem hraðast ók var á 85 kílómetra hraða.

Að sögn lögreglu hefur verið mikið um hraðakstur í götunni. Ökumenn virða ekki hámarkshraða jafnvel þótt grunnskóli sé í næsta nágrenni.

Ökumaðurinn sem ók á 85 kílómetra hraða var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Hann á von á því að missa prófið í þrjá mánuði. Hinir þrír óku á fimmtíu til sextíu kílómetra hraða. - þo

Dómsmál vegna Íraksstríðs:

# Máli gegn Fogh vísað frá dómi

**DANMÖRK** Eystri landsréttur í Danmörku vísaði á miðvikudag frá máli gegn Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra, sem félagsskapurinn Grundlovskomiteen („Stjórnarskrárnefndin“) átti frumkvæði að. Lögsóknin byggðist á því að forsætisráðherrann og ríkisstjórnin hefðu leitt þjóðina út í ólöglegt stríð í Írak, með virkri þátttöku danskra hermanna án umboðs frá Sameinuðu þjóðunum.



**ANDERS FOGH RASMUSSEN**

Málinu var vísað frá á þeirri forsendu að ákvörðunin um þátttöku í innrásinni í Írak snerti ekki ákærendurna 26 meira en aðra almenna borgara í landinu.

Forsvarsmenn ákærendahópsins segjast munu áfrýja úrskurðinum til hæstaréttar, að því er segir á fréttavef Politiken. - aa

**SKAGAFJÖRÐUR**

### Frímúrar fá afslátt

Frímúrarastúkan Mælifell í Skagafirði fær samkvæmt ákvörðun byggðaráðs felld niður sjötíu prósent af fasteignagjöldum vegna félagsheimilis síns í Borgarmýri. Frímúrarar sóttu um styrk til greiðslu gjaldanna með vísan í það lagaákvæði að safnahús séu undanþegin fasteignagjöldum.

# Milljarði króna hefur verið varið til veiða á mink

**Ríki og sveitarfélög hafa varið rúmlega milljarði króna að núvirði til minkaveiða á undanförnum áratugum. Dýravistfræðingur telur útilokað að eyða minknum. Stofninn hefur þrefaldast þrátt fyrir veiðarnar.**

**UMHVERFISMÁL** Rúmum milljarði króna hefur verið varið til minkaveiða á Íslandi á síðustu áratugum. Fyrstu rannsóknir á stofnstærð minksins hófust á vegum umhverfisráðuneytisins á þessu ári. Dýravistfræðingur segir þær nauðsynlegar til að hægt sé að minnka stofninn. Óskipulegar veiðar hafa verið stundaðar í sjö áratugi, lengst af á ábyrgð ríkisins, án upplýsinga um hvort veiðarnar hafi haft nokkur áhrif.

Guðmundur A. Guðmundsson, dýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, telur að það fjármagn sem hefur verið varið til veiðanna sé í raun sóað almannafé, sérstaklega í ljósi þess að vísbendingar séu um að minkastofninn hafi stækkað mikið á þeim tíma sem veiðar hafa verið stundaðar. „Ég hef bent á að rannsóknir verði að vera til hliðsjónar til að meta árangur veiða en til þess þarf fjármagn. Til að fá fjármagn þarf skilning og hann hefur ekki verið til staðar.“ Guðmundur telur ekki mögulegt að útrýma mink úr náttúru Íslands. „En það er hægt að halda honum niðri svæðisbundið með miklu átaki. Það er mjög dýrt og aldrei má slaka á því þá stækkar stofninn um leið aftur.“

Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins, telur ekki að fjármagni til minkaveiða hafi verið sóað. „Á vissum svæðum hefur verið staðið þannig að málum að mink hefur verið haldið nær algjörlega niðri en veiðarnar hafa ekki tekist jafnvel alls staðar. Það má setja fram spurningar um hvernig hefur verið staðið að skipulaginu hjá sveitarfélögunum sem bera ábyrgð á framkvæmdinni.“ Spurður hvort ekki hefði verið ástæða til að hefja rannsóknir fyrr og hvort fjármagni hefði verið betur varið í upplýsingaöflun en veiðar segir Magnús að vissulega sé hægt að vera því sammála að hefja hefði átt rannsóknir fyrr. „En við erum að gera þetta núna og það ber að virða það.“

> „Ég hef bent á að rannsóknir verði að vera til hliðsjónar til að meta árangur veiða en til þess þarf fjármagn. Til að fá fjármagn þarf skilning og hann hefur ekki verið til staðar.
>
> **GUÐMUNDUR A. GUÐMUNDSSON DÝRAVISTFRÆÐINGUR HJÁ NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN.**

Umhverfisráðuneytið hefur ákveðið að árin 2007-2009 verði gerð tilraun til að útrýma mink á Snæfellsnesi og við Eyjafjörð. Niðurstöður verkefnisins verða notaðar til að marka framtíðarstefnu um minkaveiðar og stjórn þeirra. Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins er um 160 milljónir króna. Undanfarin ár hefur kostnaður við minkaveiðar verið um fjórtíu milljónir á ári.

svavar@frettabladid.is



**MINKABANI** Reynir Bergsveinsson er einn afkastamesti minkabani landsins. Hann veiðir mink í gildru sem hann hannaði sjálfur og kallar minkasíu. MYND/GUNNAR BENDER





NÝTT DEILISKIPULAG OG HÖFUÐSTÖÐVAR – KOMDU OG SKOÐAÐU TILLÖGURNAR

Í tilefni af úrslitum í samkeppni um deiliskipulag og nýjar höfuðstöðvar Glitnis efnum við til sýningar á þeim fjörutíu og tveim tillögum sem bárust.

Sýningin er í nýju stúkunni við Laugardalsvöllinn og stendur til 22. apríl.

Komdu og kynntu þér vinningstillöguna auk annarra fjölbreyttra og skapandi hugmynda um deiliskipulag og höfuðstöðvar á Kirkjusandi.

**Sérstakur kynningarfundur fyrir íbúa hverfisins 23. apríl kl. 20.**

**Opið:**
**Virka daga** kl. 16–19
**Laugardag og sunnudag** kl. 13–18
**Sumardaginn fyrsta** kl. 13–18

GLITNIR



## Landshlutamiðstöðin Egilsstaðir

Í greinargerð sem Land-ráð sf. hefur unnið fyrir samgönguyfirvöld, „Áhrifasvæði höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða“, kemur í ljós að Egilsstaðir eru sannkallaðar krossgötur verslunar og þjónustu á Austurlandi. Niðurstöðurnar sýna að þjónustusvið Egilsstaða er mjög víðfeðmt og nær allt frá Hornafirði til Öxarfjarðar. Þannig segjast 92% Austfirðinga helst sækja þjónustu til Egilsstaða, 36% íbúa Austur-Skaftafellssýslu og 31% íbúa Norður-Þings. Það er því ljóst að mikil tækifæri liggja í uppbyggingu á fjölbreyttri þjónustu á Egilsstöðum.

## Vaxandi sveitarfélag

Mikill uppgangur á sér nú stað á Egilsstöðum og nágrenni. Íbúum fjölgar hratt og í dag eru um 200 íbúðir í byggingu og fyrirhugað að byggja aðrar 200 á næstu 2–3 árum.

# Nýr miðbær á Egilsstöðum

fljotsdalsherad.is

Fiton/SÍA

## Einstakt tækifæri til uppbyggingar

Deiliskipulag fyrir nýjan miðbæ á Egilsstöðum var samþykkt í febrúar 2006 í kjölfar hugmyndasamkeppni sem Fljótsdalshérað efndi til um skipulag á miðbæjarsvæðinu. Í gegnum hinn nýja miðbæ liggur göngugata, „Strikið“, sem verður aðalslagæð fjölbreyttrar verslunar og þjónustu þar sem mannlíf getur blómstrað á góðviðrisdögum. Markmiðið er að á Egilsstöðum rísi öflugur og samkeppnishæfur miðbær sem þjóni landsfjórðungnum öllum.

## Byggingaraðilar, fjárfestar og fyrirtæki

Fljótsdalshérað auglýsir eftir byggingaraðilum, fjárfestum og fyrirtækjum sem vilja taka þátt í uppbyggingu hins nýja miðbæjar. Skipulögð eru svæði fyrir íbúabyggð, verslun og þjónustu. Óskað er eftir umsóknum um lóðir til uppbyggingar innan ramma skipulagsins. Við mat á umsóknum vegur fjárhagslegur og faglegur styrkur til að ljúka framkvæmdum á skömmum tíma þungt. Einnig verður haft að leiðarljósi hve vel uppbyggingin fellur að skipulaginu og hversu jákvæð áhrif fyrirhuguð starfsemi er líkleg til að hafa á umhverfi og mannlíf í miðbænum.



- Þjónustukjarni
- Víðfeðmasta hérað landsins
- Krossgötur Austurlands
- Veðraparadís
- Einstæð náttúrufegurð
- Blómleg menning

## Umsóknir

Umsóknir skulu berast til Hugrúnar Hjálmarsdóttur, Verkfræðistofu Austurlands, Kaupvangi 5, 700 Egilsstöðum, eigi síðar en 15. maí 2007. Fyrirspurnum svarar Hugrún Hjálmarsdóttir verkefnisstjóri, hugrun@verkaust.is, sími 471 1551. Deiliskipulag miðbæjarins á Egilsstöðum ásamt greinargerð má finna á www.egilsstadir.is.

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstöðum - sími 4 700 700 - www.fljotsdalsherad.is



**ÚLFALDAR Í ZÜRICH** Husun heitir þetta nýfædda úlfaldafolald í dýragarðinum í Zürich í Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fídel Castro Kúbuleiðtogi skrifar bréf af sjúkrabeði sínum:

# Fordæmir lausn kúbversks útlaga

**KÚBA, AP** Fídel Castro Kúbuleiðtogi fordæmdi af sjúkrabeði sínum ákvörðun dómstóls í Texas í Bandaríkjunum að láta kúbverska útlagann Luis Posada Carriles lausan gegn tryggingu. Sakaði Castro bandarísk yfirvöld um að ætla að gefa „skrímsli“ frelsi.

Þessi viðbrögð Castros við dómsúrskurðinum komu í bréfi sem dreift var af fulltrúum kúbverska utanríkisráðuneytisins eftir að dómarinn hafnaði því að endurskoða fyrri ákvörðun sína að heimila lausn Posada. Hann er eftirlýstur á Kúbu vegna sprengjutilræðis í kúbverskri farþegaþotu árið 1976, sem kostaði 73 manns lífið. Posada, sem starfaði á þeim tíma fyrir bandarísku leyniþjónustuna CIA, neitar sök. Posada hefur verið í haldi í Nýju-Mexíkó og Texas, sakaður um að hafa logið að innflytjendayfirvöldum er hann sótti um varanlegt dvalarleyfi í Bandaríkjunum.

Bréfið var það þriðja sem frá Castro kemur á skömmum tíma, en hann hefur ekki sést opinberlega í yfir átta mánuði. - aa



**Í INNFLYTJENDAFANGELSI** Luis Posada Carriles sést hér í innflytjendafangelsi í Texas í janúar sl. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eistneska þingið:

# Málvernd sett í stjórnarskrána

**TALLINN, AP Eistneska þingið samþykkti í gær stjórnarskrárbreytingu sem á að styrkja stöðu eistneskrar tungu. Samþykkt var að breyta inngangi stjórnarskrár landsins til að „leggja áherslu á eistneska tungu sem undirstöðu eistneskrar menningar og forsendu þjóðarvitundar“.**

**Tonis Lukas menntamálaráðherra sagði breytinguna mikilvæga til að vernda tungumálið, sem um ein milljón manna talar.**

**„Í alþjóðlegu samhengi er eistnesk tunga eins og fjöður,“ sagði Lukas. „Ef við ræktum hana ekki vel þá hverfur hún einn daginn.“** - gb

GILDI lífeyrissjóður

ÁRSFUNDUR 2007

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel, Reykjavík miðvikudaginn 25. apríl 2007 kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillaga til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Tillaga um hækkun réttinda.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og er einnig að finna á heimasíðunni, www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Reykjavík 10. apríl 2007,

*Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.*

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

TUNGLIÐ



**Í OPNUM GRUNNI Í KEFLAVÍK** Aðsóknin var svo mikil um páskana að fyrirtækið neyddist til þess að geyma bílana úti undir beru lofti í gömlum húsgrunni í Keflavík.

Bílahús Alex yfirfylltist um liðna páska:

# Tugir bíla í grunni

**REYKJANESBÆR** Tugir bíla, sem voru í geymslu hjá Alex bílageymslu á Keflavíkurflugvelli, voru geymdir í gömlum opnum húsgrunni við Iðavelli í Keflavík um páskana. Guðmundur Þórir Einarsson, framkvæmdastjóri Alex, segir að bílarnir hafi verið látnir standa úti því að öll stæði fyrirtækisins hafi verið yfirfull.

„Páskarnir eru stærsta ferðahelgin á árinu. Við fengum orðsendingu um að búa okkur undir að allt myndi springa og tilkynntum skýrum stöfum á sjálfsafgreiðsluborði okkar í Flugstöðinni að við áskildum okkur rétt til að láta bíla standa úti á mestu álagstímum,“ segir hann.

„Við þurftum að láta bíla standa úti, suma í tvo sólarhringa, meðan létti á um páskana,“ segir Guðmundur og bætir við að vörður hafi fylgst með bílunum enda hafi þeir verið aðeins í nokkurra hundruð metra fjarlægð.

Halldór R. Halldórsson á BMW sem var í gæslu hjá Alex um páskana. Hann segist hafa reiknað með að bíllinn yrði geymdur undir þaki en þess í stað stóð hann í grunninum við Iðavelli. „Ég er ekki búinn að borga fyrir þjónustuna en veit núna hvað ég á að borga. Ég á ekki að borga neitt,“ segir Halldór.

Jóhann Óskarsson, vaktstjóri hjá Securitas, segir að allir bílar sem hafi verið settir í geymslu hjá Securitas hafi rúmast á stæðum innan girðingar, alls yfir tvö þúsund bílar. - ghs

V O X
RESTAURANT/BISTRO

NÝR OG SPENNANDI BISTRO-SEÐILL

fyrir sanna sælkera

VOX Bistro er með nýjan matseðil þar sem boðið er upp á mikið úrval af ferskum og spennandi réttum. Lögð er áhersla á afslappað andrúmsloft, þægilega þjónustu og gott verð.

VOX Restaurant er fullkominn veitingastaður fyrir þá sem unna góðum mat, fínu víni og fáguðu umhverfi. Í boði er a la carte matseðill þar sem sérhver réttur er einstök upplifun.

Njóttu þess að gæða þér á gómsætum mat á VOX Bistro eða VOX Restaurant, Nordica hotel.

www.vox.is S. 444 5050

VOX Bistro
Opið alla vikuna
11.30 - 22.30

VOX Restaurant
Opið þri.-lau.
18.30 - 22.30

Nordica hotel
Suðurlandsbraut 2
vox@vox.is

ENNEMM / SÍA / NM26724

DÆMI AF BISTRO-SEÐLI:

LÉTTIR RÉTTIR
Sesarsalat 810 kr. / 1.270 kr.
Romaine salat, kjúklingur, brauðkruður, parmesanostur
Andalæri 1.250 kr.
Sultað með appelsínugljáa, klettasalat
Norrænn tapas 1.650 kr.
Rækjur, birkireyktur lax, síld, kavíar, rúgbrauð

AÐALRÉTTIR
Nautalundir 2.900 kr.
Bernaise, franskar, romaine salat
Hlýri 1.850 kr.
Bygg, rauðvínssósa, rótargrænmeti
Nordica club 1.750 kr.
Kjúklingur, beikon, franskar









Mitsubishi Outlander hefur verið endurhannaður frá grunni. Útkoman er einhver glæsilegasti sportjeppi sem sést hefur. Og útlitið segir ekki allt, því það er urrandi kraftur í DI-D dísilvélinni og byltingarkenndur drifbúnaðurinn kemur þér í jeppagírinn þegar þess þarf.

- Öflug og sparneytin 140 hestafla DI-D dísilvél (eyðsla 6,9 l í blönduðum akstri)
- Sérhannað Rockford hljóðkerfi
- Frábært 7 sæta innra rými
- 18" álfelgur
- Leðurinnrétting
- Sóllúga og þakbogar
- Mikil veghæð

2WD 4WD LÆSING

Aftengjanlegt fjórhjóladrif

MITSUBISHI MOTORS

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172–174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



Ferskir bitar
ALLAR Bónusvörur:
25%
afmælisafsláttur
við kassann
Læri/leggir
kílóverð nú:
298 KR.
Verð fyrir afslátt 398KR.
EKKERT BRUÐL
25% afmælisafsláttur
ALLAR Bónusvörur:
25%
afmælisafsláttur
við kassann
Skinka-kílóverð
546 KR.
Verð fyrir 25% afslátt 728KR.
Hangiálegg-kílóverð
1759 KR.
Verð fyrir 25% afslátt 2345KR.
Skinka reykt-kílóverð
625 KR.
Verð fyrir 25% afslátt 833KR.
Kílóbrauð
97 KR.
Verð fyrir 25% afslátt 129KR.
1 lítri appelsínusafi
59 KR.
Verð fyrir 25% afslátt 79KR.
Bónus býður betur!
EKKERT BRUÐL
SALERNISPAPPÍR
9 rúllur
9 WC rúllur
299 KR.
Verð fyrir 25% afslátt 399KR.
Appelsínusafi 1 lítri
109 KR.
Verð fyrir 25% afslátt 145KR.
Florida
Ferskur appelsínusafi
ALLAR Bónusvörur:
25%
afmælisafsláttur
við kassann
XXL 3risarúllur
224 KR.
Verð fyrir 25% afslátt 298KR.
3 trölla rúllur
SMYRILL
og brauðið verður betra
Smyrill 400g
74 KR.
Verð fyrir 25% afslátt 98KR.
ERAN/Landlist


Vængir
kílóverð nú:
149 KR.
Verð fyrir 25% afslátt 198KR.
ALLAR Bónusvörur:
25%
afmælisafsláttur
við kassann
18
Bónus í átján ár!
EKKERT BRUÐL
Bringur
íslenskar og ferskar
Kílóverð nú:
1398 KR.
Verð fyrir afslátt 1864KR.
af Bónusvörum!
ALLAR Bónusvörur:
25%
afmælisafsláttur
við kassann
BÓNUS
Raspaðir ýsubitar 800g
492 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:656KR.
BÓNUS
FISKINAGGAR
Raspaðir ýsunaggar 800g
492 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:656KR.
Nýtt kortatímabil!
4 XXL brauð
59 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:79KR.
ALLAR Bónusvörur:
25%
afmælisafsláttur
við kassann
BÓNUS
FRANSKAR
1500 gr.
1.5 kg franskar
209 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:279KR.
Innkaupataska Bónuss er vistvæn lausn fyrir meðvitað fólk
BÓNUS
Hamborgarar 115 gr
10 x 115g ungnautaborgarar
975 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:1298KR.
400 ml hamborgarasósa
105 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:139KR.
10 Bónus vínarpylsur í pakka - verð um:
210 KR.
Kílóverð áður 506KR. -kílóverð nú 422KR.
ALLAR Bónusvörur:
25%
afmælisafsláttur
við kassann
BÓNUS
Létt Hamborgarasósa
400ml
BÓNUS
ALLAR Bónusvörur:
25%
afmælisafsláttur
við kassann
Úrvals íslenskar Bónusvörur
BÓNUS

## Yfirkjörstjórn í Suðurkjördæmi tilkynnir:

Framboðsfrestur til alþingiskosninga 12. maí 2007 rennur út hinn 27. apríl 2007, kl. 12 á hádegi.

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis tekur á móti framboðslistum föstudaginn 27. apríl 2007, kl. 10:00-12:00 á skrifstofu Héraðsdóms Suðurlands að Austurvegi 4 á Selfossi.

Á framboðslistum skulu vera nöfn 20 frambjóðenda, hvorki fleiri né færri.
Tilgreina skal skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili. Listanum skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra frambjóðenda um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann.

Þá skal fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann og fyrir hvaða stjórnmálasamtök listinn er borinn fram frá kjósendum í Suðurkjördæmi. Fjöldi meðmælenda skal vera 300 hið fæsta, en 400 hið flesta. Við nöfn meðmælenda skal greina kennitölu og heimili.

Loks skal fylgja framboðslista skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Framboðslistar verða úrskurðaðir á fundi yfirkjörstjórnar sem haldinn verður á sama stað, laugardaginn 28. apríl 2007, kl. 11:00.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 12. maí 2007 verður aðsetur yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis í Fjölbrautarskóla Suðurlands á Selfossi og þar fer fram talning atkvæða.

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis 12. apríl 2007

*Karl Gauti Hjaltason*
*Sigurjón Erlingsson* *Ellert Eiríksson*
*Þórir Haraldsson* *Sigurður Ingi Andrésson*





Félagsmálaráðherra vill skoða löggjöf til að leysa úr greiðsluerfiðleikum:

# Skuldarar losni úr vítahringnum

**VELFERÐARMÁL** Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra vill skoða kosti þess að setja sérstaka löggjöf um úrræði vegna greiðsluerfiðleika. Þetta kom fram í ávarpi ráðherrans á ársfundi Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Magnús sagði í ávarpi sínu að löggjöf um skuldaaðlögun hefði marga kosti í för með sér, bæði fyrir skuldarann, kröfuhafann og samfélagið í heild og benti á góða reynslu Norðmanna í þessum efnum. Ásta Sigrún Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu, tekur í sama streng. „Við erum hið eina Norðurlandanna sem er ekki með þessa löggjöf en nú hefur verið skipuð nefnd til þess að vinna drög að frumvarpi svo við getum verið bjartsýn,“ segir Ásta.

Einstæðar mæður voru í meirihluta þeirra sem leituðu til Ráðgjafamiðstöðvarinnar í fyrra. Þá bar einnig mikið á einstæðum karlmönnum sem margir hverjir voru í vandræðum vegna hárra meðlagsskulda. Lágar tekjur, offjárfesting og veikindi voru helstu ástæður greiðsluerfiðleika.

„Fólk sem er í miklum örðugleikum lendir í öngstræti eins og kerfið er núna. Með nýrri löggjöf yrði auðveldara að losna úr vítahringnum. Heimilisréttur yrði meðal annars tryggður og skuldarinn fengi að halda eftir lágmarki tekna sinna til að sjá sér farborða,“ segir Ásta. -þo


MAGNÚS STEFÁNSSON


ÁSTA SIGRÚN HELGADÓTTIR

Stúlkur og drengir á 16. aldursári hafa ólíkar hugmyndir um framtíðarstörf sín:

# Áfram kynbundið starfsval

**RANNSÓKN** Fátt bendir til þess að kynbundið starfsval sé á undanhaldi ef marka má rannsókn sem Námsgagnastofnun vann fyrir Samtök atvinnulífsins um hugmyndir 15 ára ungmenna um framtíðarstörf.

Almar M. Halldórsson, verkefnisstjóri hjá Námsmatsstofnun, segir að staðalímyndir um hlutverk kynjanna kunni að hafa áhrif á val barnanna. Þannig segjast afar fáar stúlkur ætla að verða iðnaðarmenn og strákum í hjúkrunarfræði fer ekki fjölgandi. Á heildina litið virðast strákarnir síður tilbúnir til þess að fara í hefðbundin kvennastörf. Stúlkurnar sækja hins vegar í að verða læknar, bændur, flugmenn og arkitektar sem áður voru karlastörf.

„Stúlkurnar virðast mjög metnaðarfullar og það er í takt við þá þróun sem verið hefur í háskólunum undanfarin ár,“ segir Almar en samkvæmt rannsókninni ætla 65 prósent allra stúlkna að verða sérfræðingar.

„Það er athyglisvert að skoða þessar niðurstöður með hliðsjón af námsárangri kynjanna. Stúlkunum gengur almennt betur í námi og það skilar sér í auknum metnaði. Nú ætla til dæmis 11,6 prósent allra stúlkna að verða læknar meðan aðeins 1,9 prósent ætla að verða hjúkrunarfræðingar,“ segir Almar - þo


**HEILBRIGÐISGEIRINN ER VINSÆLL** Ungar stúlkur stefna nú frekar á að verða læknar en hjúkrunarfræðingar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY






# TEKJUVERND

**– brúar bilið milli núverandi tekna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir áföllum sem valda launamissi**

Kannaðu málið og bókaðu fund hjá ráðgjafa á kaupthing.is
eða í næsta útibúi Kaupþings.

KAUPÞING

## „ORÐRÉTT“

### *Ekkert stuð*

**„Leiðindi eru ekki eftirsóknarverð þótt þau séu lýðræðisleg.“**

DR. GUNNA FINNST FÁTT LEIÐINLEGRA EN KOSNINGAFUNDIR FJÖLMIÐLANNA ÞAR SEM STJÓRNMÁLAMENN „TAKAST Á“.

**Fréttablaðið 11. apríl**

### *Fer ekki með veggjum*

**„Ef ég væri það þá verðurðu áreiðanlega var við það þegar að því kemur.“**

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON, SPURÐUR UM HVORT HANN VÆRI Á LEIÐINNI Í FRAMBOÐ FYRIR ÍSLANDSHREYFINGUNA.

**Blaðið 11. apríl**

*nær og fjær*

**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ

# *Baugsmálið að teiknimyndasögu*



„Heyrðu, skemmtilegt frá því að segja. Ég er að fara að gefa út bók í næstu viku, þannig að hún kemur einmitt út í viku bókarinnar,“ segir Óttar M. Norðfjörð, heimspekingur og rithöfundur.

Fyrsta bindi Óttars af ævisögu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, „Hannes – nóttin er blá, mamma,“ vakti mikla athygli á síðasta ári og endaði í efstu sætum metsölulistanna. Óttar segist ekki í neinum vafa um að næsta bók hans veki viðlíka athygli.

„Þetta er teiknimyndasaga sem heitir Jón Ásgeir og afmælisveislan. Eins og nafnið gefur til kynna fjallar hún um fertugsafmæli Jóns Ásgeirs og verður víða við komið í frásögninni. Til að mynda er Davíð Oddsson á gestalistanum og aldrei að vita nema Baugsmálið verði gert upp í eitt skipti fyrir öll.

Ég á ekki von á öðru en að fólk flykkist í verslanir til að kaupa þetta verk. Það vita allir að afmælisveislur ríka fólksins eru kostulegar.

Annars er ekki mikið annað að frétta af mér. Ég er bara atvinnulaus og svona. Reyni að fylgjast með umræðum um kosningarnar en hrökklast alltaf frá. Aldrei man ég eftir því að leiðtogar flokkanna hafi vakið með manni jafn mikinn aulahroll og þeir gera nú.“

## GEISLADISKUR: ORÐINN 25 ÁRA



Geisladiskurinn fagnar 25 ára afmæli sínu síðar á þessu ári en fyrsti diskurinn kom á markað í Asíu árið 1982. Philips og Sony höfðu unnið að þróun geisladisksins frá árinu 1979 en hugmyndin var þó síður en svo ný af nálinni. Geisladiskurinn var í fyrstu hugsaður sem arftaki vínylplötunnar og það var ekki fyrr en síðar sem menn sáu möguleikann á að nota geisladiskinn til þess að geyma gögn. Geisladisknum var vel tekið í tónlistarheiminum og ekki leið á löngu þar til geisladiskurinn ruddi gömlu vínylplötunum úr vegi.

## SJÓNARHÓLL

**LÍFLEGUR UPPGANGUR Í FASTEIGNAVIÐSKIPTUM Í EYJUM**

# *Göng óraunhæfur kostur*



**MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Pfaff.

„Ég bjó og vann í fiski í Vestmannaeyjum í tvö sumur og hef alltaf taugar til Eyja,“ segir Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff. „Það eru miklar gleðifréttir að uppgangur sé úti á landsbyggðinni því að þaðan berast oft miklu verri fréttir en af höfuðborgarsvæðinu og í mörgum tilvikum losnar fólk í rauninni ekki við þær eignir sem það á. Það er því mjög ánægjuleg þróun að fasteignamarkaðurinn í Vestmannaeyjum sé orðinn svona líflegur.

Mér finnst slæmt ef þessi þróun byggist bara á loforðum stjórnmálamanna. Allir vita að kosningar fara í hönd og oft rætast ekki loforð sem eru gefin stuttu fyrir kosningar. Ég vona að þetta byggi á traustum grunni. Út í Eyjar er oft erfitt að komast fljúgandi og kannski ekki það skemmtilegasta að fara með Herjólfi. Bæta þarf samgöngurnar og þá helst hafnaraðstöðuna í Bakka. Göng eru óraunhæfur kostur.“

# Þurftu að hugsa lífið upp á nýtt

**Heimildarmyndin Tímamót verður frumsýnd í Háskólabíói á sunnudag en í henni er sögð saga þriggja þroskaheftra manna sem standa á krossgötum í lífinu.**



**GUÐJÓN, SIGURBJÖRN OG STEINÞÓR** Tilvera þeirra tók kúvendingu fyrir þremur árum þegar þeir fluttu af vistheimilinu sem þeir höfðu búið á áratugum saman og í eigin íbúðir.

Guðjón, Sigurbjörn og Steinþór höfðu búið á Tjaldanesheimili í Mosfellsdal í áratugi þegar ákveðið var að loka heimilinu fyrir þremur árum, sökum lélegs húsakosts. Í staðinn fluttu þeir hver í sína íbúðina. Guðmundi Erlingssyni, starfsmanni á Tjaldanesi, datt í hug að fylgjast með breytingunum í lífi þremenninganna og fékk Herbert Sveinbjörnsson til liðs við sig til að búa til heimildarmynd.

„Ég þekkti þá alla mjög vel og vissi að þetta yrðu mjög dramatískar breytingar á þeirra högum,“ segir Guðmundur. „Þeir höfðu búið í einangruðu og vernduðu umhverfi uppi í sveit í nokkra áratugi og áttu nú að flytja í bæinn og búa innan um annað fólk. Þeir þurftu í rauninni að hugsa allt lífið upp á nýtt og vera sjálfstæðari en þeir höfðu áður verið.“



**GUÐMUNDUR OG HERBERT** Fylgdust með þremenningunum í þrjú ár og hvernig þeim reiddi af. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Guðjón, Sigurbjörn og Steinþór voru boðnir og búnir að taka þátt í myndinni og næstu þrjú ár fylgdust Guðmundur og Herbert með hvernig þeim reiddi af. „Þeir tóku nýju lífi mjög vel og hafa blómstrað eftir að þeir fluttu,“ segir Guðmundur. „Þeir eru orðnir mjög sjálfbjarga, kaupa sjálfir inn, fara í bíó og heimsóknir þegar þeim sýnist. Þetta breytti sannarlega miklu fyrir þá.“

Hann segir myndina líka segja stærri sögu um aðbúnað þroskaheftra á Íslandi. „Málefni þroskaheftra hafa breyst mikið á undanförnum tuttugu árum, til dæmis er sjálfstæð búseta orðin mun algengari en áður. Þessir menn eru um fimmtugt og af kynslóð sem fór á mis við þessa þróun, í myndinni fylgjumst við með hvernig þeir í rauninni stökkva inn í nútímann. Þannig endurspeglar myndin þær miklu breytingar sem hafa orðið á stuttum tíma í þessum málaflokki.“

Guðmundur segir tilgang myndarinnar ekki síst þann að minnka fordóma í garð þroskaheftra. „Ég held hún veiti nánari innsýn inn í þeirra heim en áður hefur sést hér á landi, áhorfandinn er eins og fluga á vegg og sér að Guðjón, Sigurbjörn og Steinþór eru eins og hvert annað fólk.“

**bergsteinn@frettabladid.is**




20% AFSLÁTTUR

Viðskiptavinir Glitnis fá 20% afslátt af almennu miðaverði ef greitt er með greiðslukorti Glitnis

GLITNIR

Gildir ekki í lúxus VIP og ekki á önnur tilboð



**Á TÓNLEIKUM** Kay Wiggs kórstjóri er hér í forgrunni á tónleikum kórsins í Norfolk í Virginíuríki.

Kirkjukór á tónleikaferðalagi um Bandaríkin:

# Þetta var æðislegt

„Þetta var yndislegt ferðalag og alls staðar tóku heimamenn okkur mjög vel,“ segir Kay Wiggs, kórstjóri Kirkjukórs Staðastaðar, Búða og Hellna á Snæfellsnesi, sem er nýkomin úr níu daga tónleikaferðalagi um Bandaríkin.

Kay er borinn og barnfædd í bænum Selmu í Norður-Karólínuríki en hefur búið á Íslandi síðan 1979. „Ég kom hingað til að gerast skólastjóri tónlistarskólans á Hellissandi. Þar kynntist ég manninum mínum og hef búið hér allar götur síðan,“ segir hún.

Fyrir tveimur árum fóru söngsystkin hennar í kórnum þess á leit við Kay að hún færi með þeim á heimaslóðir sínar í Bandaríkjunum. „Ég sló til og þá hófst undirbúningurinn; til að safna pening máluðum við meðal annars kirkjuna á Hellissandi og þrifum félagsheimilið eftir samkomur.“

Kórinn flaug loks utan um síðustu mánaðamót og Kay segir ferðina hafa gengið eins og í sögu. „Við hófum ferðina í Washingtonborg, þar sem við skoðuðum okkur um áður en við héldum áleiðis til Norfolk í Virginíuríki þar sem við sungum fyrir Íslendingafélagið þar. Þaðan lá leiðin til Norður-Karólínu þar sem við dvöldum tvo daga, sungum í kirkjunni, lékum golf og fleira. Þetta var æðislegt.“

Sella Seifert (Siggeirsdóttir), formaður Íslendingafélagsins í Norfolk, segir að góður rómur hafi verið gerður að frammistöðu kórsins, sem söng bæði þjóðlög og sálma. „Flutningurinn var frábær og við hlökkum til að fá þau aftur í heimsókn.“

**- bs**

# Tími til að mála!



**Ekki hlaupa eftir gervitilboðum, „fyrri verðum“ eða „afsláttum“ – hjá okkur færðu alltaf hagstætt verð og mikil gæði.**




Allir ljósir litir

**DEKACRYL 7**
Gljástig 7 — 10 lítrar
**Kr. 2.990,-**

Allir ljósir litir




**DEKAPRO 20**
Gljástig 20 — 4 lítrar
**Kr. 2.695,-**




Allir ljósir litir

**DEKAPRO 10**
Gljástig 10 — 10 lítrar
**Kr. 3.150,-**




**DALAPRO MEDIUM**
Spartl — 3 lítrar
**Kr. 874,-**




**SCALA MASTERLACK**
40% gljái — 1 líter
**Kr. 868,-**

## Fáðu ráð hjá fagmanninum!



Hjá Múrbúðinni starfar hann Jón Kristinn Snorrason málari sem gefur góð ráð um val og notkun á málningu og málningarvörum.




**DEKA ROCK**
Samskeytaspartl
28 kg
**Kr. 1.695,-**

## Hjá okkur færðu aðeins gæðamálningu á góðu verði

**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-17**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## Svona erum við

> Fjöldi nýskráðra fólksbifreiða á Íslandi




HEIMILD: SAMGÖNGUR Í TÖLUM 2007

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** LANDSFUNDIR STJÓRNMÁLAFLOKKA

# *Vettvangur átaka jafnt sem samstöðu*

Tveir fjölmennustu stjórnmálaflokkar landsins, Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkur, halda landsfundi sína um helgina. Búist er við að samtals sitji vel á fjórða þúsund manns þessa fundi sem haldnir eru í tveimur stærstu samkomuhúsum landsins; Egilshöll og Laugardalshöll.

**Hvað er gert á landsfundum?**
Landsfundir fara með æðsta vald stjórnmálaflokka. Á þeim eru helstu forystumenn kjörnir og stefnan til næstu ára mótuð. Á landsfundum gefst almennum flokksmönnum færi á að hafa áhrif á störf og stefnu flokka sinna með þátttöku í umræðuhópum og málefnanefndum.



Félagslegi þátturinn er ekki síður mikilvægur en beinhart stjórnmálastarfið og er jafnan talsvert lagt upp úr huggulegri samveru yfir mat og drykk.

**Eru öll dýrin í skóginum vinir?**
Landsfundir eru bæði vettvangur átaka og samstöðu. Átök birtast helst í kosningum um formenn og varaformenn og á síðustu árum hafa sést fjölmörg dæmi þess. Hafa sum endað með brotthvarfi fólks úr flokkum. Nýlegar kosningar um æðstu embætti Framsóknarflokks og Samfylkingar skyldu hins vegar ekki eftir sig jafn djúpstæð sár og sama er að segja um varaformannskjör í Sjálfstæðisflokknum fyrir tveimur árum.

Þá eru stundum hörð átök um stefnumál sem glögglega kemur fram í opnum umræðum en fara ekki síður fram í skúmaskotum fundastaða.

Á hinn bóginn er á landsfundum hvatt til samstöðu flokksmanna og þeir bryndir til að ganga samhentir til góðra verka.

**Skipta landsfundir máli fyrir ímynd flokkanna?**
Óneitanlega er svarið já. Talsvert er lagt upp úr góðum aðbúnaði og jafnvel skemmtiatriðum sem eiga að gefa mynd af því sem flokkarnir standa fyrir. Þá er flokksmönnum mikið í mun að kastljós fjölmiðlanna beinist að landsfundum þeirra í von um að fylgismönnum fjölgi og fylgið fari upp á við. Vel heppnaður landsfundur sem fær góða athygli fjölmiðla er milljóna virði í kosningabaráttu.

**SPURT & SVARAÐ**
TVÖFÖLDUN ÞJÓÐVEGA

## *Undirbúningur að hefjast*



**JÓN RÖGNVALDSSON**
vegamálastjóri

Samgönguráðherra hefur falið Vegagerðinni að hefja undirbúning útboðs á tvöföldun Suður- og Vesturlandsvegar. Mikið hefur verið rætt um tvöföldum Suðurlandsvegar undanfarið og á dögunum kynntu Sjóvá og Ístak hugmyndir sínar um nýjan veg. Jón Rögnvaldsson er vegamálastjóri.

**Hver eru næstu skref núna?**
Það verður skipuð verkefnisstjórn og hafinn undirbúningur fyrir útboðið. Það er heilmikill undirbúningur framundan sem lýtur að skipulagsmálum og aðferðafræði við útboðið. Einnig verður skoðað hvernig fjármögnun verður háttað.

**Er einhver möguleiki að vegur Sjóvár og Ístaks verði fyrir valinu?**
Að svo stöddu er ekkert hægt að segja um það. Allir eru sammála um að það þurfi að bjóða verkið út og það kemur ekki til samstarfs við þessi fyrirtæki fyrr en eftir útboð.

**Verður stefnt á 2+2 veg eða 2+1?**
Það er stefnt á að báðir þessir vegir verði 2+2. Hvort sú framkvæmd kemur til með að vera unnin í áföngum þannig að fyrst verði byggður 2+1 vegur er ekki ljóst nú.

# Kjálkinn sem missti kvótann sinn

**Vestfirðingar, sem reiða sig mikið á fiskveiðar, fengu að kenna á frjálsri kvótasölu á tíunda áratug síðustu aldar. Veiðiheimildir hurfu jafnt og þétt þar til tíu árum seinna. Síðan 2001 hefur kvótinn aukist töluvert en skiptar skoðanir eru um ástæðurnar.**

Lög sem heimiluðu sölu og leigu á fiskveiðiheimildum tóku gildi árið 1991 og í kjölfarið tók Vestfjarðakvótann að þverra. Svo virðist sem vestfirskir útgerðarmenn séu farnir að rétta úr kútnum því á síðustu sex árum hafa veiðiheimildir þeirra nær tvöfaldast. Þær eru nú um 41 þúsund þorskígildistonn.

Samkvæmt upplýsingum um aflaheimildir sem Landssamband íslenskra útgerðarmanna (LÍÚ) hefur tekið saman var Vestfirðingum heimilt að veiða um 54 þúsund tonn árið 1991, eða 15,5 prósent af heildarafla fiskveiðiflotans. Árið 2001 var kvótinn kominn niður í 22 þúsund tonn, eða 8,1 prósent heildaraflans. Síðan þá hefur hann vaxið upp í 41 þúsund þorskígildistonn.

Þorskígildistonn er það aflamagn eða veiðikvóti af tiltekinni tegund sem telst jafnverðmætt og eitt tonn af þorski.



FRÉTTASKÝRING
SALVAR ÞÓR SIGURÐARSON
salvar@frettabladid.is

**Ekki endilega meiri fiskur**
Þrátt fyrir að kvótinn á Vestfjörðum hafi aukist síðan 2001 þýðir það ekki endilega að aflinn hafi aukist, að sögn Gunnlaugs Arnars Finnbogasonar, útgerðarmanns á Ísafirði.

Hann segir að árið 2001 hafi verið sett aflahámark á krókabáta vegna veiða á ýsu, ufsa og steinbít sem var ekki áður. Einnig hafi dagabátar farið yfir í kvótakerfið árið 2004, en þeir fengu áður úthlutað veiðidögum. Þannig hafi kvótinn aukist án þess að aflinn hefði endilega aukist.

Björn Jónsson hjá kvótamiðlun LÍÚ segir að um aldamótin virðist sem Vestfirðingar hafi áttað sig á því að það gangi ekki til lengdar að selja kvótann grimmt til annarra landshluta. Þeir hafi farið að kaupa kvóta aftur til Vestfjarða, og það sé helsta ástæðan fyrir betra ástandi þar í dag.

„Það er sérstaklega á Flateyri og Bolungarvík sem fyrirtæki hafa verið að bæta við sig. Þar hafa menn verið að styrkja sig undanfarin þrjú til fjögur ár.“

**Kemur og fer**
Kvótasala er ekki eina ástæðan fyrir því að kvóti hverfur úr sveitarfélögum heldur geta heilu útgerðirnar flutt sig um set og tekið kvótann með sér. Sú var raunin í Þorlákshöfn, sem missti helming kvóta síns á árunum 2002 til 2006.

Einar Sigurðsson hjá útgerðinni Auðbjörgu á Þorlákshöfn segir mikinn kvóta hafa horfið þegar útgerðin Meitill sameinaðist Vinnslustöðinni, sem flutti síðan til Vestmannaeyja og tók kvótann með. „Sameining átti að leysa vandann en það fór ekki betur en svo að fyrirtækið hvarf úr bænum,“ segir hann.



**TÁLKNAFJÖRÐUR** Hver íbúi á Vestfjörðum fékk rúm fimm þorskígildistonn af kvóta í fyrra. Íbúar í Vestmannaeyjum fá tæplega tíu tonn á mann og Grindvíkingar fá hver tæp fimmtán þorskígildistonn.

**VEIÐIHEIMILDIR TIL VESTFJARÐA FRÁ 1991 TIL 2007 EFTIR TEGUNDUM**
**Stærðir eru í þorskígildistonnum**




Heimild: LÍÚ

**HEILDARVEIÐIHEIMILDIR TIL VESTFJARÐA FRÁ 1991 TIL 2007**
**Stærðir eru í þorskígildistonnum**




Heimild: LÍÚ

## STAÐAN BETRI Í DAG EN 2001



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

„Ég held að það sé enginn vafi á því að staðan er betri á Vestfjörðum í dag en árið 2001,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. „Eflaust er rétt að menn þurfa að skoða tölurnar betur í þessu samhengi varðandi breytingar á kvótalögum, en þegar línuafli krókabáta á þessu tímabili er skoðaður hefur hann undantekningalítið aukist.“

Hann segir að betri stöðu fyrir vestan sé einnig að þakka stærri og öflugri bátum en áður. „Þeir sem voru að róa fyrir fimm til tíu árum voru á veigaminni bátum og náðu ekki að skaffa hráefni árið um kring. Það er hins vegar hægt í dag.“

## REIKNIFORSENDUR EKKI ALVEG RÉTTAR



**GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON**

„Ég tel að reikniforsendurnar í þessu dæmi séu ekki alveg réttar. Það þarf að taka breytingar á kvótalögum í reikninginn til þess að sjá hvernig staðan er raunverulega í dag,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, þingmaður Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi.

Hann segir meiri veiðiheimildir þurfa að fara til Vestfjarða ef ástandið eigi að lagast. „Nýliðar eiga rosalega erfitt með að komast inn í kerfið eins og það er núna, það eru fyrst og fremst þeir sem eru fyrir sem geta keypt varanlegar fiskveiðiheimildir.“

## ÓRAUNVERULEG KVÓTAAUKNING



**JÓN BJARNASON**

„Það er ekki allt sem sýnist í þessu máli,“ segir Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna í Norðvesturkjördæmi. „Þegar dagabátarnir fara inn í kvótakerfið er veiðidögum breytt í aflamark, og þannig skrifast inn þessi aukna kvótaeign. Auk þess fóru einhverjar fisktegundir inn í kvótann á þessu tímabili sem voru áður utan hans.“

Hann segir ástandið á Vestfjörðum langt í frá viðunandi í dag. „Kvótinn er í fyrsta lagi allt of lítill og svo er hann verslunarvara þannig að það veit enginn hvar hann verður á morgun. Það þarf að takmarka kvótasölu úr fjórðungnum, Vestfirðingar verða að fá að njóta nálægðarinnar við auðlindirnar sem þeir hafa.“

Heildarlausn fyrir snyrtinguna
Lotus Professional

Á tilboði í apríl 2007
Valdar gerðir af Lotus Professional skömmturum og tilheyrandi áfyllingum fyrir snyrtinguna.

lotus PROFESSIONAL



Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV



3.982 kr.
Blár enMotion snertifrír skammtari



1.865 kr.
Blár sápuskammtari Foam



1.865 kr.
Blátt WC Compact statíf fyrir tvær rúllur

TUNGLIÐ RV6230A

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Hvað heita málararnir tveir?
Komdu í næstu verslun Flügger lita, segðu okkur hvað málararnir tveir heita – þá færð þú 10 lítra Hörpusilki á hálfvirði! Þetta er það sem Atli og Gísli kalla 'að borga bara helminginn'.
Komdu í næstu verslun Flügger lita eða fáðu góð ráð og leiðbeiningar á www.flugger.is
Flügger
Hörpusilki 5
Gæði frá Hörpu Sjöfn
Akrýlmálning, inni/úti
10 L
Reykjavík · Kópavogur · Hafnarfjörður · Keflavík · Akureyri · Borgarnes
Flügger litir
105762 12/07

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.669 **+0,20%** **Fjöldi viðskipta:** 542 **Velta:** 6.447 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Straumur-Burðar.** | 2,22% | **Atlantic Petrole.** | 2,82% |
| **Landsbankinn** | 0,61% | **Vinnslustöðin** | 2,13% |
| **Exista** | 0,34% | **Atorka** | 1,14% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,53 -0,56% ... Actavis 78,00 -0,64% ... Alfesca 4,79 -0,21% ... Atlantic Petroleum 690,00 -2,82% ... Atorka 6,92 -1,14% ... Bakkavör 68,30 -0,29% ... Eimskipafélagið 34,40 -0,87% ... FL Group 30,10 -0,33% ... Glitnir 27,00 -0,37% ... Kaupþing 1.050,00 +0,29% ... Landsbankinn 33,00 +0,61% ... Marel 73,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,20 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,70 +2,22% ... Össur 126,00 -0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Ekki bara croissant og ilmvötn**

Frakkland er fullt viðskiptatækifæra sem bíða þess að verða gripin. Þetta var rauði þráðurinn í máli flestra þeirra er tóku til máls á ráðstefnu tileinkaðri viðskiptum milli Íslands og Frakklands sem fram fór á Hótel Nordica í gær. Hún var liður í menningarhátíðinni „Pourquoi Pas? Franskt vor á Íslandi“ sem nú stendur sem hæst. Frú Nicole Michelangeli, sendiherra Frakka á Íslandi, fór með opnunarræðu ráðstefnunnar. Hún lýsti ánægju sinni með hversu mjög viðskipti milli Frakklands og Íslands hafa aukist á undanförnum tveimur árum. Þá biðlaði hún til íslenskra fjárfesta að beina alþjóðlegri útrás sinni í enn ríkari mæli til Frakklands. Landið hafi svo margt annað að bjóða heldur en bara croissant og ilmvötn.



**Íhaldið í FL Group**

Morgan Stanley gaf út skýrslu um áhættuálag á skuldabréf Glitnis í kjölfar breytinga á eignarhaldi bankans. Greinandinn telur breytingarnar ekki til marks um stefnubreytingu og færir rök máli sínu til stuðnings þess efnis að FL Group sem stærsti hluthafinn hafi haft næg tækifæri til að hafa áhrif á stefnu bankans fyrir eignabreytingar. FL hafi stutt íhaldssama stefnu bankans og ekki sé að vænta breytinga þar á.

Nú hefur reyndar komið skýrt fram að enginn ágreiningur var um stefnu bankans, en á markaði finnst mörgum afar fyndið að sjá fyrirbærið FL Group nefnt í sömu setningu og íhaldssemi og ofurvarfærni. FL Group og stærstu eigendur þess félags eru þekktir fyrir annað en kyrrstöðu og áhættufælni. Það glottu því margir við tönn og bentu á að þarna væri komið enn eitt dæmið um takmarkaða dýpt greinenda á íslensk fyrirtæki, enda þótt í þessu tilviki væri hún færð til tekna.

## MARKAÐSPUNKTAR

Úrvalsvísitalan fór í methæðir við lokun markaða í gær þegar hún hækkaði um 0,2 prósent og endaði í 7.669 stigum. Þetta slær út met vísitölunnar á miðvikudag þegar hún lokaði í 7.611 stigum.

Evrópski seðlabankinn ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í 3,75 prósentum. Greinendur gera ráð fyrir stýrivaxtahækkun í júní til að koma böndum á verðbólgu á evrusvæðinu.

Útlán Íbúðalánasjóðs námu 4,9 milljörðum króna í síðasta mánuði. Meðalfjárhæð almennra lána nam tæpum 9,4 milljörðum króna. Útlán sjóðsins á fyrstu þremur mánuðum ársins námu 13,6 milljörðum króna, að því er fram kemur í mánaðarskýrslu Íbúðalánasjóðs.

# Selja Maritech á einn milljarð króna

TM Software hefur samið um sölu á öllum hlutabréfum í Maritech International til AKVA Group ASA í Noregi fyrir 91 milljón norskra króna, eða sem nemur um einum milljarði króna. Samningurinn kemur í framhaldi af viljayfirlýsingu sem gerð var milli félaganna í lok desember.



**ÁGÚST EINARSSON** Ágúst er forstjóri TM Software sem samið hefur um sölu á einu af stærstu hugbúnaðarfyrirtækjum landsins til norsks fyrirtækis.

Í tilkynningu TM Software kemur fram að í fyrstu hafi eingöngu staðið til að selja sjávarútvegshluta Maritech en í framhaldi af áreiðanleikakönnun hafi umfang samningsins aukist. Þá hafi stjórnendur TM Software talið hagsmunum viðskiptavina best borgið ef Maritech yrði selt í heilu lagi.

Salan er háð samþykki stjórna bæði TM og AKVA Group, en í tilkynningu AKVA til Kauphallarinnar í Ósló kemur fram að stefnt sé að því að ljúka sölunni fyrir lok þessa mánaðar. Greitt verður fyrir með peningum við gildistöku sölunnar, en AKVA fjármagnar kaupin með lántöku að hluta. Ráðgjafi um kaupin var fyrirtækjaráðgjöf Glitnis.

Þá liggur ekki fyrir hver áhrif samrunans verði á starfsemi Maritech hér heima og erlendis, en alls starfa um 180 manns hjá fyrirtækinu í átta löndum, þar af um 60 starfsmenn hér. Frekari upplýsingar eiga, samkvæmt tilkynningu AKVA, að liggja fyrir eftir að stjórnir félaganna hafa samþykkt samrunann.

Í tilkynningu er haft eftir Ágústi Einarssyni, forstjóra TM Software, að salan geri félagið betur í stakk búið til að mæta tækifærum sem eru á markaði, en ekki náðist í hann við vinnslu fréttarinnar. **- óká**

# Norska fjármálaeftirlitið fettir fingur út í Kaupþing

**Talsmaður Kaupþings segir að gagnrýnin sé ekki byggð á traustum staðreyndum. Ekki í fyrsta sinn sem erlent fyrirtæki fær kaldar kveðjur frá opinberum aðilum.**

Kredittilsynet, norska fjármálaeftirlitið, varar við því að Kaupþing eignist meira en fimmtungshlut í fjármálafyrirtækinu Storebrand og óttast um stöðu félagsins ef Kaupþing eykur hlut sinn. Þetta kemur fram í skýrslu frá stofnuninni sem Dagens Nærlingsliv greinir frá.

Kaupþing er stærsti hluthafinn í Storebrand með áætlaðan sextán prósenta hlut sem metinn er á um 44 milljarða króna.

Stofnunin segir að Kaupþing skorti reynslu af tryggingingarekstri sem meginstarfsemi Storebrands byggist á, skorti eigið fé og sé of áhættusækinn. Það hefur hún áhyggjur af því að bankinn sé viðkvæmur gagnvart skakkaföllum í brothættu íslensku hagkerfi.

Kaupþing hefur heimild til að eignast allt að fimmtungshlut í Storebrand, rétt eins og norska vátryggingafélagið Gjensidige, en hafði óskað eftir leyfi að eignast fjórðungshlut sem eftirlitið hafnaði. Að mati fréttaskýrenda er afstaða Kredittilsynet talin styrkja stöðu Gjensidige ef til yfirtöku kemur.

„Við erum ekki sammála norska fjármálaeftirlitinu og teljum að niðurstöður þeirra séu ekki byggðar á traustum grunni,“ segir Jónas Sigurgeirsson, forstöðumaður samskiptasviðs Kaupþings, í samtali við Fréttablaðið. Jónas gefur lítið fyrir meint reynsluleysi Kaupþings af tryggingarekstri og bendir á að bankinn hafi tekið þátt í vátryggingum, eigi KB Líf og í stjórn bankans sitji forstjóri eins stærsta tryggingafélags Svíþjóðar.

Talið er að tilgangur fjárfestingar Kaupþings í Storebrand sé öðrum þræði sá að eignast hlutabréf í öflugu fjármálafyrirtæki á góðu verði fremur en að taka félagið yfir. Á fundi stjórnenda bankans með markaðsaðilum í Lundúnum á dögunum kom fram að fjárfestingargeta Kaupþings sé um 270 milljarðar króna sem er sama fjárhæð og markaðsvirði Storebrands.

Viðbrögð norska fjármálaeftirlitsins koma ef til vill ekki á óvart. Reuters-fréttastofan bendir á að sögulega séð hafi ítök ríkisins verið sterk í norsku athafnalífi og oft hefur stjórnvöldum tekist að koma í veg fyrir að erlendir fjárfestar tækju yfir norsk fjármála- og iðnaðarfyrirtæki. Kaupþing er því ekki eitt um að fá móttökur sem þessar. **eggert@frettabladid.is**








**ÁLVER ALCOA VIÐ REYÐARFJÖRÐ** Afkoma álrisans Alcoa var mjög góð á fyrsta ársfjórðungi vegna hækkandi álverðs og aukinnar eftirspurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gróði Alcoa eykst milli ára

Álrisinn Alcoa hagnaðist um 662 milljónir Bandaríkjadala á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta jafngildir 44,5 milljörðum íslenskra króna, níu prósentum meira en á sama tíma í fyrra og besti fyrsti fjórðungur hjá fyrirtækinu.

Álverð hækkaði um 15 prósent á fjórðungnum og hefur rúmlega tvöfaldast í verði á síðastliðnum fimm árum. Þá jókst eftirspurn eftir áli talsvert.

Bandaríski bankinn Citigroup segir eftirspurn eftir áli eiga enn eftir að aukast. Horfir Alcoa til þess að geta sinnt eftirspurninni með aukinni framleiðslu frá álverum sínum í Brasilíu og Reyðarfirði þar sem framleiðsla er nýhafin. Gert er ráð fyrir að full framleiðsla verði komin á skrið í álverinu í október. **- jab**

# Citigroup segir upp starfsfólki

Bandaríski bankinn Citigroup ætlar að segja upp 17.000 manns, eða um fimm prósentum af starfsliði bankans. Að auki verða 9.500 störf flutt til og sum til landa þar sem laun eru lægri. Horft er til þess að með aðgerðunum sparist 4,6 milljarðar dala, jafnvirði 309 milljarða íslenskra króna, á næstu þremur árum. **- jab**

KRÓMAÐIR EÐA HVÍTIR
MARGAR STÆRÐIR

# Handklæða-ofnar





| *Gerð* | *Stærð* | *Verð* |
|---|---|---|
| Króm boginn | 700x500x25 mm | 17,790 kr. |
| Hvítur boginn | 700x500x25 mm | 8,431 – |
| Króm boginn | 760x500x25 mm | 20,948 – |
| Hvítur boginn | 760x550x25 mm | 10,326 – |
| Króm boginn | 1120x550x25 mm | 28,317 – |
| Hvítur boginn | 1120x550x25 mm | 14,116 – |
| Króm boginn | 700x450x22 mm | 16,737 – |
| Hvítur boginn | 700x450x22 mm | 8,147 – |
| Króm boginn | 1200x550x22 mm | 30,422 – |
| Króm boginn | 1320x550x22 mm | 31,570 – |









INNRÉTTINGAR & TÆKI

www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09–18 • laugardaga kl. 11–15 Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# OPNUM Í DAG

# HEIMILIS- OG RAFTÆ LANDSINS



Verslun ORMSSON að Lágmúla 8 hefur verið endurnýjuð frá grunni.

AEG HTH Solis

SAMSUNG ZWILLING Emile Henry Poterie culinaire FRANCE

TEFAL® morphy richards brabantia solid company

**OPIÐ ELDHÚS Í SÝNINGARSAL HTH**
(2. hæð Lágmúla 8) **ALLA HELGINA**

# GLÆSILEGUSTU KJAVÖRUVERSLUN AÐ LÁGMÚLA 8




Hjartanlega velkomin í „nýja“ verslun – fulla af hágæða heimilistækjum.

## Fjöldi girnilegra opnunartilboða!

## OPIÐ HÚS ALLA HELGINA

Föstudag frá kl. 9–18, laugardag frá kl. 11–16
og sunnudag frá kl. 13–17.

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · www.ormsson.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Rit Samfylkingarinnar um efnahagsmál er þarft innlegg í umræðuna.

## Mikilvægt skref í átt að heildarsýn

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Eitt stærsta vandamál Samfylkingarinnar hefur verið skortur á stöðugleika í málflutningi. Oft og tíðum hafa viðbrögð í röðum flokksins einkennst af tilviljanakenndum viðbrögðum við einstökum atburðum í samfélaginu og ekki alltaf verið ljóst af hvaða heildarsýn þau hafa verið sprottin.

Slíkt er fremur einkenni smáflokka, en þeirra sem ætla sér leiðandi stöðu í litrófi stjórnmálanna. Í vikunni kynnti Samfylkingin skýrslu í ritstjórn Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi ráðherra, Seðlabankastjóra og forstjóra Norræna fjárfestingarbankans. Skýrslan gefur greinargóða mynd af helstu vandamálum efnahagskerfisins og helstu úrlausnarefnum sem bíða ábyrgra stjórnvalda á komandi kjörtímabili.

Í skýrslunni eru með efnislegum hætti gagnrýnd lausatök í efnahagsstjórninni og togstreitan milli ákvarðana ríkisstjórnar og Seðlabanka sem hefur hamlað því að tök hafi náðst á þenslunni í efnahagslífinu. Um leið og finna má harða gagnrýni á ríkisstjórnina verður ekki annað séð en að um leið sé færð fram býsna óvægin sjálfsgagnrýni.

Samfylkingin gerði mistök í umræðu um fjárlög þegar einungis var að finna frá hennar hendi tillögur um aukin útgjöld í bullandi þenslu í hagkerfinu. Skýrslan nú, sem er afar vönduð og sjónarmiðin vel rökstudd, er mikilvægt skref og stefnubreyting frá upphlaupsstjórnmálum til umræðu á grundvelli heildarsýnar á samfélagið og þróunar þess á komandi árum. Slíkt er fagnaðarefni og mikilvægt að flokkurinn nýti landsfund sinn til að sýna í verki að hentistefnan sé að baki og fram undan sé tími yfirvegaðrar framtíðarsýnar sem byggð sé á raunsæi og ábyrgð. Slík sýn er einkenni stórflokka, líka þegar á móti blæs í skoðanakönnunum.

Eins og við er að búast er svo yfirgripsmikið útspil gagnrýnt á ýmsa vegu. Það er fyllilega eðlilegt. Hins vegar er nauðsynlegt að svara jafn vel rökstuddri og yfirvegaðri sýn með sama hætti.

Meðal þess sem leiðari Morgunblaðsins gagnrýnir með gífuryrðum er fullyrðingar skýrslunnar um frumkvæði Íbúðalánasjóðs á lánamarkaði sem höfðu í för með sér aukna þenslu. Slík gagnrýni lýsir lítilli þekkingu á lögmálum frjáls markaðar og þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart. Leiðarar Morgunblaðsins hafa tíðum verið eins og nátttröll í morgunskímu þess dags þegar þjóðin innleiddi opið vestrænt hagkerfi eins og það tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar.

Samfylkingin þarf að senda skýr skilaboð á landsfundi sínum um að hugur fylgi máli. Sjálfstæðisflokkurinn heldur einnig landsfund og spennandi verður að sjá hvort milduð verður hin Thatcheríska sýn á evruna sem ásamt þögn hefur verið inntakið í afstöðu flokksins til framtíðarstöðu þjóðarinnar í alþjóðamálum síðustu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

MA í skattarétti

Skráðu þig fyrir 15. maí 2007.

Frekari upplýsingar:
www.bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óvænt innkoma

Innkoma formanns Sjálfstæðisflokksins á landsfund í gær var frábrugðin því sem tíðkast hefur. Um leið og Diddú og Jóhann Friðgeir luku söng sínum á sviðinu í Laugardalshöll var mikið tjald dregið frá. Þá komu frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins víðs vegar um landið í ljós með Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Geir Haarde í broddi fylkingar. Eftir stutt ávarp þeirra beggja fóru frambjóðendurnir af sviðinu, Geir steig upp í ræðupúltið og flutti sína fyrstu ræðu í upphafi landsfundar. Síðast kom það í hlut Davíðs Oddssonar.



### Fyrsta fjarveran

Davíð Oddsson var hins vegar fjarri góðu gamni í gær. Geir Haarde skilaði góðri kveðju frá fyrrverandi formanni flokksins til landsfundarfulltrúa og sagði að hann gæti ekki mætt sökum anna í embætti seðlabankastjóra. Þetta væri í fyrsta skipti í 35 ár sem Davíð mætti ekki á landsfund Sjálfstæðisflokksins. Má telja það nokkuð góðan árangur. Björn Bjarnason var líka fjarverandi. Geir sendi dómsmálaráðherra bestu óskir um skjótan bata eftir aðgerð í fyrradag. Þá voru Kjartani Gunnarssyni þökkuð 26 ár í starfi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins. Risu fundarmenn úr sætum fyrir Kjartani, sem stóð upp og þakkaði fyrir klappið.

### Vinstrivilla

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi var mættur á landsfund eftir að hafa í fyrradag kynnt tíu græn skref í Reykjavík. Það vakti athygli að Gísli Marteinn varð uppvís að „alvarlegri vinstrivillu“ þegar hann sagði við það tækifæri: „Reykjavíkurborg er ákaflega sterkt og öflugt fyrirtæki.“ Ingibjörg Sólrún Gísladóttir notaði þennan frasa við mörg tækifæri. Nú má spyrja: Hafa borgarbúar val um það hvort þeir eiga viðskipti við þetta fyrirtæki? Nei, það er vegna þess að Reykjavíkurborg er sveitarfélag sem innheimtir skatt af borgarbúum hvort sem þeim líkar þjónustan eða ekki. Þetta veit Gísli Marteinn.



bjorgvin@frettabladid.is

# Íslenska forystukindin



ÞORGERÐUR EINARSDÓTTIR

**Í DAG** | Vinsældir stjórnmálaforingja

Forystueðli íslenskra kinda og sauðfjárkynið okkar er einstakt í heiminum, sagði í frétt RÚV 7. apríl, og jafnframt að bera megi saman eðli forystukinda og mannskepnunnar. Kannski tilviljun en samt skemmtilega táknrænt að sama dag var kynnt Gallupkönnun um vinsældir stjórnmálaleiðtoganna. Geir er vinsælastur, þá Steingrímur og svo Ómar. Í fréttinni kom líka fram að forystufé hefur löngum þótt til vandræða í smalamennsku þar sem sjálfstæður vilji þess stangast stundum á við vilja bændanna. Kannski Geir sé bóndinn og nýliðinn Ómar hin óstýriláta forystugimbur?

Eitt af því sem vekur athygli eru óvinsældir Ingibjargar Sólrúnar. Ekki síst vegna þess að hún hefur verið talin foringjaefni frá upphafi stjórnmálaferils síns. Án þess að leggja mat á pólitískar áherslur hennar eða tengsl við sauðfjárkynið er áhugavert að grípa niður í stjórnmálasögu hennar út frá styrkleikamælingu skoðanakannana. Slíkar kannanir endurspegla einmitt það þrástef tíðarandans að stjórnmál snúist sífellt meira um einstaklinga en málefni.

Á tímabilinu 1997-2001 mældi Gallup ánægju fólks með störf nokkurra þekktra Íslendinga, þ.m.t. forsætisráðherra og borgarstjóra sem á þessum tíma voru Davíð Oddsson og Ingibjörg Sólrún. Ánægja með störf Ingibjargar á tímabilinu mældist frá 63% til 78%. Ánægja með Davíð Oddsson mældist umtalsvert lægri eða frá 43% til 69%, en hann er af mörgum talinn eiga einn glæsilegasta feril íslenskra stjórnmálamanna. Hér þarf auðvitað að hafa í huga að borgarstjóraembættið er alla jafna ekki eins „pólitískt“ eða umdeilt og forsætisráðherraembættið. Í desember 2001 mældi Gallup ánægju með borgarstjórn Reykjavíkur. Tæp 39% sögðust ánægð með meirihlutann en miklu fleiri voru ánægðir með borgarstjórann eða 62% og ljóst að Ingibjörg naut meiri hylli en meirihluti borgarstjórnar (Gallup 2002).

Í aðdraganda kosninganna 2003 spurði Gallup um viðhorf til stjórnmálaforingja sem forsætisráðherraefna. Ingibjörg hafði yfirburðastöðu en 73% töldu að hún myndi „standa sig vel“ sem forsætisráðherra, næstur kom Davíð með 62% og aðrir foringjar neðar. Ríflega helmingur bar „mikið traust“ til hennar, talsvert fleiri en treystu hinum foringjunum. Þá töldu 78% Ingibjörgu „málefnalega“, þar sem hún deildi fyrsta sætinu með Steingrími J. (Gallup 2003). Í rannsókn Ólafs Þ. Harðarsonar eftir kosningarnar 2003 var enn spurt um afstöðu til leiðtoganna. Af þeim sem tóku afstöðu sögðu jafnmargir að Ingibjörg og Davíð Oddsson „endurspegluðu skoðanir sínar vel“ eða 29%, aðrir leiðtogar voru miklu neðar. Þessar kannanir voru gerðar eftir umdeilt brotthvarf hennar úr stóli borgarstjóra.

Hvað hefur eiginlega gerst síðan 2003 þegar Ingibjörg var talin trúverðugur og áhrifamikill leiðtogi af þjóð sinni, hefur hún gert eitthvað af sér? Verðskuldar hún þessar óvinsældir – og það meðal kynsystra sinna? Það er rannsóknarefni fyrir fræðinga hvað skýri þennan viðsnúning. Hvaða þýðingu hafði formannsslagur Samfylkingarinnar 2005 og nýtt hlutverk Ingibjargar? Gleymum ekki að það var ný reynsla fyrir þjóðina að kona felli sitjandi stjórnmálaforingja. Jóhanna Sigurðardóttir tapaði jú þegar hún skoraði Jón Baldvin á hólm í formannskjöri árið 1994. (Nei, hér er ekki verið að gleyma formannsslag Margrétar Frímannsdóttur og Steingríms J. en munurinn er sá að þá var formannssætið laust). Að sækjast eftir forystuhlutverki er auðvitað áhættusamt uppátæki fyrir konur, eins og Halla Gunnarsdóttir fékk að reyna á dögunum í KSÍ og Siv í Framsóknarflokknum. Nema kannski að taka rækilega fram fyrst að maður bjóði sig EKKI fram sem kona heldur á eigin verðleikum. Rétt eins og konur séu almennt án verðleika eða bjóði sig iðulega fram á forsendum kynsins en ekki hæfileikanna – öfugt við karla?

Og hvaða þýðingu og áhrifamátt hafa fjölmiðlar? Rannsóknir sýna að fjölmiðlaumfjöllun um stjórnmálakonur gengur mikið út á útlit, framkomu, klæðnað og tilvísanir í kyn fremur en gerendamátt og athafnir. Arna Schram skrifaði skemmtilega grein í Morgunblaðið árið 2003 þar sem hún lagði út af frétt í DV með yfirskriftinni „Lipponen gæti misst völdin í hendur konu“, en „konan“ var Anneli Jäätteenmäki þáverandi formaður Miðflokksins í Finnlandi. Ein af þeim sem hefur rannsakað hlut fjölmiðla í að skapa eða draga úr trúverðugleika kvenna í stjórnmálum er fjölmiðlafræðingurinn Karen Ross. Þeir sem vilja fræðast meira ættu endilega að drífa sig á fyrirlestur hennar í hádeginu í dag í Háskóla Íslands um stjórnmálakonur sem fréttaefni. Þótt samlíkingin við sauðfjárkynið sé skemmtileg er sá grundvallarmunur á kindum og fólki að kindahjörðina skortir tungumál, menningu og sjálfsvitund. Rollur hvorki lesa blöð né fylgjast með fjölmiðlum, þær myndu aldrei spyrja: „Hvar hún fékk þessa skó?“

# Strætó raunhæfur valkostur

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál



JAKOB HRAFNSSON

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Reykjavík hefur ákveðið að láta hendur standa fram úr ermum í umhverfismálum í borginni og vera um leið öðrum sveitarfélögum til fyrirmyndar. Borgarbúar munu nú reglulega verða varir við vistvænar breytingar í borginni.

Reykjavíkurborg ætlar t.d. að leggja sitt af mörkum til að gera þjónustu Strætó betri. Þannig munu reykvískir námsmenn fá ókeypis í strætó næsta vetur. Þetta atriði felur í sér fjölmörg tækifæri og ég hvet reykvíska framhaldsskóla og háskólanemendur til að nýta sér það. Samgöngur eru helsti orsakavaldur mengunar í borginni og ef námsmenn taka að líta á Strætó sem góðan valkost mun draga úr þessari mengun – auk þess draga þeir úr eigin samgöngukostnaði til og frá skóla.

Ég er viss um að einhverjir námsmenn munu fresta kaupum á bifreiðum og nota hagstæðar almenningssamgöngur í borginni. Einnig má nefna að það verður betra að ferðast með strætisvögnum en áður því að allar lykilbiðstöðvar munu birta rauntímaupplýsingar og biðstöðvar fá heiti sem birtast mun á ljósaskiltum um borð í vögnunum. Þá fær strætó oftar forgang í umferðinni á völdum stofnbrautum.

Græn skref í Reykjavík eru í tíu flokkum og er þar fjölmargt að nefna sem borgarbúar eru hvattir til að kynna sér, t.a.m. munu ökumenn visthæfra bifreiða geta lagt ókeypis í bílastæði borgarinnar. Visthæfar bifreiðar teljast þau ökutæki sem nota bensín eða dísil en hafa lítinn útblástur og eru sérlega sparneytin. Þetta græna skref er m.a. hvatning til borgarbúa um að nota slíkar bifreiðar í borginni.

Þá vil ég einnig nefna að göngu- og hjólreiðastígurinn frá Ægisíðu upp í Elliðaárdal verður breikkaður, upphitaður og vatnshönum þar fjölgað. Þetta er viðleitni til þess að gera hjólreiðar að raunverulegum samgöngumáta í borginni.

Ég hvet borgarbúa til að kynna sér á heimasíðu Reykjavíkurborgar framkvæmdaáætlun í umhverfismálum sem við höfum nú hrint í framkvæmd, m.a. um visthæfari leik- og grunnskóla, göngugötu, meiri endurvinnslu og betri loftgæði í borginni.

*Höfundur er formaður ungra framsóknarmanna og varaformaður umhverfisráðs Reykjavíkurborgar.*




## Nú er vor í lofti og rétti tíminn til að huga að sumrinu...

Komdu á Vorboðann 2007 í Smáralind. Þú færð góðar hugmyndir fyrir heimilið, garðinn og bústaðinn. Tilvalið tækifæri til að skipuleggja framkvæmdir sumarsins. Upplifðu sumarið í Vetrargarðinum og nýttu þér fjölda tilboða.

# Hvað á landsfundurinn að gera?

**UMRÆÐAN**
Efnahagsmál


JÓN KRISTJÁNSSON

Samfylkingin hamast við að klára alla stefnumótun áður en landsfundur hennar hefst. Landsfundurinn virðist því bara eiga að klappa en ekki ákveða neitt. Nýjasta dæmið um þessa viðleitni forystunnar er heilt rit eftir Jón Sigurðsson fyrrverandi ráðherra um efnahagsmál. Meginniðurstaða ritsins virðist vera að Samfylkingin stefni beinlínis að „harðri“ lendingu með harkalegum samdrætti í opinberum umsvifum og niðurskurði í samneyslu, opinberum framkvæmdum og – væntanlega þá einnig óhjákvæmilega – í velferðarframlögum.

Í ritinu birtist misskilningur varðandi lækkun virðisaukaskatts á matvörum í mars sl. Ekki virðist fylgt viðurkenndum upplýsingum um verðlækkanir í smásöluverslunum. Ekki virðist heldur reynt að meta hvernig lækkun virðisaukaskatts staðfestir árangur ríkisstjórnarinnar í hagstjórninni. Í ritinu virðist gengið út frá því að ríkisstjórnin hafi ýtt undir þenslu á fasteignamarkaði og íbúðalánamarkaði. Þó liggur fyrir að það voru viðskiptabankarnir sem hófu innrás inn á fasteignalánamarkaðinn með það yfirlýsta markmið að brjóta Íbúðalánasjóð á bak aftur. Almennar kannanir hafa staðfest að almenningur þekkir og virðir mikilvægi Íbúðalánasjóð. Að því er virðist hefur Samfylkingin ekki lengur áhuga á þessu.

Til samanburðar við svartsýnar lýsingar í þessu riti Samfylkingarinnar mætti benda á leiðara í Fréttabréfi Samtaka atvinnulífsins í þessari viku, en þar er bent á margs konar takmarkanir í opinberu hagtalnaefni. Meðal annars bendir Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri SA og hagfræðingur á að trúlega sé viðskiptahallinn ofmetinn tvöfalt í nýjustu hagtölum Seðlabankans.

Í riti Samfylkingarinnar virðist ekki tekið tillit til þess að ætlunin er að nýta afrakstur af sölu Landssímans beinlínis í jöfnunarskyni fyrir hag ríkissjóðs og þá hagsveiflu sem virðist framundan – til að draga úr samdrætti. Lítið tillit er tekið til þess að viðskiptahallinn – svo ofmetinn sem hann kann að vera – er þegar tekinn að minnka vegna efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar, og mun halda áfram að minnka þegar dregur úr stórframkvæmdunum fyrir austan á þessu ári. Ennfremur virðist það lítið metið að viðskiptahallinn tengist að hluta til arðvænlegum umsvifum og mun að því leytinu standa undir sér. Á kynningarfundi Samfylkingarinnar um þetta nýja rit var því haldið fram að kjör lífeyrisþega og barnafjölskyldna hefðu dregist aftur hér á landi síðustu ár. En einmitt nú stendur yfir eitthvert stærsta átak í eflingu velferðarkerfanna og í hækkunum bótagreiðslna sem sögur fara af. Og samanburðarathuganir sýna að jöfnuður á Íslandi er meiri en tíðkast í langflestum Evrópulöndum.

Landsfundarmenn Samfylkingarinnar hafa nóg að lesa og læra enda varla til þess ætlast að þeir fari að móta stefnu úr því að forystan er búin að birta stefnuna fyrirfram.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Í nafni vísindanna

**UMRÆÐAN**
Loftlagsbreytingar


HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Karl Popper kenndi mér, að vísindin ættu að vera frjáls samkeppni hugmynda. Mér hefur blöskrað, hversu ákaflega stuðningsmenn kenningarinnar um verulega hlýnun jarðar af mannavöldum hafa reynt að kveða niður keppinauta sína. Hvað veldur þessari ákefð? Ef svarið er, að við séum í lífsháska, þá hefur það heyrst oft áður. Til dæmis var fyrirsögn fréttar Morgunblaðsins 10. júní 1977 um blaðamannafund, sem fyrirlesarar á alþjóðlegri umhverfisráðstefnu á Íslandi héldu: „Lítil ísöld fyrir aldamót?“ Þar kvað Reid Bryson, sérfræðingur um veðurfar á Norðurslóðum, líkur á nýrri ísöld. Mannkyn yrði að búa sig undir harðindi og gæti lært af íslenskum bændum, sem hefðu ákveðið einu sinni á ári, hversu margt fé væri á vetur setjandi. Aðrir fyrirlesarar tóku undir með Bryson.

Kólnað hafði í veðri frá um 1940 til um 1970, en eftir það hefur hlýnað. Árið 1977 töluðu vísindamenn um nýja ísöld. Þrjátíu árum síðar vara þeir við nýju hitaskeiði. En ályktunin er jafnan hin sama: Veita verður meira fé til vísindamanna og taka meira mark á niðurstöðum þeirra! Ég rifja þetta upp vegna skrifa þeirra Tómasar Jóhannessonar jarðeðlisfræðings og Jóns Egils Kristjánssonar veðurfræðings í Fréttablaðinu 11. apríl. Þar gagnrýndu þeir grein eftir mig í Fréttablaðinu 30. mars, þar sem vitnað var í nýja breska heimildarmynd, Blekkingin mikla um hlýnun jarðar (The Great Global Warming Swindle). Framlag þeirra Tómasar og Jóns Egils er skætingslaust, og er mér ljúft að svara athugasemdum þeirra eftir bestu getu.

Ein athugasemdin er, að viðmælandi í heimildarmyndinni bresku, Carl Wunsch, telji orð sín þar hafa verið slitin úr samhengi. Mér fannst Wunsch ekki tala neina tæpitungu. En í bresku myndinni eru rök með og á móti tilgátunni um verulega hlýnun jarðar af mannavöldum vissulega ekki vegin og metin, enda hentar sjónvarp illa til slíks, heldur hiklaust reynt að hrekja hana. Fræðileg gagnrýni á þessa mynd er þó hjóm eitt miðað við það, sem komið hefur fram um heimildarmynd Als Gores, Óþægilegan sannleik (Inconvenient Truth). „Þegar sannleikurinn missir stjórn á sér, verður hann að ýkjum.“

*Árið 1977 töluðu vísindamenn um nýja ísöld. Þrjátíu árum síðar vara þeir við nýju hitaskeiði.*

Í annarri athugasemd er því hafnað, sem segir í bresku heimildarmyndinni, að vatnsgufa sé 98% gróðurhúsalofttegunda. Þeir Tómas og Jón Egill telja, að vatnsgufa valdi um 50-60% gróðurhúsaáhrifa. Ég hafði töluna 98% úr bók Björns Lomborgs, Hið sanna ástand heimsins, en hann tók hana úr verkum danskra og breskra vísindamanna. Í fjölmörgum ádeilum á verk Lomborgs hefur þessi tala ekki verið véfengd, svo að ég viti. Hins vegar eru magn og áhrif sitt hvað: Hugsanlega veldur vatnsgufa ekki langmestum gróðurhúsaáhrifum, þótt hún sé langmestur hluti gróðurhúsalofttegunda.

Þriðja athugasemdin er um þessa fullyrðingu mína: „Þegar lífverur anda frá sér eða rotna og þegar eldfjöll gjósa, streymir meiri koltvísýringur út í andrúmsloftið en vegna brennslu olíu eða kola.“ Þeir Tómas og Jón Egill segja á móti, að í eldgosum sé aðeins losað um 1% af því, sem menn losi. En þetta er engin leiðrétting á orðum mínum: Hvers vegna minnast þeir Tómas og Jón Egill ekki á áhrif öndunar frá lífverum og rotnunar þeirra? Og bera þetta saman við áhrif brennslu olíu eða kola? Samkvæmt nýlegri skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Löngum skugga húsdýranna (Livestock´s Long Shadow), má rekja 18% gróðurhúsaáhrifa til húsdýra, aðallega kúa.

Fjórða athugasemdin er um svokallaða sólvirknikenningu, en samkvæmt henni má skýra breytingar á hitastigi á jörðu niðri með virkni sólar á hverjum tíma. Þeir Tómas og Jón Egill segja, að virkni sólar hafi ekki aukist hin síðari ár, þótt hlýnað hafi á jörðinni. Þetta er ekki rétt. Virknin hefur sveiflast upp og niður þetta tímabil. En sólvirknikenningin er nokkru flóknari, eins og sjá má í nýrri bók eftir danska vísindamanninn Henrik Svensmark og enska rithöfundinn Nigel Calder, Kælandi stjörnur (Chilling Stars). Ég ætla ekki að öskra mig hásan með eða á móti einhverri einni tilgátu um loftslagsbreytingar, enda væri það fáránlegt. En ég hef iðulega séð, hvernig reynt hefur verið að nota vísindin eins og sleggju til að slá niður andstæðinga frekar en kastljós til að lýsa upp veruleikann.

*Höfundur er prófessor í stjórnmálafræði.*




HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**BESTU KAUPIN**

Lára Hrönn Pétursdóttir segir þeim peningum sem fara í menntun best varið. Hún er menntaður skipstjóri og er jafnframt í söngnámi.

TILBOÐ 3



**UPPSKRIFTIR**

Currywurst er einn af uppáhaldsréttum skemmtinefndar Svansins. Uppskrift að réttinum ásamt tortilla lasagna.

MATUR 2



## ALLT HITT

TILBOÐ-MATUR

**Súpukjöt** er á 30% afslætti í Nóatúni. Þar fæst það í litlum pokum á 349 krónur kílóið.

**Grundig** sjónvörp eru fáanleg á kostakjörum í Sjónvarpsmiðstöðinni í Síðumúla 2. Sem dæmi um verð má nefna 32 tommu breiðtjaldssjónvarp sem á fullu verði kostar 129.990 er nú á 69.990.



**Kartöflurnar** finna á sér að vorið er í nánd og eru fljótar að spíra í eldhússkúffunni en þola hins vegar ekki kæliskápa því þá breytist sterkja þeirra í sykur. Helst þurfa þær að vera í grunnu íláti á svölum, dimmum og þurrum stað.

**Vorsala** er í versluninni Stasia í Kringlunni þessa helgi því þar er verið að rýma fyrir nýjum vörum. 35% afsláttur er því af öllum fatnaði.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 13. apríl, 103. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.04 | 13.28 | 20.54 |
| Akureyri | 5.43 | 13.13 | 20.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Gestgjafinn Ástríður Pétursdóttir er við pottinn vinstra megin. Svo er röðin þessi: Álfheiður Guðmundsdóttir, formaður skemmtinefndar, Heimir Ingi Guðmundsson, Margrét Helga Guðmundsdóttir, Þórir Bergsson snýr baki í vélina, Halldóra Björk Bergþórsdóttir og Guðrún Björg Ingimundardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Góður matur er Svansins megin

***Skemmtinefnd Lúðrasveitarinnar Svans hittist hálfsmánaðarlega til að skipuleggja viðburði á vegum sveitarinnar. Þá er gælt við bragðlaukana í leiðinni.***

„Við erum nýbyrjuð að bjóða upp á eitthvað gott að borða á fundum. Þeirri nýbreytni var vel tekið enda erum við öll miklir matgæðingar og vitum vel að það er erfitt að funda á fastandi maga,“ segir Guðrún Björg Ingimundardóttir, ein skemmtinefndarmanna. „Við skiptumst á að halda fundina og töfrum fram eitthvað gómsætt fyrir hvert annað.“

Þetta kvöld er Ástríður Pétursdóttir gestgjafi og á borðum eru þýskar pylsur með karrítómatsósu. „Svanurinn hefur sterkar taugar til Þýskalands og alls þess sem landið hefur upp á að bjóða í mat, drykk og tónlistarlífi,“ segir hún og útskýrir það nánar. „Sveitin hefur þrisvar farið á alþjóðlegt lúðrasveitamót í Bad-Orb í S-Þýskalandi og tekið á móti þýskri lúðrasveit hingað til lands ásamt vinum sem hún hefur eignast á ferðum sínum úti. Nokkrir meðlimir hennar hafa einnig stundað nám í Þýskalandi og héldu um tíma úti Þýskalandsdeild Svansins, skipaðri útherjum sveitarinnar.“

Það er í nógu að snúast hjá Svaninum og skemmtinefndinni um þessar mundir því árlegir vortónleikar eru handan við hornið. Þeir verða haldnir í Neskirkju 21. apríl og að sögn skemmtinefndarfólks mun Svanurinn þar sýna óþrjótandi spilagleði sína í verki.

*gun@frettabladid.is*

## Lifandi fæði

NÁMSKEIÐ SEM BYGGIST Á KENNINGUM DR. ANN WIGMORE UM LIFANDI FÆÐI VERÐUR Í LÓTUSJÓGASETRINU Í BORGARTÚNI 27. OG 28. APRÍL.

„Það verður farið í grunnþættina í lifandi fæði og hvað það gerir fyrir okkur,“ segir Ásta Arnardóttir sem leiðbeinir á námskeiðinu. Hún kveðst fræða fólk um áhrif fæðunnar á líkama, tilfinningar og huga og hvernig við getum bætt líðanina með réttu fæðuvali. Einnig verða kenndar einfaldar aðferðir við matargerð og spírun. „Lifandi fæði er undursamlega einföld, áhrifarík og aðgengileg leið til sjálfsheilunar og hamingju í daglegu lífi,“ segir Ásta sannfærandi.



Ásta Arnardóttir jógakennari.

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.



JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

Veldu möguleika



**Léttur matur** er tilvalinn eftir veisluhöld páskahátíðarinnar. Til dæmis salat með kjúklingi og ávaxta- og berjahristingur í eftirmat.




# Currywurst að hætti Svansins

Currywurst er þýskur réttur sem er í sérlegu uppáhaldi hjá skemmtinefnd Svansins. Þó segir hún vandasamt að framreiða hann eins og Þjóðverjarnir vilja hafa hann nema með sérstakri karrítómatsósu sem ekki er fáanleg hér á landi. Hún reynir að leika eftir fyrirmyndinni með því að blanda hressilegum skammti af karrí saman við venjulega tómatsósu.

**Currywurst mit Pommes oder Brötchen**

Bratwurst, fjöldi eftir þörfum
Curry Gewürst Ketchup (helst frá Hela)
Majónes
Bratwürst skornar í sneiðar og steiktar á pönnu. Karrítómatsósu sprautað yfir (ekki spara sósuna) og kryddað með karrí eftir smekk. Borið fram með frönskum kartöflum eða rúnstykkjum.

Tortilla lasagna er kannski ekki þýskt „Spezialität“ eins og karrípylsurnar en uppskriftin er fengin hjá einum meðlimi Svansins sem lengi dvaldist í Stuttgart við nám og störf. Var þessi réttur afar vinsæll þar á bæ og þess vegna var hann hafður með á þýsku kvöldi skemmtinefndarinnar.

**Tortilla lasagna**
Uppskrift fyrir fimm:

450 g nautahakk
5 stk. tortillur 10 tommu (hvítlauks ef vill)
2½ dl taco-sósa, mild eða hot eftir smekk
½ dl tómatpúrra
2 laukar
1 tsk. salt
1 msk. hvítlaukur
Matarolía til steikingar

**Ostasósa**

10 g smjör
1 msk. hveiti
2½ dl upphituð mjólk
2-3 dl tilbúin ostasósa

Steikið saxaðan lauk, nautahakk og tómatpúrru í matarolíu. Bætið við taco-sósu, salti og söxuðum hvítlauk. Steikið í þrjár mínútur. Hitið smjörið í potti og blandið hveitinu saman við. Bætið mjólkinni út í og látið malla við vægan hita í aðrar þrjár mínútur. Blandið ostasósunni við og bragðbætið með salti. Hellið þunnu lagi af ostasósu í eldfast mót. Setið á víxl tortillur, kjöt og ostasósu. Hafið seinasta lagið ostasósu. Skreytið með tómatsneiðum, ef vill, og rifnum osti. Hitið í ofni í 15 mínútur við 200° C.
Berið fram með fersku salati.



**Eftirrétturinn er Schokoladetraum**

300 g gott dökkt súkkulaði
4 stk. egg (aðskilin)
100 g sykur
50 g smjör
5 dl rjómi (þeyttur)

Súkkulaði og smjör er brætt saman yfir vatnsbaði. Rauðurnar og 25 g af sykri er þeytt saman. Því næst eru hvíturnar og 75 g af sykri þeytt saman. Eggjarauðunum og súkkulaðinu er síðan blandað saman og þeytta rjómanum bætt í hræruna. Síðast fara eggjahvíturnar. Athuga þarf að blanda öllu varlega saman svo að „draumurinn“ falli ekki. Þessu er svo hellt í stóra skál eða 4-6 minni glös og látið standa í kæli í að minnsta kosti þrjá tíma. Fallegt er að skreyta með smá þeyttum rjóma og jarðarberjum.




SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

allt
auglýsingasími
550 5880



**Aukaafsláttur** Sport Outlet er með lokadaga á sinni útsölu í dag og á morgun. Því er 50% aukaafsláttur af allri útsöluvöru og tækifæri til að gera góð kaup.



# Menntun bestu kaupin

***Lára Hrönn Pétursdóttir segir þeim peningum sem fara í menntun best varið. Menntun hefur skilað henni upp í brú syngjandi sjómannavalsa.***

Lára Hrönn er ekki í vafa um hver bestu kaup hennar séu. „Það er menntunin mín, alveg hiklaust,“ segir Lára. „Hún hefur komið mér á þann stað sem ég er á í dag.“

Menntun Láru er um margt forvitnileg. „Ég útskrifaðist úr Versló, en það er algjör óþarfi að auglýsa það eitthvað sérstaklega,“ segir Lára og hlær. „Svo kláraði ég þriðja stig skipstjórnar í Stýrimannaskólanum ásamt því að vera í söngnámi.“

Lára starfar sem sagt sem skipstjóri á sumrin en á veturna er það söngurinn sem á hug hennar allan, sérstaklega þessa stundina. „Ég og vinkona mín, María Jónsdóttir, héldum tvenna tónleika um páskana með strengjasveit,“ segir Lára.

Lára segir að aldrei hefði hún náð þessum áfanga hefði hún ekki menntunina að baki sér. „Hún skiptir öllu máli,“ segir Lára.

Verstu kaup Láru eru af allt öðrum meiði en þau bestu og ekki hægt að segja að þau hafi haft jafn mikil áhrif á líf hennar og menntunin. Verstu kaupin eru fjögurra diska safn með öllum helstu lögum stjarna samtímans. „Ég var fjórtán ára og safnið kostaði svo sem ekki mikið, en á þessum tíma var þetta stór fjárfesting,“ segir Lára. „Svo þegar ég kom heim komst ég að því, mér til mikillar skelfingar, að þetta voru panflautuútgáfur.“

*tryggvi@frettabladid.is*



Lára var ekki sérlega hrifin af panflautum á unglingsárunum og varð fyrir miklum vonbrigðum er hún keypti óvart safndisk þar sem panflautan var í aðalhlutverki.




Makalaust úrval gólfefna!

Í verslun okkar í Ármúla 18 finnur þú fjölbreytt úrval vandraðra gólfefna. Að auki veitum við faglega rágjöf við val þeirra og lagningu.

GÓLFEFNI TEPPALAND

ÁRMÚLA 18,108 REYKJAVÍK, SÍMI 515 9800
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 8-18



NÝTT KORTATÍMABIL

VOR 2007

NÝJAR VÖRUR
NÝ HÚSGÖGN

UNIKA

Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18 og laug. 11-16
www.unika.is

allt bílar

Alla laugardaga

AÐEINS 2 DAGAR EFTIR
50% AUKAAFSLÁTTUR
AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

PUMA · SPEEDO · TICKET 2 HEAVEN · SKUNK FUNK · MUSTANG · SANETTA · NEED




OPIÐ Í DAG KL. 13–18
OG Á MORGUN KL. 12–16

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík

Nú eiga nagladekkin að fara af!



Sunnudaginn 15. apríl eiga öll nagladekk að vera komin af. Vertu tímanlega þetta árið og komdu við í Sólningu eða Barðanum og við setjum sumardekkin undir fyrir þig.

Opnunartímar:

**Kópavogi**
Virka daga frá 08:00 til 18:00
Laugardaga 09:00 til 13:00

**Selfossi**
Virka daga frá 08:00 til 18:00
Laugardaga 10:00 til 13:00

**Njarðvík**
Virka daga frá 08:00 til 18:00
Laugard. 10:00 til 12:00

**Barðinn, Skútuvogi 2**
Virka daga frá 08:00 til 18:00
Laugardaga 09:00 til 15:00

BARÐINN
Skútuvogi 2, sími 568 3080

SÓLNING
Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 5445000 | Njarðvík | Selfoss

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

sirkus

13. apríl 2007



## Veiddi 19 punda maríulax

Sjónvarpsdrottningin Inga Lind Karlsdóttir er forfallin laxveiðimanneskja. Hún veiddi maríulaxinn sinn árið 2002.

Bls. 10



## Reynt að brjótast inn hjá Eiði Smára

Glæpamenn reyndu að brjótast inn í hús Eiðs Smára Guðjohnsen í Barcelona. Þeir komust ekki inn í húsið en kona Eiðs var ein heima með synina þrjá.

Bls. 4



SIRKUSMYND / VALLI

Færeyingurinn Jógvan Hansen vann X-faktor

# KLIPPARINN SEM VARÐ KYNTÁKN

VIÐTAL BLS. 6 & 8




# fréttir

## Heyrst hefur




### Heiðrún Lind komin í fang Halla

Sjálfstæðiskonan **Heiðrún Lind Marteinsdóttir**, sem það helst hefur unnið sér til frægðar að vera kosningastjóri **Gísla Marteins Baldurssonar** í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2006, er komin með nýjan mann upp á arminn. Sá er enginn annar en **Halli Hansen** sem er þekktastur fyrir það í seinni tíð að hafa staðið fyrir innrás írskra offitusjúklinga í Hvammsvík síðasta sumar.



### Eigandi Eyktar byggir sumarhöll

**Pétur Guðmundsson**, stjórnarformaður og eigandi byggingaverktakafyrirtækisins Eyktar, stendur nú í stórræðum við að byggja sér veglega sumarhöll í Grímsnesi. Höllin, sem er rúmir 300 fermetrar að stærð, er á besta stað í Grímsnesinu, steinsnar frá Kiðjabergsvelli, hinum glæsilega 18 holu golfvelli, sem verður vinsælli með hverju árinu. Meðal þeirra sem hafa keypt sér bústað í landi Kiðjabergs undanfarið er lögmaðurinn Steinar Þór Guðgeirsson, sem er framkvæmdastjóri Lögfræðistofu Reykjavíkur.

### 100.000 atkvæði í X-factor

Alls greiddu 100 þúsund manns atkvæði í símakosningunni í úrslitaþætti X-factors síðastliðið föstudagskvöld. Færeyingurinn Jógvan Hansen fór með sigur af hólmi með rétt rúm 70 þúsund atkvæði en Hara-systurnar úr Hveragerði fengu um 30 þúsund atkvæði. Að sögn **Pálma Guðmundssonar**, sjónvarpsstjóra Stöðvar 2, er þetta með því mesta sem sést hefur í símakosningu hjá stöðinni sem sýndi þrjár þáttaraðir af Idol áður en X-factor fór í loftið. Til samanburðar gaf RÚV upp að 150 þúsund manns hefðu kosið í símakosningu á lokakvöldi Eurovision fyrir skömmu.



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON, FORMAÐUR FRJÁLSLYNDRA, ER EKKI EINS OG HINIR

# KOMST EKKI Í STÓLINN EN ER VIÐ HESTAHEILSU

„Jú, það er rétt. Ég þarf meira pláss en aðrir,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, spurður um þá staðreynd að hann þurfti breiðari stól en aðrir formenn stjórnmálaflokkanna þegar leiðtogarnir mættu saman í Kastljósi RÚV á mánudaginn. Tekið var eftir því að Guðjón Arnar sat í öðruvísi stól en Jón Sigurðsson, Geir H. Haarde, Ómar Ragnarsson, Steingrímur J. Sigfússon og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir meðan á umræðunum stóð.

„Það fer ekkert á milli mála að ég er öðruvísi en hinir formennirnir. Ég geng ekki um í neinum blekkingarleik með það að ég er alltof þungur,“ segir Guðjón Arnar.

Lengi hefur fólk haft áhyggjur af heilsu Guðjóns Arnars sem er, eins og hann sjálfur viðurkennir, hressilega yfir kjörþyngd. Hann segist þó vera hraustur á líkama og sál og hræðist ekki það mikla álag sem fram undan er næstu fjórar vikurnar fyrir kosningar.

„Heilsan er góð. Ég hef lengi verið í þyngri kantinum og var til að mynda kominn yfir 100 kíló þegar ég var sautján ára. Ég er hins vegar vanur að vinna mikið þannig að komandi álag hræðir mig ekki neitt,“ segir Guðjón Arnar. Spurður hversu þungur hann sé í dag segist hann ekki vilja gefa það upp. „En ég yrði ekki óhamingjusamur ef ég losnaði við nokkur kíló,“ segir Guðjón Arnar og hlær.

Hann segir erfitt að lifa heilbrigðu lífi í því annasama starfi sem hann sinnir sem þingmaður Norðvesturkjördæmis og formaður Frjálslynda flokksins. „Ég nefni sem dæmi að ég borðaði banana í morgun klukkan átta en hef ekkert borðað í dag og mun væntanlega ekki borða neitt fyrr en seint í kvöld. Það er auðvitað ekki mjög hollt,“ segir Guðjón og dæsir.

Formaðurinn hefur líka lengi stundað sund sér til heilsubótar en sér fram á að leggja skýlunni fram að kosningum. „Það er bara ekki tími núna. Ég hef reynt að komast í sund tvisvar í viku og syndi þá svona 500 til 1.000 metra. Ég mun taka upp þráðinn á ný í lauginni þegar kosningarnar eru yfirstaðnar,“ segir fílhraustur en alltof þungur Guðjón Arnar.

Þegar Sirkus spurði Þórhall Gunnarsson, ritstjóra Kastljóss, hvort uppi hefði orðið fótur og fit þegar ljóst var að Guðjón Arnar féll ekki eins og flís við rass í nýju stólana, sagðist hann ekki vilja tjá sig um það. „Það sem gerist í stúdíóinu hjá okkur fer ekki þaðan út,“ sagði Þórhallur.

*oskar@frettabladid.is*



**ÖÐRUVÍSI STÓLL** Guðjón fékk annan stól en hinir flokksformennirnir í Kastljósi á mánudag enda eru þeir ekki sniðnir fyrir stóra og breiða menn.



**HEILSUHRAUSTUR** Eins og sést á þessari mynd er Guðjón Arnar mikill á velli og hefur fólk haft þungar áhyggjur af holdafari hans. Guðjón Arnar þakkar umhyggjuna en segist vera við hestaheilsu.



**Í LAUGINNI** Guðjón þarf að leggja skýlunni á meðan kosningabaráttan stendur sem hæst en hann reynir yfirleitt að komast í sund tvisvar í viku.



**LEYNDARMÁL** Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri Kastljóss, vill ekkert gefa upp um stólamálið, segir það vera mál sem engum komi við nema þeim sem voru staddir í stúdíóinu.






# Halla fór í splitt og spíkat í X-faktor

Það vita það ekki allir en Halla Vilhjálmsdóttir, kynnir í X-factor-þáttunum, fór hreinlega á kostum í öllum auglýsingahléum meðan á þáttunum stóð. Halla þurfti að halda uppi stemningunni í salnum á meðan ekkert var að gerast og fórst það afar vel úr hendi. Meðal þess sem hún bauð upp á var að hún fór bæði í splitt og spíkat fyrir áhorfendur eftir mikla hvatningu úr salnum. Hún gerði þetta í fjórum síðustu þáttunum við mikla lukku áhorfenda.

Halla segir í samtali við Sirkus að þetta væri ekki mikið mál fyrir hana. „Ég hef verið liðamótalaus frá því að ég var krakki og ég hafði það alltaf á tilfinningunni að mamma hefði átt mig með einhverju sirkusfríki. Hún neitar því þó og ég trúi því. Það er ekkert mál fyrir mig að fara í splitt og spíkat svo framarlega sem kjóllinn er nógu víður og ég er í nærbuxum,“ segir Halla og hlær.

**LIÐAMÓTALAUS** Halla fer í splitt eins og að drekka vatn. SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR



**LIÐUG** Eins og sjá má á þessari mynd átti Halla Vilhjálms ekki í neinum vandræðum með að skella sér í spíkat fyrir áhorfendur á úrslitakvöldinu síðastliðinn föstudag. SIRKUSMYND/ANTON

# GRUNDIG LCD - ÓTRÚLEGT VERÐ




**GRUNDIG**
**LW825605**

32" HD LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 1.000:1 skerpu, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður WXGA) og textavarpi.

**TILBOÐ 69.990**
FULLT VERÐ kr. 129.990

---




**GRUNDIG**
**LXW827512**

32" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 700:1 skerpu, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 3 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 74.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




**GRUNDIG**
**LXW829622**

32" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 600:1 skerpu, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 3 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




**GRUNDIG**
**LXW827610**

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 1.000:1 skerpu, mynd í mynd (2 móttakarar), 2 x 28w Nicam stereó hljóðkerfi, 3 Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnar-tólstengi, DVI og VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 84.990**
FULLT VERÐ kr. 169.990

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Póllinn, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# fréttir

## Heyrst hefur



### Dívur slógu í gegn á Domo

„Við erum alsælar,“ segir **Hera Björk Þórhallsdóttir** en hún, **Margrét Eir**, **Heiða Ólafs** og **Regína Ósk** héldu vel heppnaða tónleika á veitingastaðnum Domo í vikunni. Stelpurnar tóku uppáhaldslögin sín og sungu ýmist allar saman, sóló og dúetta. „Þetta gekk rosalega vel og við skemmtun okkur vel,“ segir Hera Björk en húsfyllir var á tónleikunum. Aðspurð segir Hera aldrei að vita nema þær stöllur komi saman aftur og hún segir allt hafa orðið vitlaust þegar þær tóku lag eftir Spice Girls. „Við förum bara í samkeppni við Spice Girls og fáum vonandi plötusamning við erlendan risa,“ segir Hera hlæjandi.



FJÖLSKYLDA EIÐS SMÁRA GUÐJOHNSEN Í KRÖPPUM DANSI Í BARCELONA

# KONAN OG SYNIRNIR ÞRÍR EIN HEIMA ÞEGAR REYNT VAR AÐ BRJÓTAST INN

Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að njóta velgengni í lífinu. Knattspyrnukappinn Eiður Smári Guðjohnsen, sem leikur með spænska stórliðinu Barcelona, komst að því á dögunum þegar óprúttnir náungar gerðu tilraun til að brjótast inn í glæsilegt heimili fjölskyldu hans sem er rétt fyrir utan Barcelona. Þjófarnir komust þó ekki lengra en að hliðinu fyrir framan húsið því öflugt öryggiskerfi sá til þess að iðja þeirra komst upp.

Eiður Smári var ekki heima þegar glæpamennirnir lögðu til atlögu en sambýliskona hans, Ragnhildur Sveinsdóttir, var ein heima með syni þeirra þrjá, Svein Aron, átta ára, Andra Lúkas, fimm ára og Daníel Tristan, eins árs. Var henni eðlilega verulega brugðið þegar hún heyrði að baukað var við garðshliðið seint að kvöldi.

Þegar lögreglan kom á staðinn eftir töluvert langan tíma voru þjófarnir á bak og burt en auk lögreglunnar mætti eins konar öryggissveit frá Barcelonaliðinu sem sér um að gæta öryggis leikmanna liðsins sem eru margir hverjir metnir á milljarða. Þessi sveit þykir ekki árennileg enda er það hennar hlutverk að sjá til þess að ekkert hendi rándýra leikmenn liðsins.

Eiður Smári vildi ekki tjá sig um málið þegar Sirkus leitaði eftir því.

*oskar@frettabladid.is*



**SKOTIÐ SKELK Í BRINGU** **Ragnhildur Sveinsdóttir**, sambýliskona **Eiðs Smára**, sést hér gefa Daníel Tristan pela þegar Eiður Smári hélt blaðamannafund og tilkynnti að hann væri genginn til liðs við Barcelona. Ragnhildur varð fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að reynt var að brjótast inn á heimili þeirra í Barcelona á meðan hún var ein heima með synina þrjá.



FULLT FULLT AF NÝJUM VÖRUM OG FRÁBÆR TILBOÐ UM HELGINA !!!

retro SMÁRALIND



**MJÖG GAMAN** **Regína Ósk** hafði mjög gaman af tónleikum Bjarkar í Laugardalshöllinni á mánudag..

### Regína Ósk:

# Sá Björk í fyrsta sinn

„Mér fannst mjög gaman en ég hafði aldrei séð hana á tónleikum áður,“ segir söngkonan Regína Ósk Óskarsdóttir sem skellti sér á tónleika Bjarkar Guðmundsdóttur. Regína viðurkennir að hún sé ekki mesti aðdáandi Bjarkar og að það hefði líklega verið enn skemmtilegra ef hún hefði hlustað á tónlistina áður en hún skellti sér á tónleikana. „Ég er ekki mesti aðdáandi hennar en langaði að sjá hana en hefði viljað sitja í stúku. Þá hefði ég örugglega skemmt mér enn betur. Ég skemmti mér samt mjög vel þótt það sé alltaf erfitt að melta nýtt efni sem maður er að heyra í fyrsta skiptið,“ segir Regína. Uppselt var á tónleikana sem haldnir voru í Laugardalshöll og þóttust takast mjög vel.



**SKEMMTU SÉR VEL** Söngkonan **Regína Ósk** ásamt kærastanum, **Sigursveini Þór Árnasyni**.


EURO NCAP
www.euroncap.com
Fiat Grande Punto
Númer 1 í Evrópu
Frábær bíll – punktur!
• Stíll. Hannaður í anda Maserati af Giorgetto Giugiaro.
• Eyðsla. Aðeins 6 lítrar á hverja 100 km í blönduðum akstri.
• Öryggi. 5 stjörnur í Euro Ncap. 6 loftpúðar.
Fiat Ducato
Fiat Dobló
FIAT
Fiat Panda
Fiat Multipla
Fiat Croma
Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati
DUCATI
Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16
SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is
PI PAR • SÍA • 70349

# VEIT EKKI HVERNIG ÉG Á AÐ SEGJA TAKK



KYNTÁKN Það er óhætt að segja að Jógvan hafi hitt í mark hjá íslensku kvenþjóðinni með þátttöku sinni í X-factor. SIRKUSMYND/VALLI

**Jógvan Hansen er 28 ára gamall Færeyingur sem fæddur er í Klakksvík. Hann kann að spila á fiðlu. Hann kann að klippa hár og farða konur. Hann kann líka að syngja og það gerði hann að fyrsta X-factor-sigurvegara Íslands síðastliðið föstudagskvöld. Hann er sætur – og stelpur! Hann er á lausu.**

Ég trúði þessu varla þegar ég stóð þarna uppi á sviðinu. Auðvitað stefndi ég að því að vinna en að það skyldi gerast með þessum yfirburðum er ótrúlegt. Ég var aldrei sigurviss, ekki í einum einasta þætti. Ég reyndi bara að gera mitt besta og það var gaman að það féll íslensku þjóðinni í geð,“ segir Jógvan og viðurkennir að hann sé afar upp með sér að hafa fengið slíka yfirburðakosningu sem raun bar vitni í úrslitaþættinum en þar fékk hann rétt rúmlega 70% atkvæða. „Ég er afar stoltur og veit ekki alveg hvernig ég á að segja takk fyrir við allt fólkið sem kaus mig,“ segir hann.

### Guð er ekki í kirkjunni

Það vakti nokkra athygli þegar úrslitin í X-factor lágu fyrir að sá fyrsti sem Jógvan þakkaði fyrir var ekki Einar Bárðarson, þjálfari hans, heldur sjálfur guð almáttugur. En er hann mjög trúaður?

„Já, ég er það. Færeyingar eru mjög trúuð þjóð. Ég er alinn upp á mjög trúuðu heimili og ég held að ég hafi aldrei þurft meira á trúnni að halda heldur en þegar ég kom til Reykjavíkur. Til að halda geðheilsunni í öllum þeim látum sem eru hér. Fyrir mér er það mikilvægt að vera ekki að tala út í loftið heldur vera að tala til guðs. Ég hef reyndar ekki verið duglegur við að fara í kirkju en ég trúi ekki að guð sé í kirkjunni heldur í hjartanu. Það er alltaf gott að fræðast meira en ég hef ekki verið duglegur við að sækja kirkju hér á Íslandi. Ég gerði það hins vegar í Færeyjum þegar ég bjó þar.“

### Lærði níu ára á fiðlu

En hvenær skyldi Jógvan fyrst hafa komist í kynni við tónlist?

„Ég kynntist tónlist fyrst þegar ég var níu ára og byrjaði að læra á fiðlu. Ég er var lítill feitur fiðluleikari,“ segir Jógvan og hlær. „Allur bekkurinn minn byrjaði að læra á fiðlu en ég var kannski sá eini sem hélt áfram. Ég spilaði í níu ár á fiðlu. Þegar ég var þrettán ára var ég í Sinfóníuhljómsveit Færeyja og fannst það hundleiðinlegt. Ég þoldi ekki Mozart og Bach. Þetta var hins vegar dýrmætur tími því klassísk tónlist er besti grunnurinn sem hægt er að fá í tónlist. Ég get næstum gert allt eftir þetta. Ég get lesið nótur og spilað á gítar þótt ég sé ekki besti gítarleikari í heiminum. Ég er mjög góður í að halda uppi stemningu í partíum sem er mjög mikilvægt í Færeyjum þar sem það er fátt annað hægt að gera en að skella sér í partí á þessari litlu einangruðu eyju,“ segir Jógvan og á þar við Færeyjar, ekki Ísland.

Jógvan var aðeins sextán ára þegar hann varð frægur í Færeyjum. Hann segist hafa verið uppgötvaður fyrir tilviljun þegar hann spilaði lag fyrir frænku sína. „Ég var að spila og syngja lag, „Leaving on a Jetplane“, sem ég var nýbúinn að læra, fyrir frænku mína þegar ég var sextán ára. Það voru einhverjir hljómsveitarkarlar sem heyrðu í mér og sögðu: „Heyrðu, þetta er flott. Ertu ekki til í að koma og syngja með okkur?“ Ég gaf út plötu með þeim með frumsömdum lögum og þetta var alveg frábær reynsla. Tvö þessara laga eru enn mjög vinsæl í Færeyjum þótt það sé liðinn svona langur tími. Þetta var góð byrjun. Við spiluðum ótrúlega mikið á stuttum tíma og ég skemmti mér alveg konunglega,“ segir Jógvan. Fjórum árum seinna sló hann aftur í gegn í Færeyjum þegar hann söng inn á þrjár feikivinsælar barnaplötur með Íslandsvininum Brandi Enni.

### Í förðunarnám til Íslands

Eftir að Jógvan lauk skyldunámi í Klakksvík 16 ára tók við fjögurra ára tímabil þar sem hann hafði ekki hugmynd um hvað hann vildi gera. Hann fór í verslunarskóla í eitt ár og dó nærri úr leiðindum. Eftir það vann hann sem garðyrkjumaður, í fiskvinnslu og sem barþjónn allt þar til að hann fann köllun sína þegar hann var tvítugur. Þá byrjaði hann nám í hárgreiðslu í Þórshöfn og eftir það varð ekki aftur snúið. „Þetta var æðislegt strax frá byrjun,“ segir Jógvan sem var eini strákurinn með tólf stelpum í bekk.

„Ég viðurkenni að það var skrýtið í byrjun en síðan vandist það og var fínt. Ég var síðan nýbúinn með skólann um jólin 2004 þegar vinkona mín, sem lærði í Danmörku, spurði mig hvort við ættum ekki að læra meira. Ég var opinn fyrir því og hún fór að tala um förðunarnám. Ég hafði alltaf mikinn áhuga á leikhúsförðun og hjálpaði leikfélaginu í Klakksvík með förðun, greiðslu og búninga þegar ég hafði tíma frá náminu í Þórshöfn. Mig langaði til að læra leikhúsförðun. Við ræddum saman um mögulega staði til að læra á og valið stóð á milli Svíþjóðar og Íslands. Og Ísland var landið,“ segir Jógvan um ástæður þess að hann endaði á Íslandi snemma árs 2005.

Eftir að hafa farið í þriggja mánaða nám hér á landi útskrifaðist Jógvan sem förðunarfræðingur og hann segir þann tíma hafa verið ótrúlega skemmtilegan. „Ég bjó á færeyska sjómannaheimilinu og það var eiginlega stanslaus skemmtun allan tímann. Vá, hvað það var gaman. Þetta var eins konar heimavistartilfinning,“ segir Jógvan og brosir.

Eftir að förðunarnáminu lauk rambaði Jógvan inn á stofuna Unique í Grafarvogi þar sem hann bað um að fá að vinna frítt sem hárgreiðslumaður. Það var auðsótt mál og var hann þar í nokkra mánuði. Þá bauðst honum vinna á Tony & Guy sem hann þáði með þökkum en eftir tæpt ár á þeirri stofu var hann kominn aftur á Unique þar sem hann leigði stól. Honum var svo fljótlega boðið að gerast meðeigandi í stofunni sem opnaði á nýjum stað í janúar í Borgartúni. „Við erum þrír eigendur, ég, Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir og Jóhanna María Gunnarsdóttir. Svona er sagan mín á Íslandi,“ segir Jógvan.

### Enginn Michael Jackson

Það er hægt að þakka systrunum Rakel og Hildi Magnúsdætrum úr Hveragerði, sem skipuðu Hara í X-factor, að íslenska þjóðin fékk að kynnast söngvaranum Jógvan Hansen. Margir Íslendingar þekktu fyrir hárgreiðslumanninn Jógvan en þær systur skráðu Jógvan til leiks í X-factor að honum forspurðum og allir vita nú hvernig það ævintýri endaði. Jógvan kynntist þeim systrum í gegnum fyrrverandi kærustu sína sem er einnig úr Hveragerði. „Það var auðvitað frábært að kynnast stúlkum eins og Rakel og Hildi. Þær eru yndislegar manneskjur og það er ekki hægt annað en að vera í góðu skapi í kringum þær. Það eru í raun og veru forréttindi að hafa fengið að kynnast þeim,“ segir Jógvan um Hara-systurnar hressu sem skráðu hann í X-factor og töpuðu svo fyrir honum í úrslitum síðastliðið föstudagskvöld. Jógvan ætlaði sér allan tímann að sigra í keppninni og segir þáttinn frábæran stökkpall fyrir þá sem ná lengst í honum.

„X-factor er frábær stökkpallur. Þetta er snilldarþáttur því það var svo mikið af góðu fólki í kringum mann. Ég var eiginlega sá eini sem gat klúðrað þessu. Kristjana [Stefánsdóttir] er snillingur bæði sem söngkona og kennari, Yesmin Olsson er með frábæran bakgrunn til að kenna framkomu og Einar, sem er umboðsmaður Íslands. Það besta við þetta fólk var að það talaði aldrei niður til mín. Kristjana kom aldrei og sagði við mig: „Ég skal kenna þér að syngja.“ Hún sagði mér bara að vinna með það sem ég kunni. Það var snilldin við hana. Ég var með henni á hverjum degi og hún kenndi mér alltaf eitthvað nýtt en ekki þannig að hún þröngvaði því upp á mig heldur sem eðlilega þróun á söngrödd minni.

Það sama gilti um Yesmin. Hún sá strax að ég er enginn Michael Jackson og hún reyndi ekki að breyta mér í einn slíkan. Hún kenndi mér hins vegar einfaldar hreyfingar og líkamsstöður sem hjálpuðu mér mikið á sviðinu. Í Færeyjum var ég alltaf ömurlegur á sviði. Ég var svo lélegur að það var talað um það hversu ömurlegur ég væri. Yesmin breytti því. Hún fékk mig til að gera ótrúlega hluti og þegar ég horfi aftur á þættina þá trúi ég ekki að þetta sé ég. Þrátt fyrir að ég hafi verið vanur að standa á sviði í Færeyjum var ég alls ekki vanur að standa á sviði hér á Íslandi fyrir framan tíu til fimmtán myndavélar, talandi annað tungumál og á flottasta sviði sem ég hef séð. Ég var algjör nýgræðingur eins og allir hinir. Ég var svo stressaður að ég var að skíta á mig í hvert einasta skipti sem ég fór á sviðið. Það vandist eitthvað og ég lærði kannski að hafa betri stjórn á því en vá, hvað ég var alltaf stressaður,“ segir Jógvan.

„ÚTLIT MITT SKIPTIR ENGU MÁLI OG ÞAÐ HVORT KONUR HAFA ÁHUGA Á MÉR ER ALGJÖRT AUKAATRIÐI SEM ÉG ÆTLA EKKI AÐ RÆÐA.“

Stressið og álagið hefur líklega gert það að verkum að hann léttist um hátt í tíu kíló meðan á X-factor stóð. Það var eftir því tekið í úrslitaþætti X-factors síðastliðið föstudagskvöld að Jógvan var pínu þybbinn í æsku og hafði líka grennst töluvert frá því að áheyrnarprufurnar fóru fram í september á síðasta ári. „Ég er búinn að grennast mikið og það er mest vegna þess að ég hafði einfaldlega ekki tíma til að borða. Álagið er búið að vera mikið undanfarna mánuði og eitthvað varð að láta undan. Ég vann eins mikið og ég gat á stofunni og síðan tóku við æfingar fram undir miðnætti á hverjum degi,“ segir Jógvan og þvertekur fyrir það að hann hafi verið feitur þegar hann mætti í áheyrnarprufurnar. „Ég var meira svona rómantískt búttaður,“ segir hann og hlær.

### Færeyski folinn verður til

Það er óhætt að segja að framkoma og frammistaða Jógvans í Smáralindinni hafi brætt mörg meyjarhjörtun og ekki leið langur tími þar til hann var orðinn að hálfgerðu kyntákni. Má mikið vera ef hann verður ekki ofarlega í árlegri könnun á kynþokkafyllsta

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU >>




**Erum farin að taka á móti umsóknum í allar deildir skólans.
Því fyrr sem þú sækir um, því meiri möguleika áttu á námsvist.
Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans, www.bifrost.is**

## Lagadeild

Í lagadeild er boðið upp á viðskiptalögfræði sem samsett er úr greinum lögfræði, fjármála og viðskipta. Námið er afar hagnýtt og getur verið góður undirbúningur fyrir atvinnulífið eða frekara nám. Nemendur útskrifast með BS gráðu í viðskiptalögfræði.

## Viðskiptadeild

Alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Í BS námi í viðskiptafræði eru kennd öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta.

## Félagsvísindadeild

Deildin býður upp á grunnnám til BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði). Grunnnám í HHS er traustur undirbúningur fyrir hvers kyns framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda, til meistara- eða doktorsgráðu og fyrir störf á alþjóðlegum vinnumarkaði.

**Umsóknafrestur í grunnnám er til 10. júní 2007**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:
**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**



**SIGRI FAGNAÐ Jógvan sést hér fagna sigrinum í X-faktor í fanginu á þjálfara sínum Einari Bárðarsyni og sjá má að gleði Færeyingsins er fölskvalaus.** SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR

karlmanni landsins þetta árið. Það hjálpaði líka til að Sæunn Ósk og stelpurnar á hárgreiðslustofunni fundu upp slagorðið „Færeyski folinn" og hönnuðu boli með þeirri áletrun. Jógvan segist ekki hafa vitað fyrst hvað foli þýddi. „Ég veit það hins vegar núna," segir hann og brosir.

Spurður um kvenhylli og áhuga hins kynsins á honum vill Jógvan lítið tjá sig um slíkt. „Ég ætla ekki að svara spurningum um aukinn áhuga kvenna á mér. Það skiptir mig engu máli þótt fólk sé að hugsa um það og tala um það. Útlit mitt skiptir engu máli og það hvort konur hafa áhuga á mér er algjört aukaatriði sem ég ætla ekki að ræða. Ég hef enga þörf fyrir að koma fram í fjölmiðlum og segja hvað ég sé sætur eða hversu margar konur hafa áhuga á mér," segir Jógvan.

### Páll Óskar var bara að sýnast

Það verður ekki undan því vikist að ræða um samkynhneigð í þessu viðtali. Margir hafa velt því fyrir sér hvort Jógvan sé samkynhneigður og þótt það komi honum ekki á óvart þá segist hann ekki þurfa að ræða það neitt sérstaklega.

„Ég er orðinn vanur þessu. Þegar karlmaður í Færeyjum fer að læra hárgreiðslu þá koma margar hugsanir og skoðanir fram. Ég er búinn að fá minn pakka af „hommaslúðri". Það er alls staðar fólk sem er með „hommafóbíu", bæði hér í Reykjavík og í Færeyjum. Færeyingar eru auðvitað mjög trúaðir og ég held að eldra fólkið hafi sérstaklega fordóma gegn hommum. Okkar kynslóð er hins vegar ekki með fordóma. Ég er ekki viðkvæmur fyrir hommatalinu. Ég er að syngja fyrir alla, ekki bara gagnkynhneigða," segir Jógvan. „Ég lærði á fiðlu, fór í hárgreiðslu og förðun. Ég gat búist við því að þetta yrði tengt við samkynhneigð," segir Jógvan og hlær.

Hann fékk sinn skerf af grófum athugasemdum frá Páli Óskari í X-factor en segist bara hafa haft gaman af því. „Þetta var nú bara hluti af sýningunni hjá Palla. Ef hann hefði verið að reyna við mig baksviðs hefði ég aldrei látið það viðgangast en ég veit að hann var að gera þetta til að skemmta fólki. Það stóð auðvitað ekki í samningnum hans að hann ætti að gera þetta en Páll Óskar er Páll Óskar. Hann segir alls konar hluti og mér finnst það bara fyndið ef fólk er að hneykslast á þessu. Palli byrjaði kannski þessa umræðu en hann endaði hana líka þegar hann lýsti því yfir í einum þættinum að ég væri „straight". Ég bað hann ekki um það. Mér finnst ég ekki þurfa að segja neitt um þetta. Vinir mínir og fjölskylda vita hvernig málin standa og það nægir mér. Aðrir geta velt sér upp úr þessum hlutum. Það er mér að sársaukalausu."

### Ekki íslensk lög í framtíðinni

Í úrslitaþættinum þurftu Hara og Jógvan að syngja nýtt íslenskt lag eftir þá Óskar Pál Sveinsson og Stefán Hilmarsson. Það var vitað mál að það yrði ekki auðvelt fyrir Færeyinginn Jógvan en hversu erfitt var það í raun og veru?

„Það er ekkert mál að tala íslensku og ég get blaðrað út í eitt við fólk. Það er hins vegar annað mál að fara í sjónvarp og syngja nýtt lag á íslensku. Ég fékk textann á þriðjudagskvöld og það var mjög erfitt að læra hann. Ég var kannski hræddari fyrst en síðan varð ég bara kærulaus og hugsaði að fólk myndi skilja mig þótt ég syngi með smá hreim. Einar var alltaf að reyna að fá mig til að syngja íslenskt lag í keppninni en ég neitaði alltaf. Fólk vissi að ég var útlenskur og tók þessu held ég bara vel og með opnum huga. Ég ætla þó ekki að byggja framtíð mína á íslenskum lögum. Ég held að það væri ekki gott fyrir móðurmálið ykkar," segir Jógvan og hlær.

Aðspurður hvert hann stefni í framtíðinni segist Jógvan ekki vita það upp á hár. „Ég vona bara að ég og Einar getum gert eitthvað skemmtilegt saman. Það verður gerð plata, bæði með frumsömdum lögum eftir mig og fleiri sem og lögum úr X-factor. Öll lögin verða á ensku, líka lagið í úrslitaþættinum ef ég fæ leyfi til. England heillar og kannski á maður að setja markið nógu hátt. Markmiðið er ekki að verða heimsfrægur í þeim skilningi. Frægðin skiptir ekki máli heldur tónlistin. Hún er fíkn og ef hægt er að lifa af henni þá væri það draumur. Ég er hins vegar langt frá því núna. Það er mikilvægt að halda auðmýktinni og vera á jörðinni. Það er auðvelt að týnast í þessum bransa."

Já, taka allan pakkann „drug, sex and rock n´ roll"?

„Ég held að ég taki bara það síðasta af þessu þrennu, jú og kannski smá sex með," segir Jógvan og hlær dátt.

oskar@frettabladid.is



„ÉG HEF REYNDAR EKKI VERIÐ DUGLEGUR VIÐ AÐ FARA Í KIRKJU EN ÉG TRÚI EKKI AÐ GUÐ SÉ Í KIRKJUNNI HELDUR Í HJARTANU."

## SVONA ER JÓGVAN



* „Hann er rosalega vandvirkur, er ofureinlægur og besti klippari sem ég veit um. Hann er ótrúlega hugmyndaríkur og það er ekki annað hægt en að elska þennan mann út af lífinu. Það er rosalega gott að leita til hans því hann er alltaf tilbúinn til að hlusta. Hann á eftir að rúlla öllu upp sem hann tekur sér fyrir hendur."

**Rakel Magnúsdóttir, vinkona Jógvans og meðlimur systradúettsins Hara.**

* „Jógvan er náttúrutalent. Hann hefur mikla útgeislun, mikla tónlistarhæfileika og honum líður vel uppi á sviði. Það er nefnilega ekki nóg að langa upp á svið. Það verður að hafa eitthvað þangað að gera. Hann hefur mikið að gefa og það er auðvelt fyrir fólk að hrífast með. Hann tók leiðsögn þeirra Kristjönu og Yesmine mjög vel – eiginlega eins og svampur, hann drakk allt í sig sem þær höfðu að bjóða. Ég hlakka mikið til þess samstarfs sem fram undan er."

**Einar Bárðarson, umboðsmaður Jógvans og þjálfari hans í X-factor.**





* „Hann er einn af betri nemendum sem ég hef fengið. Hann kom mér alltaf á óvart því hann toppaði sig svo mikið. Röddin stækkaði mikið, hækkaði um fjóra heiltóna. Hann er opinn og sýndi okkur mikið traust. Hann virkar voða flottur en er svo eins og sveitadrengur. Hann er svo orginal sem er aðlaðandi eiginleiki. Hann veit nákvæmlega hvað hann vill og er mjög klár."

**Kristjana Stefánsdóttir, raddþjálfari Jógvans í X-factor.**

* „Hann er mjög fínn náungi. Hann lagði mikið á sig og átti sigurinn svo sannarlega skilinn. Við urðum góðir vinir, vorum saman í ræktinni og undirbjuggum okkur saman. Við tengdumst strax þegar við hittumst á Flúðum. Hann er rólegur og á það til að vera fyndinn. Hann sýndi hins vegar alvarlegu hliðina á sér þegar líða tók á keppnina."

**Alan Jones, þátttakandi í X-factor.**






Greiðslukjör í allt að 36 mánuði

(visa/euro) Engin útborgun

Sjóntækjafræðingur með réttindi til sjónmælinga og linsumælinga

Gleraugað

Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími: 568 1800

gleraugad@simnet.is
www.gleraugad.is

# Fermingarsímar




Með Nokia og Sony-Ericsson símum frá Símabæ fylgir handbók á íslensku. Notendaviðmót er í öllum tilfellum íslenskt.

Símabær

Símabær - Síðumúli 31 - Reykjavík - 533-2700 - www.simabaer.is


# tækni og afþreying

FÖSTUDAGUR 13. APRÍL 2007







**LCD SJÓNVARP** · 10 Bita litvinnsla · 6,4 milljarðir lita · Kontrast 3000:1 · Upplausn: 1366x768 · Textavarp 1000 bls. · Game Mode · 170° sjónarhorn · Tækin koma á borðstandi og eru fáanleg í 27", 32" og 40" stærðum · Auðvelt er að festa tækin á vegg · Þyngd aðeins 10 kg, 13,5 kg og 20.7 kg

**27" SAMSUNG LCD** LE27S71BX · **Verð: 99.900.-**
**32" SAMSUNG LCD** LE32S71BX · **Verð: 129.900.-**
**40" SAMSUNG LCD** LE40S71BX · **Verð: 219.900.-**




**PLASMA SJÓNVARP**
Kemur á borðstandi · 13 Bita litvinnsla · 549 milljarðir lita · Kontrast: 10.000: 1 · Upplausn: 1366x 768 · Textavarp 1000 bls. · Mjög vel búið tengjum: HDMI, 2 x SCART og PC inngangur · Hægt að fá 42" með eða án digital móttakara (PS42C7HDX)

**42" SAMSUNG PLASMA** PS42C7HX · **Verð: 219.900.-**
**42" SAMSUNG PLASMA** PS42C7HDX · **Verð: 249.900.-**
**50" SAMSUNG PLASMA** PS50C7HX · **Verð: 349.900.-**

*Þegar vanda skal valið kemur SAMSUNG **strax** upp í hugann*

NÚ ER ÞAÐ SAMSUNG SEM SKARAR FRAM ÚR

ORMSSON

| ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 |
|---|---|---|---|

– og umboðsmenn um land allt



Steve Jobs hefur loksins náð eyrum tónlistarbransans. Frá byrjun maí mun EMI afnema afritunarvörn á tónlist á netinu.

# EMI afnemur afritunarvarnir

**Plötufyrirtækið EMI hefur fjarlægt afritunarvörn á tónlist á netinu. Búist er við að önnur plötufyrirtæki fylgi í kjölfarið.**

Afritunavörn á tónlist á netinu hefur lengi verið hitamál í tónlistar- og tölvubransanum. Talið er að ólögleg dreifing og fjölföldun stuðli að milljóna tapi ár hvert. Forstjóri tölvurisans Apple, Steve Jobs, segir hins vegar afritunarvörnina hindra þróun á löglegri dreifingu.

Jobs hefur lengi hvatt plötufyrirtæki til að afnema afritunarvörn og í byrjun maí verður plötufyrirtækið EMI það fyrsta til að stíga það skref í samvinnu við Apple.

EMI hefur lengi barist í bökkum, einkum eftir misheppnaða tilraun með afritunarvörn sem reytti marga neytendur til reiði. Margir vilja því meina að fyrirtækið sé að reyna að bæta fyrir þessi mistök, ásamt því að reyna að öðlast forskot á tónlistarmarkaðnum á netinu.

Með fyrsta skrefi EMI er þó sennilegt að hin fyrirtækin verði að fylgja í kjölfarið. Enda hafa plötufyrirtækin búið sig undir þetta skref og þó að Steve Jobs sé sýnilegastur í baráttunni eru það plötufyrirtækin sem stjórna ferðinni.

„Þetta er tvímælalaust skref í rétta átt. Fólki er treystandi í flestum tilvikum og þetta snýst um að treysta neytandanum og svara óskum hans," segir Steingrímur Árnason hjá Apple-umboðinu á Íslandi.

Afnám afritunarvarna á þó ekki aðeins við um tónlistarverslunina iTunes frá Apple því búist er við að verslanir bæði hérlendis og erlendis muni fylgja í kjölfarið.

Microsoft sakaði Jobs á sínum tíma um ábyrgðarleysi og einfeldningshátt en hefur nú skipt um skoðun. Microsoft mun nú fylgja fordæmi Apple og bjóða tónlist á netsvæði Zune-spilarans, sem er svar Microsoft við iPod. Samhliða breytingunum mun verðið einnig hækka og þeir sem þegar hafa keypt tónlist geta keypt afnámsrétt.

Íslendingar geta enn ekki verslað við iTunes og segir Steingrímur ekki liggja ljóst fyrir enn hvort af því verði. „Ísland er lítill markaður en við vonumst að sjálfsögðu til þess að geta boðið Íslendingum upp á þjónustu úr iTunes í framtíðinni," segir Steingrímur.

rh@frettabladid.is




Buzz er nokkuð öflugur.




Dance Dance Revolution er heimadiskó sem svíkur engan.




Fótboltadraumurinn getur orðið að veruleika heima í stofu.




Singstar-æðið er búið en enn má hafa vel gaman af leiknum.




Guitar Hero er einn allra besti partíleikurinn. Svo er Rock band-leikurinn á leiðinni þar sem hægt verður að spila á ekki bara gítar heldur líka trommur og bassa auk þess sem míkrafónn fylgir.

# Bestu partíleikirnir

Samkvæmisleikir eru ekki alveg málið. Séu þeir á tölvutæku formi horfir málið öðruvísi við enda fátt skemmtilegra en að gera sig að fífli með nútímatækni. Hérna eru fimm leikir sem hægt er að skella í tölvuna ef partíið er dauft og viti menn, verði stuð!

**1. Guitar Hero I & II á PS2.** Einhver almesta snilld sem gefin hefur verið út. PA2, plastgítar, rokk og ról, vein og gól. Keppt er um titilinn besti gítarleikarinn með það til gerðum gítar og svo má alltaf gleyma því hvort nóturnar eru réttar og reyna bara að líta vel út (sem er jafn erfitt og það hljómar með lítinn plastgítar).

**2. Singstar á PS2.** Æðið sem reyndar er búið en hafir þú ekki verið partur af því veistu ekki af hverju þú misstir. Að keppa í söng hætti skyndilega að vera einungis fyrir Eirík Hauksson og aðra Evróvisjónfara og „battlið" var fært heim í stofu. Í rauninni er leikurinn bara heimakarókí, og eins og það er hallærislegt þá er alltaf eitthvað við það.

**3. FIFA Soccer eða PES** á allar gerðir. Þessir leikur, rétt eins og flestir knattspyrnuleikir, henta betur í pulsupartíið. Fullt af fjarstýringum, slatti af bjór, góður leikur og stórt sjónvarp eru trygging fyrir öruggri skemmtun.

**4. Buzz á PS2.** Tónlistarspurningakeppni er ágætis skemmtun en kannski ekki í fjörugustu teitunum. Stendur samt fyrir sínu.

**5. Dance Dance Revolution: Hottest Party á Ninteno Wii.** Ein allra mesta partísnilldin. Tengdu þar til gerða dansmottu (sem sumir kunna að eiga eftir dansdagana á Gamecube) og æfðu fótavinnuna á meðan hendurnar hreyfast í takt við Wii fjarstýringuna. Nú loksins fá þeir sem líta út eins og asnar á dansgólfinu tækifæri til að líta út eins og asnar en samt skemmta sér.

Fermingargjöf – með æviábyrgð

"..hef náð frá 130 orðum á mínútu í 1056 orðum á mínútu.."
Axel Kristinsson, 16 ára nemi.

"Þetta mun nýtast mér alla ævi."
Jóhanna Helga, 15 ára grunnskólanemi.

"Ykkur að þakka mun ég rúlla upp samræmdu prófunum."
Jökull Torfason, 15 ára nemi.

"..byrjaði með 96 orð á mínútu og 40% skilning en í lokin las ég 406 orð á mínútu og 70% skilning."
14 ára nemi.

"Námskeiðið er gott, ekki of tímafrekt og góður undirbúningur fyrir framtíðina."
Margrét Ósk, 14 ára nemi.

"...jók lestrarhraðann talsvert mikið."
Elísa Elíasdóttir, 12 ára nemi.

"..fannst námskeiðið skemmtilegt og krefjandi."
Álfrún Perla, 14 ára nemi

"..þetta hefur hjálpað mér í námi."
Steinar Þorsteinsson, 15 ára nemi.

Gjafabréf Hraðlestrarskólans • Frábær fermingargjöf • Gjöf með æviábyrgð

Allar upplýsingar á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN




**Asus PG191** 19" LCD með PowerBass hátalarakerfi (uppáhald leikjaspilara), 2MS í svartíma, 1280x1024 upplausn, 800:1 skerpu, VGA & DVI tenglum, USB tengi og SPLENDID Video.

**TILBOÐ kr. 39.900**

FULLT VERÐ kr. 44.990



**Creative Live Cam Voice**
1,3 Megapixel vefmyndavél með 1280x960 upplausn, 30fps, 4x digital zoom, 5MP kyrrmyndavél, 85° ultra víðlinsu, míkrafóni og USB 2.0.

**TILBOÐ kr. 7.990**

FULLT VERÐ kr. 8.990



**Razer Copperhead**
2000 punktar, 1000Hz, 1MS í svartíma, 32kb minni. Eykur hraða og nákvæmni. 2.5x hraðvirkari en meðal mús.

**Kr. 6.990**



**Asus Silent Square**
Rosalega góð örgjörvakæling sem gengur á flestar gerðir AMD og INTEL örgjörva. Aðeins 18db.

**Kr. 6.990**



**NoiseBlocker kassaviftur**
Breið lína af kassaviftum með og án hraðastilla. Lágmarks hávaði og hámarks kæling – Allt niður í 11db.

**Frá kr. 1.290**



**ASUS 8800GTX**
Hraðvirkasta kortið og mest verðlaunaði framleiðandinn. Með PCI-EX16, 1800MHz, 768MB DDR3, 2x DVI og HDTV out. Styður DirectX 10.

**Kr. 64.990**



**Sound Blaster Xtreme Gamer Fatal1ty**
Alvöru tónar og snerpa. X-Fi - 51 milljón brautatengla og 10.000+ MIPS

**Kr. 15.990**



**Sound Blaster Elite Pro**
Búðu til tónlist frá A –Ö. Með Dolby Digital, THX, DTS ES, útstöð og fjarstýringu. Tónlistarforrit fylgja.

**Kr. 29.990**



**Creative GIGAWORKSS750 THX**
Flottasta hljóðkerfið fyrir tölvur, MP3, geislaspilara ofl. með 7 öflugum 70w RMS hátölurum, 210w RMS bassaboxi, 700w RMS magnara, THX vottun, Audio Control Pods styrk- og tónstilli og fjarstýringu.

**TILBOÐ kr. 69.990**

FULLT VERÐ kr. 89.990



**Asus VW192S**
19" LCD skjár með 5ms svartíma, 1440x900 upplausn og 800:1 skerpu . Frábær hönnun.

**VERÐ kr. 24.990**

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

**TAKKAR**

**TÖLVUVERSLUN** - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

ASUS PHILIPS CREATIVE Razer NOISEBLOCKER




# Síðasta og besta fantasían



**Eins og í öllum Final Fantasy-leikjum eru myndskeið milli kafla leiksins algjört augnayndi.**

Final Fantasy-leikjaserían á sér langa sögu og óteljandi aðdáendur. Nýjasta leiknum í seríunni, þeim tólfta í röðinni, hefur verið gríðarlega vel tekið og var hann til dæmis valinn leikur ársins 2006 í hinu virta tímariti Edge (en leikurinn kom út á síðasta ári í Japan) og biblía leikjaiðnaðarins, japanska tímaritið Famitsu, gaf leiknum fullt hús stiga.

Final Fantasy XII er líkt og fyrirrennarar sínir hreinræktaður ævintýraleikur með stórfurðulegum en um leið stórskemmtilegum söguþræði. Ímyndunaraflið fær að njóta sín og skiptist maður á að berjast við stálhesta, beinagrindur, eldspúandi tekatla og tómata í náttfötum. Karakterarnir sem maður stjórnar eru aftur á móti einkar steríótýpískir og eitthvað þurfa Japanar að fara að vinna í jafnréttinu. Karlkyns karakterar eru allir svellkaldir ofurtöffarar á meðan kvenmennirnir haga sér og líta út eins og smástelpur á pinnahælum.

Að nokkrum skilyrðum uppfylltum er leikurinn frábær. Ef þú hefur fullt af lausum tíma og svolitla þolinmæði hverfa klukkustundirnar í epískar orrustur, könnunarferðir og heilabrot yfir hvernig sé best að þróa karaktera. Final Fantasy XII er hins vegar ekki leikur sem þú kíkir aðeins í með félögunum, hann er vinna.

Stærsti gallinn við leikinn er hversu miklu peningar ráða för. Til að þróa karaktera áfram þarf bæði að þjálfa þá og kaupa hæfileika. Það er pirrandi að vera hetja sem reynir að bjarga heimalandi sínu, og heiminum um leið, en þurfa samt að vinna skítverk fyrir hinn og þennan götusala til að komast eitthvað áfram. Við gerum nóg af því í raunveruleikanum án þess að troða þurfi því inn í tölvuleik.

Grafík leiksins er framúrskarandi, inn á milli leikjahluta koma gullfalleg myndskeið, tónlistin er í anda Final Fantasy-seríunnar (ekki slæm og ekki góð, bara japönsk), og heildarmyndin vel heppnuð. Það sem leikurinn hefur fram yfir flesta aðra sambærilega leiki er að í honum er lítil lógík, bara hreinræktuð fantasía.

*tryggvi@frettabladid.is*



**Bardagakerfið hefur verið uppfært og er nú öllu meira flæðandi.**




## ● ÞRÍVÍDDARMYNDAVÉL FYRIR FUGLAÁHUGAMENN



Ísland er mikið fuglaland og því ætti að vera markaður fyrir 3D VuCAM, myndavél sem lítur út eins og sjónauki en er í raun þrívíddarmyndavél.

Gripurinn virkar líkt og venjuleg stafræn myndavél nema hvað hann tekur myndir í þrívídd. Myndirnar er hægt að skoða í allri sinni dýrð eftir að þær hafa verið fluttar inn á tölvu þar sem þær eru skoðaðar gegnum þar til gerð þrívíddargleraugu.

Myndavélin kostar reyndar 150.000 krónur án aðflutningsgjalda, en hvað er það fyrir fallega mynd af skógarþresti í þrívídd?

## ● APPLE OG ESB DEILA UM VERÐ Á LÖGUM



Það stefnir í orrustu tveggja risa á tæknivellinum. Evrópusambandið hefur beðið Apple að útskýra af hverju lög í iStore eru dýrari í sumum löndum sambandsins en öðrum.

Forsvarsmenn Apple segja að þetta komi til út af lagaflækjum og kröfum vissra útgáfufyrirtækja. Blekbullararnir í Brussel taka þessa skýringu ekki gilda og segja þetta kolólöglegt samráð og hreina og beina einokunartilburði. Hver segir að skriffinnska hafi ekki sína kosti?

Spennandi verður að sjá hvor ber sigur úr býtum í þessari baráttu, Evrópusambandið með sína skriffinnsku og lagaflækjur (og nokkrar orrustuþotur) eða Apple með jakkafataklæddan lögfræðingaherinn.

**lenovo**™



# FORSKOT FYRIR KRÖFUHARÐA

## ThinkPad®

SJÁLFVIRK TENGING HVAR SEM ER
GAGNABJÖRGUN MEÐ EINUM TAKKA
FINGRAFARALESARI
VÖKVAÞOLIÐ LYKLABORÐ
FALLVÖRN VERNDAR HARÐA DISKINN

ThinkPad. er heill tölvuheimur fyrir kröfuharða notendur og býr yfir ThinkVantage tækni sem einfaldar daglega notkun og tryggir öryggi. Yfirburða tækni, gæði, lág bilanatíðni, öryggi og einfaldleiki eru höfð í fyrirrúmi. ThinkPad er sniðin að þeim sem vilja ná lengra. Frá því ThinkPad fartölvur komu á markað hafa þær unnið til meira en 1400 verðlauna og eru því mest verðlaunuðu fartölvur sögunnar.

**Kíktu á www.lenovo.is og finndu réttu fartölvuna fyrir þig.**



| ThinkPad T60 | ThinkPad Z61m | ThinkPad T60 |
|---|---|---|
| Intel Core 2Duo T5600 | Intel Core 2 Duo T7200 | Intel Core Duo T7200 |
| 1GB minni (stækkanlegt í 4GB) | 2x512MB minni (stækkanlegt í 4GB) | 2x1GB minni (stækkanlegt í 4GB) |
| 60GB 7200sn harður diskur | 120GB 5400sn harður diskur | 100GB 7200sn harður diskur |
| 14,1" skjár / 1024x768 upplausn Intel GMA 950 allt að 128MB | 15,4" skjár / 1680x1050 upplausn ATI Radeon x1400 128MB skjákort | 14,1" breiðtjaldsskjár / 1400x1050 ATI Radeon x1400 128MB skjákort |
| DVD-RW / WiFi / Bluetooth / 3x USB 2.0 | DVD-RW / WiFi / Bluetooth / FireWire / 3x USB 2.0 / | DVD-RW / WiFi / Bluetooth / 3x USB 2.0 |
| Fingrafaralesari | Fingrafaralesari | Fingrafaralesari |
| Þyngd frá 2.5 kg | Þyngd frá 3.1 kg | Þyngd frá 2.6 kg |
| 3 ára ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu | 3 ára ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu | 3 ára ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu |
| Windows® XP Pro stýrikerfi | Windows® XP Pro stýrikerfi | Windows® XP Pro stýrikerfi |
| Verð: **179.900** kr. | Verð: **209.900** kr. | Verð: **244.900** kr. |

NÝHERJI

Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. **Söluaðilar um land allt.**

www.lenovo.is

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

# Munurinn á plasma og LCD

**Hver er munurinn á LCD-sjónvarpi og plasma-sjónvarpi? Hvaða tæki uppfyllir þínar kröfur? Valið er ekki jafn erfitt og margur heldur.**



**Á þessu ári eru 40 ár síðan BBC sendi út fyrstu sjónvarpsútsendinguna í lit í Evrópu. Það þótti stórkostleg tækniframför og síðan þá hefur sjónvarpið verið í stöðugri þróun. Að grunninum til nýttu sjónvarpsframleiðendur allir sömu tæknina, tækni sem breyttist í raun lítið fram að komu flatskjáa.**

Tvær tegundir flatskjártækni hafa náð öruggri fótfestu á markaðnum: Plasma-tæki og LCD-tæki. Munurinn felst í tækninni sem notuð er til að birta myndina. LCD-tæki nota sömu tækni og fyrirfinnst í tölvuskjám og nýtir sér kristalla sem straumi er hleypt á til að hleypa birtu(lit) í gegnum sig. Kristallarnir gefa ekki sjálfir frá sér birtu heldur er birta bak við kristallana sem þeir ýmist hleypa í gegnum sig eða ekki.

Plasma-tækin hafa þunnt lag af pínulitlum glerkúlum fylltum af gasi sem gefa frá sér lit þegar straumi er hleypt á þær. Það eru kostir og gallar við hvora tækni og finnst kannski mörgum erfitt að velja. Valið er samt ekki jafn erfitt og margur heldur.

Þessir mismunandi flatskjáir hafa eiginleika sem nýtast við mismunandi notkun tækjanna. Plasma-tækin eru bjartari og gefa betri mun á birtu og myrkri og henta þess vegna vel í herbergi þar sem mikil birta er fyrir. LCD-tækin eru léttari, ekki eins viðkvæm í meðförum og eiga það síður til að mynda „draug“ þegar mynd sem hefur verið lengi stöðug á skjánum brennur inn í tækið. Plasma-tækin hafa náttúrulegri liti en LCD-tækin geta birt tölvumynd í réttri upplausn, sem plasmatæki eiga mjög erfitt með.

Einn eiginleiki þessara tveggja tegunda ákvarðar meira en aðrir hvaða sjónvarp best er að velja. Stærðin. LCD-sjónvörp eru ódýrari í framleiðslu og henta þess vegna vel fyrir smærri stærðir, allt niður í 13 tommur. Einnig eru tæknilegar takmarkanir LCD-tækninnar slíkir að ekki hefur reynst hægt að gera LCD-tæki sem eru stærri en 45 tommur. Reyndar hafa verið gerð stærri LCD-tæki, eins og nýlegt LG-tæki sem er 100 tommur sýnir, en þau eru óheyrilega dýr og hreinlega illfáanleg. Plasma-tækin hafa hins vegar ekki þessi stærðartakmörk og eru algeng í stærðum frá 32 tommum upp í 64 tommur.

Ef þig vantar lítið sjónvarp eða sjónvarp sem þú vilt geta tengt tölvu við velurðu LCD. Ef þú vilt stærra tæki (stærra en 40 tommur) þá er plasma í raun eina valið. Alls ekki eins flókið og margan hefði grunað.



**Langflestir flatskjáir hafa helmingi meiri skerpu en eldri gerðir og eru þess vegna tilbúnir fyrir háskerpuútsendingar (HD).**

| | PLASMASJÓNVÖRP | LCD SJÓNVÖRP | SIGURVEGARI |
|---|---|---|---|
| SKJÁSTÆRÐ: | Skjástærðir eru frá 32 tommum upp í 63 tommur. Stærri skjáir, allt að 103 tommum, eru í framleiðslu en eru ennþá of dýrir fyrir almennan markað. | Algengustu stærðir eru frá 13 tommum upp í 45 tommur. | |
| SJÓNARHORN: | Allt að 160°. | Allt að 175°. | LCD-sjónvörp hafa vinninginn með naumindum, en munurinn er ekki nægur til að láta hann hafa áhrif á kaupákvörðun. |
| INNBRENND MYND EÐA DAUÐIR PUNKTAR: | Plasma-sjónvörp geta fengið innbrennda mynd vegna þess að stöðug mynd sem breytist ekki er á sjónvarpinu lengi. Þá sést „draugur“ stöðugu myndarinnar á öllu sem sjónvarpið birtir. Ný tækni minnkar þetta vandamál samt til muna. | Innbrenndar myndir eru ekki á LCD-sjónvörpum, en dauðir punktar (punktar sem breytast ekki) sjást stundum. | |
| LÍFTÍMI: | Plasma-sjónvörp eru með helmingunartíma (tími sem tekur birtuna sem sjónvarpið gefur frá sér til að minnka um helming) upp á 30 til 60 þús klukkustundir. Hægt er að endurnýja skjáinn eftir það. Það er hægt að endurnýja skjáinn en kostnaðurinn er hærri en kostnaðurinn við nýtt sjónvarp. | Bæði plasma og LCD-tæki gefa líftíma sem er þó nokkuð meiri en gömlu túbusjónvörpin (CRT túbusjónvörp hafa helmingunartíma upp á 25 þús. tíma) þannig að þau eiga að endast í að minnsta kosti 16 ár. | |
| ÞYNGD | Plasmatæki eru þyngri en LCD-tæki og þurfa oft sérstakan stuðning til að hanga á vegg. | LCD-tæki eru léttari. | LCD-tæki eru léttari og meðfærilegri í flutningi. |
| FLUTNINGUR | Vegna þess að plasmatæki eru ekki eins meðfærileg er ekki hægt að henda þeim í skottið á bílnum. Mælt er með sérfræðihjálp við flutningana. | Auðveldara er að flytja LCD-tæki. | LCD-tækin hafa vinninginn hér. |
| BIRTA/ BIRTUMUNUR | Plasmasjónvörp eru bjartari og hafa meiri mun á birtu og myrkri en LCD-sjónvörp. LCD-sjónvörp nota svokallaða „bakbirtu“ sem er ókostur í björtum herbergjum. | LCD-sjónvörp virka oft betur í ákveðnum birtuskilirðum sem algeng eru í heimahúsum. Plasma-sjónvörp eru með glerskjá sem endurkastar ljósi og skapar þannig glampa á meðan LCD-sjónvarpið dregur í sig birtu. | Báðar gerðir ráða við flestar eðlilegar aðstæður en við sérstakar aðstæður þarf að velja eftir umhverfi. |


ÖRTÆKNI

Okkar kaplar ná alla . . . . . leið




Cat-5e og Cat-6



Hágæða netsnúruefni frá Quabbin í Bandaríkjunum. 13 litir. Íslensk framleiðsla. Sérsmíðum eftir pöntunum.

Eina sérverslun landsins með tölvukapla
Vörulisti á netinu: www.ortaekni.is

Hátúni 10 - 105 Reykjavík
Sími: 552 6800 - Fax: 552 6809
ortaekni@ortaekni.is - www.ortaekni.is




**●HAMSTRATÆTARI** Fyrir utan að vera nauðsynleg tæki þegar eyða þarf viðkvæmum gögnum eru tætarar stórskemmtileg tæki. Hamstratætari Toms Ballhatchets setur tætarann hins vegar í allt annað samhengi.

Hver kannast ekki við hinn klassíska brandara að festa bindið í tætaranum? Hugsið ykkur ef bindið festist í tætara sem knúinn er áfram af hamstri. Ekki er vitað hvort þessi sýn var innblásturinn að hamstratætaranum, en án efa hefur það verið önnur álíka heimskuleg uppákoma sem kveikti neistann.

Framleiðandinn tekur þó skýrt fram að halda skuli hamstrinum frá tætarablöðunum öllum stundum. Af hverju skyldi það vera?



Mótaolía
Stálúðabrúsar
Járnabakkar
Plastefni
Steypusíló
Vetrarmottur

KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is



LOFTA STOÐIR

LEIGA - SALA
málaðar og galvanís.
Alltaf fyrirliggjandi.

KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is

Hjóla og veggjapallar




KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is

# Skrifstofuhúsgögn







Hæðarstillanleg skrifborð frá kr. 31.300







Samstæðan kr. 56.400

Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Níðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

**Hirzlan**

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

**www.hirzlan.is**



lyfta.is

VINNULYFTUR OG KERRUR Í MIKLU ÚRVALI

BRENDERUP KERRUR
SNORKEL VINNULYFTUR
GENIE VINNULYFTUR
HOLLAND VINNULYFTUR
CTE KÖRFUBÍLAR
TEREX LYFTARAR

421 4037 - www.lyfta.is
Njarðarbraut 3a - Reykjanesbæ



# Öflugir, sveigjanlegir, stækkanlegir

## Ný kynslóð netþjóna frá Dell

intel Xeon inside
Dual-core. Do more.



## Láttu fyrirtækið vaxa – ekki kostnaðinn



## Ný kynslóð PowerEdge netþjóna frá Dell

### Einföldun

- Netþjónar í okkar nýju vörulínu geta allir nýtt sér sama *System image*[1] og þannig einfaldað uppsetningar, umsjón og viðhald.

### Hámarks uppitími

- Dell hannar, framleiðir og prófar hvern netþjón fyrir afhendingu og eykur með því gæði, dregur úr bilunum og einfaldar uppsetningarvinnu.

### Aukin afköst

- Allt að 152% afkastaaukning með nýjasta Intel® Xeon® örgjörvanum.[2]

### Dell™ PowerEdge™ 2950

Netþjónn með nýjustu kynslóð örgjörva. Fullkomið jafnvægi milli afkasta, áreiðan- og sveigjanleika fyrir stækkandi þjónustur s.s.

- Vefþjónustur
- Póstþjónustur
- Gagnagrunnsþjónustur
- Skráar- / Prentþjónustur

Dual-Core Intel® Xeon® 5110 örgjörvar (1,6GHz, 4MB Cache, 1066MHz FSB)

4GB FBD vinnsluminni

2x 146GB SAS diskar

Tveir straumgjafar

3 ára ábyrgð

**349.900 kr.**

m.vsk.

**EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.**

DELL™

1) PowerEdge 1950, 2950 og 2900 geta allir nýtt sér sama *System Image*. 2) Byggir á SPECjbb2005 hraðaprófum, gerðum á tilraunastofum Dell í desember 2005. ©2006 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra hluta gildir aðeins þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell vörumerkið og PowerEdge eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation, Celeron, Celeron inside, Centrino, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Xeon og Xeon Inside eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annara. Microsoft® og Windows® eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annara. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni.

Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notenda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft eru skýrð við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins eða við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft, 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

# Þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette



- Mjúkt að innan
- Stökkt yfirborð
- Frískandi bragð
- Gómsæt blanda af ávöxtum og myntu
- Bragð sem kemur á óvart




KORTER.IS

# 25%

afsláttur af Fruitmint

www.nicorette.is

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

SIRKUS TALAÐI VIÐ FJÓRAR KONUR SEM GEFA KÖRLUNUM EKKERT EFTIR ÞEGAR KEMUR AÐ VEIÐUM.

# Á eftir bráð kemur kona



**LAXVEIÐI** Inga Lind Karlsdóttir veiðir aðallega með eiginmanni sínum en ætlar sér að draga vinkonurnar með í sportið.

## Maríulaxinn var stærsti lax sumarsins

„Ég byrjaði að veiða með pabba í vötnum og á heiðum þegar ég var lítil. Laxveiðin byrjaði svo fyrir alvöru eftir að ég kynntist manninum mínum," segir Inga Lind Karlsdóttir sjónvarpskona. „Maríulaxinn fékk ég árið 2002 í Þverá í Borgarfirði en hann var stærsti lax sumarsins í ánni, gríðarlegur hlunkur, mig minnir ein 18 eða 19 pund," segir Inga Lind stolt og bætir við að þá hafi áhuginn kviknað fyrir alvöru. „Þetta var alveg rosalega skemmtilegt og þar sem hann var þetta stór bönnuðu samferðamenn mínir mér að naga af honum uggann. Ég lét því stoppa hann upp og var í staðinn látin éta kæsta hákarlsbita sem dugði ekki betur en svo að ég fékk ekki fisk næstu tvö sumur á eftir. Álögunum létti að lokum og síðan hef ég fengið marga en engan svona stóran." Inga Lind segir erfitt að gera upp á milli ánna enda eigi hún enn eftir að kynnast mörgum þeirra. „Víðidalsá er ótrúlega falleg en Ytri-Rangá gefur alltaf mest. Þverá er hins vegar hjúpuð gulli í minningunni vegna maríulaxins. Mig langar að prófa fleiri ár og sú sem heillar mest þessa stundina er Breiðdalsá," segir Inga Lind sem veiðir aðallega með eiginmanni sínum. „Mér hefur ekki tekist enn að draga vinkonur mínar í þetta sport en það stendur til bóta. Tvisvar hefur mér boðist stöng í ágætum ám en þau boð voru dregin til baka þar sem um karlaholl var að ræða. Ég fer ekki ein í karlaholl svo það er fínt að vera með manninum. Svo fremi að hann sé ágætur og minn er það."



**MEÐ EINN VÆNAN** Ragnheiður Thorsteinsson ásamt veiðivinkonum sínum Brynju Gunnarsdóttur og Hrefnu Ósk Benediktsdóttur.

## Fluguveiðin er dásamleg

„Ég er rosalega ánægð með að vorið skuli vera að koma og veiðin að byrja," segir Ragnheiður Thorsteinsson dagskrárgerðarmaður sem þegar hefur farið í Sogið og í Vífilsstaðavatn það sem af er veiðitímabilinu en ekkert fengið. „Það er skemmtilegra að fá eitthvað," viðurkennir hún en bætir við að hún hafi oft prófað að taka Pollýönnu á þetta. „Það er náttúrlega æðislegt að vera úti í náttúrunni og allt það en það skemmir ekki að fá fisk og venjulega fæ ég fisk í Vífilsstaðavatni. Ég var bara orðin loppin af kulda í snjónum en er viss um að ég hefði fengið fisk ef ég hefði verið lengur." Ragnheiður fór á hnýtinganámskeið með syni sínum sem er 8 ára og þegar byrjaður að veiða á flugu og þau mæðginin veiða nú með sínum eigin flugum. „Núna loksins er ég orðin alvöru," segir hún hlæjandi en Ragnheiður fékk maríulaxinn sinn árið 1999 í Vatnsdalsá. „Ég hafði verið með sömu fluguna í örugglega 45 mínútur og ég held að laxinn hafi hreinlega gefist upp á þessum fíflagangi og gert mér til geðs að taka hana," segir hún og bætir við að hún hafi veitt frá því hún var lítil stelpa. „Veiðimaðurinn hefur alltaf blundað í mér. Fluguveiðin er svo dásamleg, létt og auðveld."



**FLOTTAR VEIÐIKONUR** Katrín Pétursdóttir ásamt Svövu Johansen verslunarkonu í veiðitúr.

## Veiðimenn mestu lygarar í heimi

„Útiveran, félagsskapurinn og eftirvæntingin eftir þeim stóra er það sem er svo heillandi við stangveiðina," segir Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis, sem hefur stundað sportið í yfir 20 ár. Katrín fékk maríulaxinn árið 1988 í Eystri-Rangá en getur ekki gert upp á milli ánna sem hún hefur veitt í þótt Laxá í Aðaldal og Haffjarðará séu ofarlega á listanum. Aðspurð segir hún laxveiðina jafnt fyrir konur sem karla. „Þetta er afskaplega ánægjulegt og skemmtilegt sport að stunda og í laxveiði gerast svo ótrúlegir hlutir. Þess vegna eru veiðimenn oft sagðir mestu lygarar í heimi," segir hún hlæjandi og bætir við að í veiði sé maður alltaf að upplifa eitthvað nýtt. „Hvernig fiskurinn tekur, baráttan við hann og leikurinn, hvort hann sé fallegur eða stór, það er þetta allt sem dregur mig í þetta auk félagsskaparins og útiverunnar," segir Katrín og bætir við að þeir laxar sem veiðimenn missi verði gjarnar afar stórir í huganum. Katrín stundar laxveiðina með manninum sínum auk þess sem þau eru í hjónaholli sem heitir Salmon Rusty. „Þar erum við tólf hjón saman og svo er ég líka í kvennaholli sem kallast því skemmtilega nafni Happy Hookers. Ég held að það leynist lítill veiðimaður í hverri sál. Þetta er eins og að spila lottó nema þú hefur meira um það að segja hvort þú nærð í vinning eða ekki."



**Á HREINDÝRAVEIÐUM** Stefanía með hreindýr sem hún felldi.

## Veiðieðlið blossar upp

„Ég man ekki hvað ég var gömul þegar ég fór fyrst á hreindýraveiðar en ég er fædd og uppalin austur á Jökuldal sem er mikið veiðisamfélag og þetta kom bara með móðurmjólkinni," segir Stefanía Katrín Karlsdóttir sem stundar stangveiði, rjúpna-, gæsa-, og hreindýraveiði með bræðrum sínum. „Ég held að veiðieðlið blundi í flestum Íslendingum. Þetta er svo spennandi, félagsskapurinn og útiveran er frábær, maður er náttúrlega að reyna við náttúruöflin," segir Stefanía og bætir við að í hreindýraveiðum sé grundvallaratriði að hitta dýrið á réttan stað. „Það er mikið vandaverk að skjóta dýrið svo það deyi en særist ekki og hlaupi af stað. Hittnin þarf því að vera góð auk þess sem flestir veiðimenn reyna að hitta í framhluta dýrsins til að skemma ekki bestu matarsvæðin. Þetta er ákveðin kúnst og maður verður að æfa sig í að hitta í mark áður en haldið er af stað." Stefanía segir skotveiði henta konum jafn sem körlum. „Riffillinn er stórt verkfæri en ég held að veiðieðlið blossi upp í konum jafnt sem körlum þegar komið er á veiðistað."

NEW CONCEPTS
Hönnun: Lodovico Acerbis, 1999

ACERBIS

# NÝ HUGSUN



PIPAR • SÍA • 70480



feguriðin býr
í smáatriðunum

Þú upplifir sönn nútímaþægindi með NEW CONCEPTS línunni frá Acerbis.
Í baki skápanna er 10 sm breið rauf með innbyggðri lýsingu sem skapar
notalega stemningu auk þess að fela allar tilheyrandi snúrur.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opið í dag frá kl. 11-16.

FJÓRAR VIKUR ÞAR TIL FORKEPPNI EUROVISION FER FRAM Í FINNLANDI

# SVONA ER SAMKEPPNIN HJÁ EIRÍKI Í HELSINKI

FYRSTI HLUTI UMFJÖLLUNAR

Flautað verður til leiks í forkeppni Eurovision í Helsinki eftir rétt tæpar fjórar vikur, fimmtudaginn 10. maí. Sirkus skoðaði framlög þjóðanna 27 sem berjast við Eirík okkar Hauksson um sætin tíu í aðalkeppninni laugardaginn 12. maí. Það er enginn vafi í huga Sirkuss að Eiríkur rúllar upp forkeppninni með lagi Sveins Rúnars Sigurðssonar Valentine's Lost við texta Peters Fenner. Í kvöld hefjast svo sýningar á kynningarþáttum fyrir Eurovision á RÚV þar sem Eiríkur er einn af fimm sérfræðingum.



## BÚLGARÍA

Flytjandi: Elitsa Todorova og Stoyan Yankoulov. Lag: Water.

Austur-evrópskur götusöngur með danstakti og trommum. Þetta á ekki eftir að hrífa einn eða neinn.

## ÍSRAEL



Flytjandi: Teapacks. Lag: Push the Button.

Eitt furðulegasta lagið í forkeppninni. Vonandi kemst það ekki áfram. En svo er aldrei að vita með Eurovision-aðdáendur.

## KÝPUR



Flytjandi: Evridiki. Lag: Comme Ci Comme Ca.

Lagið er flutt á frönsku. Væmin melodía, sæt stelpa. Kýpur kemst pottþétt upp úr forkeppninni.



## HVÍTA-RÚSSLAND

Flytjandi: Koldun. Lag: Work Your Magic.

Mamma þessa söngvara þráði barn sem liti út eins og Díana prinsessa og viti menn, hún fékk hann. Þetta stendur í kynningunni um söngvarann Kuldun. Það segir allt sem segja þarf.

## GEORGÍA



Flyjandi Sopho. Lag: Visionary Dream.

Sopho er lítil og sæt stelpa en hún er meira að góla í laginu en að flytja það almennilega. Maður verður rosalega þreyttur eftir 30 sekúndur.

## SVARTFJALLALAND



Flytjandi: Stevan Faddy. Lag: Ajde Kroci.

Gítarinn í laginu minnir á ZZ Top. Stevan Faddy hefur reynt að komast í þessa keppni í nokkur ár. Honum tókst það loksins en á örugglega ekki eftir að komast upp úr forkeppninni – ekki nema að nágrannalönd hans hjálpi til.




## SVISS

Flytjandi: Dj Bobo. Lag: Vampires are Alive.

DJ Bobo hefur farið eins og eldur í sinu í Myspace-heiminum. Eldri maður sem spilar sykurpúðateknó út í gegn. Dj Bobo á eftir að gera góða hluti í Eurovision. Myndbandið fyrir lagið er rosalegt.








## MOLDAVÍA

Flytjandi: Natalia Barbu. Lag: Fight.

Lagið Fight er æðislega gleymanlegt, en Natalia sjálf er það ekki. Rosalega sæt stelpa hér á ferðinni. Það er plús.

## HOLLAND



Flytjandi: Edsilia Rombley. Lag: On Top of the World.

Þetta gæti ekki verið venjulegra lag. Klassískt Eurovision dans/popp lag. Það er erfitt að segja hvort það komist áfram eða ekki.



## ALBANÍA

Flytjandi: Frederik Ndoci. Lag: Hear my Plea.

Eurovision elskar tregafull lög frá Austur-Evrópu. Þetta lag er hins vegar sungið á ensku. Það gæti eyðilagt fyrir Frederik.



## DANMÖRK

Flytjandi: DQ. Lag: Drama Queen.

Lagið Drama Queen er Eurovision út í gegn fyrir utan það að söngvarinn er dragdrottning. Maður hefði samt búist við aðeins meira frá Danmörku.

## KRÓATÍA



Flytjandi: Dragonfly feat. Dado Topic. Lag: Vjerujem U Ljubav.

Eldri rokkari með sítt hár og hármikil rokkgella með honum. Þessi töffari leynir á sér.

## PÓLLAND



Flytjandi: Jet Set Lag: Time to Party.

Guð minn góður. Söngkonan heldur að hún sé Christina Aguilera og Fergie og félagi hennar P. Diddy. Lagið Time to Party er pínlegt í alla staði. Versta lagið í forkeppninni.

## SERBÍA



Flytjandi: Marija Serifovic. Lag: Molitva.

Ástarballaða og þjóðlagastemning í bland sem nær aldrei flugi. Það er ekkert sérstakt við þetta lag.

**Framhald verður á umfjöllun um keppendurna að viku liðinni.**




# Kaffið frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár gæðablöndur í hagkvæmum 400 g umbúðum. Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

**stundin - bragðið - stemningin**



# helgin

## HRÆÐISTU FÖSTUDAGINN 13.?

„Nei, ég hræðist hann ekkert. Mér finnst föstudagar yfirleitt góðir dagar og talan 13 hræðir mig ekki neitt. Mér finnst líka alltaf frekar fyndið að ekki finnist 13. hæð á hótelum víða um heim. Hvaða sjálfsblekking er það, fyrir þá hjátrúarfullu?“



**Ágústa Johnson Hreyfingu.**

„Ég hræðist ekki föstudaginn 13. og ef eitthvað er þá finnst mér þessi dagur með skemmtilegri dögum ársins. Það er eitthvað við þennan dag sem kemur manni í stuð og maður vill hafa einhverja stemningu. Hjátrúin er útbreidd um allan heim og talað er um að ef 13 manns setjist saman við borð að snæða þá munu allir deyja innan árs en ég er ekki svo klikkaður að trúa því. Alla vega ætlar vinahópurinn að hittast á föstudaginn og fá sér góðan mat og gott vín en ég vona innilega að við verðum ekki 13.“



**Andrés Þór Björnsson, fyrrverandi Herra Ísland.**

„Fyrir mér er talan 13 lukkutala og hræðist ég því daginn alls ekki, síður en svo. Ég á marga góða hluti og minningar tengdar tölunni og í raun er hún í ákveðnu uppáhaldi hjá mér. Máttur hugans er mikill og því trúi ég nú að fólk geti skapað sín eigin örlög með ákveðnum hugsunum hvort heldur sem það er hræðsla við ákveðna daga, svarta ketti, stiga og svo lengi mætti telja. Þannig að best er að hlæja að þessu og njóta andartaksins, ekki satt?“



**Eva Dögg Sigurgeirsdóttir athafnakona.**

„Ég hræðist ekki föstudaginn 13. og er að mestu laus við alla hjátrú og því hlakka ég til föstudagsins. Ég lít á hann eins og hvern annan dag og ætla því að hafa það notalegt og gott.“



**Unnur Pálmarsdóttir líkamsræktarfrömuður.**

**sirkus**

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is, **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

## Leiðinlegasta starfið

# Plásturskostnaðurinn tók stóran hluta launanna

Fyrir líklega 30 árum vann ég einn dag hjá Kassagerðinni sem var skelfileg lífsreynsla. Ég byrjaði klukkan 4 að degi og vann til miðnættis við að festa tappa á tíu lítra plastpoka sem voru líklega notaðir undir mjólk í sveitum. Þetta var ein sú heimskulegasta athöfn sem ég hef á ævinni staðið í og þegar ég var búinn var ég með fleiður á öllum fingrum. Eftir vaktina hét ég því að stíga aldrei fæti þarna inn aftur og stóð við það. Því var ég í vandræðum hvernig ég ætti að nálgast launin en sendi að lokum kunningja minn. Þetta voru ágætislaun, 5 þúsund krónur, en plásturskostnaðurinn tók eitthvað af þeim. Þetta er í eina skiptið sem ég hef staðið við færiband og ég man enn eftir klukkunni á veggnum sem gekk aftur á bak. Eftir þessa lífsreynslu dáist ég að fólki sem getur staðið við færiband ár eftir ár.“

**GUÐNI MÁR HENNINGSSON**
**Kassagerðin ekki málið fyrir Guðna sem leiddist starfið þar.**



# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR SIGRAÐI JÓHANN HLÍÐAR HARÐARSON Í SÍÐUSTU VIKU. MARTA MARÍA KEPPIR HÉR VIÐ ÞÓR JÓNSSON, UPPLÝSINGAFULLTRÚA FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTISINS.

**1. Hvað heitir krónprinsessan í Svíþjóð?**



**2. Í hvaða stjörnumerki er sá sem á afmæli 28. apríl?**

**3. Hver leikstýrði kvikmyndinni Perlur og svín?**



**4. Hver er fyndnasti maður Íslands 2007?**

**5. Hver er nýkrýndur Íslandsmeistari kvenna í vaxtarrækt?**

**6. Með hvaða NBA-liði leikur Kobe Bryant?**

**7. Hver skrifaði glæpasöguna Blóðberg?**

**8. Í hvaða sæti lenti Silvía Nótt í Eurovision í fyrra?**

**9. Hver er rektor Háskólans í Reykjavík?**

**10. Hvað heitir nýja breiðskífa Bjarkar?**







## Marta María Jónasdóttir

1. Viktoría.
2. Naut.
3. Óskar Jónasson.
4. Hef ekki hugmynd.
5. Heiðrún Sigurðardóttir.
6. Veit ekki.
7. Ævar Örn Jósepsson.
8. 13.
9. Svafa Grönfeldt.
10. Volta.

## Þór Jónsson

1. Viktoría.
2. Naut.
3. Óskar Jónasson.
4. Ekki grænan grun.
5. Ekki minnstu hugmynd.
6. Ekki til í dæminu að ég viti það.
7. Ævar Örn Jósepsson.
8. Man það ekki.
9. Svafa Grönfeldt.
10. Volta.

**Marta María heldur sigurgöngu sinni áfram. Hún fékk 7 rétt svör á móti 6 réttum svörum Þórs. Þór skorar á Sigmar Guðmundsson, spyril í Gettu betur. Fylgist með í næstu viku.**

**Rétt svör: 1.** Viktoría. **2.** Nautinu. **3.** Óskar Jónasson. **4.** Þórhallur Þórhallsson. **5.** Hrönn Sigurðardóttir. **6.** LA Lakers. **7.** Ævar Örn Jósepsson. **8.** 13. sæti. **9.** Svava Grönfeldt. **10.** Volta.

## Hvað ætlarðu að gera í sumarleyfinu?

„Fríið verður í lengra lagi því ég fer líka í mánaðar fæðingarorlof. Ég ætla að bregða mér til Washington á árshátíð Fíton þar sem konan mín vinnur. Við verðum í tvær vikur í Bandaríkjunum og heimsækjum þar góða vini. Í júlí ætlum við að ferðast innanlands eins og við gerum á hverju sumri og fara meðal annars á hina fallegu Vestfirði. Við erum boðin í fimm brúðkaup í sumar svo þetta verður stórskemmtilegt sumar.“



**Finnur Beck fréttamaður.**

„Ég kem til með að vinna í sumarfríinu, þriðja árið í röð. Var að skipta um vinnu og á lítið sem ekkert frí inni en ef ég tek einhverja daga reikna ég með að nota þá í matreiðslubókaskrif eða eitthvað slíkt. Svo getur reyndar verið að ég reyni að komast í 1-2 helgarferðir til útlanda þegar vel stendur á en það er allt opið enn þá.“



**Nanna Rögnvaldardóttir.**

„Hvað sumarfríið varðar trónir sól og hiti efst á óskalistanum. Að henda húfum og treflum og hlaupa um með börnunum í mjúkum sandi sé ég í hillingum. Á enn þá eftir að velja stað á hnettinum, en sólin kemur jú víða við.“



**Margrét Kristín Sigurðardóttir söngkona.**

„Allan apríl vinn ég að óperunni La Traviata fyrir Óperu Skagafjarðar. Maímánuður fer í að skrifa og leikstýra leikinni dagskrá um Tómas Sæmundsson og restin af sumrinu verður notuð til að skrifa og æfa einleik þar sem ég ætla að leika aðalhlutverkið enda ætlunin að halda hátíðlegt 50 ára leikafmæli. Enda full ástæða til því auðvitað er það afrek að hafa tollað á leiksviði í hálfa öld.“



**Guðrún Ásmundsdóttir leikkona.**


T.G.I. Friday's
American Road Trip
T.G.I. FRIDAY'S RESTAURANT & BAR
THESE FLAVORS ARE ALL OVER THE MAP!
Komdu með okkur í ferðalag um Bandaríkin. - Frá Kansas til Beverly Hills um Santa Monica og Winconsin. Hvert sem farið er þá finnur þú frábært bragð frá hverjum áfangastað. Byrjum ferðalagið og verum viðbúin að vilja ekki að það endi!
Greetings from
KR. 2.410-
KANSAS CITY RIBS
Hello From
KR. 1.490-
Santa Monica
Tortilla Crusted Flatfish
GREETINGS from
KR. 635-
Beverly Hills
Cookies & Cream
WISCONSIN
Cheddar Pasta
KR. 1.780-
Friday's - Smáralind - Kópavogi
T.G.I. FRIDAY'S RESTAURANT & BAR
sími: 570 4400 - www.fridays.is


Vor 2007
maïa
kvenföthúsbúnaðurtónlistbækurbarnafötfylgihlutirundirföt
laugavegur 86-94, sími 552 6066
Nýtt kortatímabil

HÚSIÐ FASTEIGNASALA

- heilshugar um þinn hag -

**Suðurlandsbraut 50**

**Bláu húsin v/Faxafen**

**husid@husid.is**

**Sími 513 4300**

| | |
|---|---|
| Vilhjálmur Bjarnason | lögg. fast.sali |
| Helgi H. Jónsson | lögg. fast.sali |
| Guðný Guðmundsdóttir | sölumaður |
| Gunnar Magnússon | sölumaður |
| Hrafnhildur Helgadóttir | sölumaður |
| Kolbeinn Sigurðsson | sölumaður |
| Kristinn Erlendsson | sölumaður |
| Ólafur H. Haraldsson | sölumaður |
| Ólafur M. Sævarsson | sölumaður |
| Vilborg G. Hansen | sölumaður |
| Heimir H. Eðvarðsson | sölumaður |
| Vignir Daðason | sölumaður |
| Yngvi Laxdal | sölumaður |
| Rannveig Sveinsdóttir | móttaka |
| Erla R. Guðmundsdóttir | bókari |
| Ómar Haraldsson | tölvuumsjón/frágangur |
| Ingvaldur Mar Ingvaldsson | framkv.stjóri |

# Vegna árshátíðar starfsmanna verður lokað hjá Húsinu fasteignasölu föstudaginn 13. apríl.

Frum

Suðurlandsbraut 50 — Bláu húsin v/Faxafen— Sími 513 4300 — www.husid.is

# Frábært verð
## á garðhúsgögnum



VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Verð aðeins
109.900 kr
4.120 kr
á mán. í 36 mánuði*
*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið

**Kalimantan sett**
- sex stólar með sessum og stækkanlegt borð

Stækkanlegt borð 200-300x120cm 59.999 kr
Stillanlegur stóll með sessu 9.890 kr

**BBQ Master 2301**
- Brennari: 4 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver, hliðarbrennari
- Heildar geta: 15kWh/52.000BTU
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari út steyptu brassi
- Grindur: Eldunargrindur úr massífu pottjárni
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Riotisserie grillteinn
- Elektrónísk kveikja
- Útdraganlegt hliðarborð
- Skápur með hurðum
- Yfirbreiðsla fylgir



VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Verð aðeins
59.990 kr
5.748 kr
á mán. í 12 mánuði*
*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið

**BBQ Master 2300**
- Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver
- Heildar geta: 9kWh/30.000BTU
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Grindur: Eldunargrindur úr massífu pottjárni
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Riotisserie grillteinn
- Elektrónísk kveikja
- Útdraganleg hliðarborð
- Yfirbreiðsla fylgir



VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Verð aðeins
49.900 kr
4.815 kr
á mán. í 12 mánuði*
*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið

**Newbury sett**
- Tveir stólar með örmum, fjórir án arma

Stól án arma 3.999 kr
Stóll með örmum 4.999 kr
Borð 14.999 kr

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



Verð aðeins
36.990 kr
3.598 kr
á mán. í 12 mánuði*
*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið

**Galway sett**
- sex stillanlegir stólar með sessum og stækkanlegt borð

Stækkanlegt borð 230x110cm 34.999 kr
Stillanlegur stóll með sessu 7.999 kr

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



Verð aðeins
89.990 kr
4.683 kr
á mán. í 24 mánuði*
*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið

**Square sett**
- tveir samafellanlegir stólar og borð



Gott verð
12.999 kr

Gildir til 19. apríl eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Hin lútherska arfleifð

**UMRÆÐAN**
Trúmál


GUNNAR JÓHANNESSON

Framkomin kæra átta þjóðkirkjupresta á hendur safnaðarpresti Fríkirkjunnar í Reykjavík, sr. Hirti Magna Jóhannssyni, fyrir siðanefnd Prestafélags Íslands hefur verið nokkuð til umfjöllunar síðustu daga. Sr. Hjörtur Magni kaus að stíga fram og greina frá því máli opinberlega enda þótt það sé enn til umfjöllunar hjá siðanefnd. Hér er ekki ætlunin að rekja efni þeirrar kæru að neinu leyti heldur gera athugasemd við þann málflutning sem sr. Hjörtur Magni hefur viðhaft í samhengi þessa máls og lýtur að skilningi hans á því sem hann kallar hina „lúthersku arfleifð“.

Sr. Hjörtur Magni heldur því fram að hin „lútherska arfleifð“ leggi hverjum lútherskum presti og trúmanni þær skyldur á herðar að vera gagnrýninn á ríkjandi fyrirkomulag og umgjörð trúmála og trúarstofnana síns tíma. Í ljósi þess sem sr. Hjörtur Magni hefur sagt í ræðu og riti undanfarin misseri hlýtur að vera ljóst að hér eigi hann ekki síst við íslensku þjóðkirkjuna. Í þessu samhengi vísar hann til Marteins Lúthers og þeirrar gagnrýni sem hann beindi að trúarstofnun síns tíma. Í raun er erfitt að verjast þeirri hugsun að sr. Hjörtur Magni sjái sig sem einhvers konar nútímalegan Lúther í gagnrýni sinni á þjóðkirkjuna sem hann kallar m.a. djöfullega og hættulega trúarstofnun sem snúist í kringum sjálfa sig og láti dýrka sig sem sjálfan Guð. Svo virðist sem hann telji Lúther hafa gefið sér það eftirdæmi að beita öllum mögulegum ráðum í gagnrýni sinni á íslensku þjóðkirkjuna.

Hér er sr. Hjörtur Magni á villigötum og honum er enginn sómi að þeim dylgjum sem hann hefur uppi. Að sjálfsögðu er himinn og haf á milli miðaldasamfélags vesturkirkjunnar á tímum Lúthers og íslensks samfélags 21. aldar. Það er mikil tímaskekkja fólgin í þeirri hliðstæðu sem sr. Hjörtur Magni sér á milli sín og Marteins Lúthers og ber hún vitni um bjagaðan skilning hans á starfi Lúthers.

Sannleikurinn er sá að hlutverk og eðli kirkjunnar sem stofnunar var ekki þungamiðja umræðunnar á dögum siðbótarinnar. Markmið siðbótarinnar var ekki að endurbæta uppbyggingu eða stjórnarform kirkjunnar, hvað þá umgjörð hennar. Meginmarkmiðið var að setja fagnaðarerindið í öndvegi og boða hjálpræðið í Jesú Kristi. Lúther var ekki upptekinn af því að draga fram nýtt skipurit fyrir kirkjustofnunina eða finna henni nýjan rekstrargrundvöll heldur leitaðist hann við að draga fram þann grundvöll kirkjunnar sem allt annað átti að byggjast á. Lúther setti ekki fram beinar tillögur um það hvert ytra fyrirkomlag kirkjustofnunarinnar skyldi vera heldur vildi hann draga fram að nýju kjarna kristinnar kirkju innan þeirrar stofnunar sem fyrir var.

Lúther leitaðist með öðrum orðum eftir því að siðbæta kirkjuna, ekki koma henni á kné, nema í þeim skilningi að hún beygði sig fyrir fagnaðarerindinu af auðmýkt. Hann vildi hreinsa kirkjuna af hverjum þeim mannasetningum sem skyggðu á fagnaðarerindið og hverjum þeim siðum sem ekki var fótur fyrir í ritningunni. Lúther vildi ekki að kristið fólk kenndi sig við nafn sitt heldur Jesú Krist. Lúther horfði ekki framhjá því að kirkjan sem stofnun er sögulega skilyrt, líkt og allar mannlegar stofnanir. Siðbótarstarf hans leiddi af þeirri staðreynd að hin mannlega og forgengilega kirkja getur misnotað fagnaðarerindið og jafnvel snúið því í andhverfu sína. Lúther sá í hvers konar öngstræti kirkjan hafði ratað með fagnaðarerindið og leitaðist við að draga það fram í dagsljósið að nýju. Siðbótarstarf Lúthers og hin „lútherska arfleifð“ eru fólgnar í þeirri staðreynd og þar með sú skylda og ábyrgð sem hvílir á hverjum lútherskum presti og trúuðum manni.

Hjörtur Magni hefur gengið svo langt að segja að það fyrirkomulag sem þjóðkirkjan starfar innan varpi „dimmum skugga“ á allt hennar starf og geri hana jafnframt ótrúverðuga. Kannski finnst sr. Hirti Magna fagnaðarerindið einfaldlega fyrir borð borið alls staðar annars staðar en hjá sjálfum sér. Undarlegt væri það í ljósi þess að hann segist ekki hafa höndlað sannleikann og virðist í raun halda að hann geti það ekki.

Krossferð sr. Hjartar Magna á hendur íslensku þjóðkirkjunni á ekkert skylt við siðbótarstarf Marteins Lúthers eða arfleifð þess. Lúther var vissulega gagnrýninn, í ræðu og riti – og í prédikunarstólnum. En hvað boðun fagnaðarerindisins snertir hafði Lúther ávallt velferð safnaðarins og samfélagsins að leiðarljósi og hann leitaðist ekki við að upphefja sjálfan sig né heldur sína eigin stundlegu hagsmuni. Slíkt er ekki hluti hinnar lúthersku arfleifðar. Í öllu því sem Lúther sagði og gerði hafði hann framgang fagnaðarerindisins að leiðarljósi. Það mættu allir sem bera hag kristinnar kirkju fyrir brjósti taka sér til fyrirmyndar og boða fagnaðarerindið hreint og ómengað í orðum sínum og framgöngu.

*Höfundur er sóknarprestur Hofsóss- og Hólaprestakalls.*

# Vandi Íslandshreyfingarinnar

**UMRÆÐAN**
Stjórnmál


HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON

Snemma á þessu ári, 24. janúar, skrifaði Ómar Ragnarsson pistil á heimasíðu sem bar heitið Vandi Vinstri grænna. Við lestur greinar hans varð mér ljóst að hann hygðist fara fram á völlinn í komandi alþingiskosningum. Inntakið í þessum pistli Ómars kom fram í eftirfarandi ummælum hans:

„Vinstri græna dreymir um 25 prósent fylgi í kosningunum í vor sem umbun fyrir góða frammistöðu í baráttunni gegn stóriðjustefnunni. Steingrímur og hans fólk eiga það fylgi fyllilega skilið að mínu mati ef umhverfismálin ein væru notuð sem mælikvarði. Ef flokkurinn lægi á miðju íslensks stjórnmálalitrófs væri raunhæft að hann næði þessu markmiði og vel það. En meðan hann liggur á vinstri jaðrinum getur hann þetta ekki og það er vandi hans gagnvart stórum hópi umhverfisverndarfólks. Því miður.“

Þá segir Ómar takmörk fyrir því hve VG geti laðað til sín marga af hægri sinnuðum kjósendum og á því byggi stöðugt fylgi Sjálfstæðisflokksins í skoðanakönnunum. Sjálfstæðisflokkurinn þurfi að sæta ábyrgð á virkjanafíkninni sem hann hafi ræktað í 16 ár.

Næstu vikur heyrðist öðru hvoru í Ómari þar sem hann gaf til kynna að von væri tíðinda af framboði. Á félagsfundi í Framtíðarlandinu 7. febrúar óskaði Ómar sem utanfélagsmaður sérstaklega eftir að tjá sig og notaði það tækifæri til að mæla gegn því að Framtíðarlandið byði fram. Margrét Sverrisdóttir hafði röskri viku áður sagt sig úr Frjálslynda flokknum. Brátt fóru að berast fregnir um pólitískan samdrátt þeirra á milli.

### Viðbrögðin við boðuðu Í-framboði

Vinstri grænir sem mælst höfðu með nálægt 20% fylgi í skoðanakönnunum frá síðasta hausti sóttu enn í sig veðrið eftir áramótin samkvæmt Gallup-könnunum og mældust með 27,6% fylgi 22. mars, sama daginn og flokkur þeirra Ómars og Margrétar var formlega kynntur til leiks. Sjálfstæðisflokkurinn mældist þá með 36% fylgi. Viku seinna var fylgi VG samkvæmt sömu könnun 24%, flokkur Ómars fékk 5,2% en Sjálfstæðisflokkurinn bætti við sig tæpu prósenti. Þann 5. apríl var staðan sú að VG mældist með 21% fylgi, Ómars-flokkurinn með 4,5% en Sjálfstæðisflokkurinn hafði rokið upp í 40%.

Í umræðu um framboðsáhuga nokkurra einstaklinga innan Framtíðarlandsins varaði undirritaður við slíku framboði af tveimur ástæðum. Annars vegar benti ég á að félagið hefði verið stofnað sem þverpólitísk grasrótarsamtök, hins vegar að slíkt framboð væri líklegt til að dreifa kröftum stóriðjuandstæðinga og drægi úr líkum á að takast megi að fella ríkisstjórnina. Þessi viðhorf mín og margra fleiri þekkti Ómar mæta vel sem og Ósk Vilhjálmsdóttir sem verið hafði í fararbroddi þeirra sem vildu breyta Framtíðarlandinu í stjórnmálaflokk en varð þar í minnihluta.

### Innri mótsagnir Íslandshreyfingarinnar

Réttlæting Ómars Ragnarssonar fyrir sérstöku framboði á sínum vegum til að draga byr úr seglum Sjálfstæðisflokksins var aldrei trúverðug og þegar hefur sýnt sig að hún gengur ekki upp. Það fylgi sem Í-listinn hefur mælst með í tvígang er að mati Capasent Gallups fyrst og fremst sótt í raðir fólks sem lýst hafði sig reiðubúið til að fylkja sér um Vinstri græna og í minna mæli tekið frá Samfylkingu. Þetta var fyrirsjáanlegt, meðal annars af þeim ástæðum að engir áberandi talsmenn úr röðum Sjálfstæðisflokksins sýndu áhuga á stuðningi við framboð Ómars.

*Kenning Ómars Ragnarssonar um fælingaráhrif vinstra–hugtaksins, [...] hefur sýnt sig að vera blekking.*

Enginn fjórmenninganna sem talað hafa máli Íslandshreyfingarinnar á fundum að undanförnu eru þekkt af stuðningi við Sjálfstæðisflokkinn og einn meira að segja verið varaþingmaður Samfylkingarinnar á yfirstandandi kjörtímabili. Flokkur Ómars kynnir sig með þá stefnuáherslu fyrst og síðast að stöðva stóriðjustefnuna, nákvæmlega sama stefnumið og Vinstri grænir hafa haldið á lofti frá stofnun eða í tvö heil kjörtímabil með þeim árangri að ótvíræður meirihluti þjóðarinnar leggst nú á sömu sveif. Þótt finna megi einstaka hægridrætti í stefnuyfirlýsingu Íslandshreyfingarinnar eins og hún var kynnt um síðustu mánaðamót skipta þeir engu máli í heildarmyndinni og nógu margir eru fyrir til að halda þeim sjónarmiðum á lofti. Kenning Ómars Ragnarssonar um fælingaráhrif vinstra–hugtaksins, þ.e. áherslu Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs á jöfnuð í samfélaginu, hefur sýnt sig að vera blekking. Þar við bætist að Vinstri grænir hafa stig af stigi verið að þróa græna hugmyndafræði sína, byggt á áherslum um sjálfbæra þróun, og hafa þegar haft mikil áhrif á þjóðfélagumræðuna.

### Dregur Íslandshreyfingin í land?

Margir einlægir stóriðjuandstæðingar, einnig utan raða VG, hafa að undanförnu haft orð á því við mig að þeir trúi því ekki að Ómar Ragnarsson efni í þann óvinafagnað og taki á sig þá áhættu sem við blasir með framboði Íslandshreyfingarinnar, þ.e. að framlengja líf ríkisstjórnarinnar. Enginn efast um einlægan vilja Ómars og annarra í hans liði að stöðva frekari stóriðjuáform. En með því að halda fast við sérframboð, sem augljóslega getur orðið til þess að gera að engu yfirlýst markmið, er Íslandshreyfingin að taka á sig mikla ábyrgð. Nú mánuði fyrir kosningar hafa enn engin framboð verið kynnt af hálfu Íslandshreyfingarinnar og því eiga forsvarsmenn hennar alla möguleika á að draga í land með reisn og hvetja um leið liðsmenn sína til að styðja þá flokka og frambjóðendur sem tekið hafa trúverðuga afstöðu gegn stóriðjustefnunni.

*Höfundur er fyrrverandi ráðherra.*



PÓSTURINN
allur pakkinn

## Tæmið póstkassa reglulega

Við hjá Póstinum biðjum landsmenn um að tæma póstkassa sína reglulega. Bréfberar eiga stundum í vandræðum með að setja póst í yfirfulla póstkassa og þá verða þeir að endursenda póstinn, sendanda og viðtakanda til verulegra óþæginda.

Aðstoð ykkar og tillitssemi auðvelda okkur að koma póstinum til skila, hratt og örugglega.

Þjónustuver | sími 580 1200 | postur@postur.is | www.postur.is


**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


MÖGNUÐ TILBOÐ
ACE CORE 2 DUO
AÐEINS 3.362 KR Á MÁNUÐI
Örgjörvi 2.13GHz Intel Core 2 Duo E6400 2MB cache, EIST, XD, VT, EM64T
Móðurborð MSI 965P NEO-F - Core 2 Duo PCI-E 16X, SATA2, 4xDDR2 800
Minni 2GB DDR2 667MHz Corsair Corsair minni með lífstíðarábyrgð
Harður diskur 320GB WD SE 16MB - SATA II SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer
Skjákort 256MB MSI Geforce7 NX7600GT 1.4GHz DDR3 - PCI-E 16X - Viftulaust
Skrifari 18xDVD±/8xDL skrifari Skrifar og les DVD og CD diska
Hljóðkort 7.1 Dolby Digital DTS EAX2 Frábært hljóðkort í leiki og bíómyndir
Hátalarar 2.1 Creative SBS380 hátalarakerfi 2 öflugir hátalarar og bassabox
Netkort Gigabit 10/100/1000 Hraðvirkt gigabit netkort
Stýrikerfi Windows Vista Home Premium Öruggara og öflugra
GLÆSILEG ACE TÖLVA Í FLOTTUM ÁL TURNI
INTEL CORE 2 DUO
Nýjasta tæknin frá Intel skilar sér í allt að 40% meiri hraða og minni orkuþörf en áður hefur þekkst
MSI ZERO NOISE
Ótrúlega öflugt skjákort sem þó er viftulaust og þar með 100% hljóðlaust með Zero Noise kælitækni
SATA II – 16MB
Ný kynslóð harðdiska frá Western Digital sem eru enn hljóðlátari og allt að 100% hraðvirkari
2.1 HLJÓÐKERFI
Creative SBS380 er glæsilegt og kraftmikið hljóðkerfi með 2 hátölurum og öflugu bassaboxi
WINDOWS VISTA
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar
ÍSLENSKIR STAFIR
Mjög vandað lyklaborð frá Logitech með ábrenndum íslenskum stöfum fylgir tölvunni
VERÐ 119.900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.
MY BOOK HÝSING
FRÁ 575 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI
Western Digital
500GB My Book er flott svört hýsing frá Western Digital, sem kveikir og slekkur á sér um leið og tölvan. Geymdu ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað
VERÐ 19.900
500GB HARÐUR DISKUR
ÁBYRGÐ 5 ár
500GB SATA2 16MB
500GB SATA2 Special Edition harður diskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 16MB buffer
FLUID BEARING
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri hörðum diskum
WESTERN DIGITAL
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu hörðu diskarnir í dag á enn betra verði en áður
SERIAL ATA
Western Digital
VERÐ 14.900
22" ACER SKJÁR
FRÁ 1.037 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI
22" Acer AL2216WSD LCD breiðtjaldsskjár 1680x1050 • 700:1 í skerpu, 5ms viðbragðstími • VGA tengi • silfurlitur
VERÐ 35.900
XMS MINNI
CORSAIR
2GB - Pöruð 2 stk 1GB DDR2, 800MHz 240pin PC2-6400, Corsair XMS minni með kæliplötu
VERÐ 16.900
LOGITECH G7
Logitech
Logitech G7 þráðlaus laser leikja mús, 2.4GHz USB móttakari, auka rafhlaða fylgir, USB2
VERÐ 9.990
MINNISLYKILL
ÁBYRGÐ 10 ár
CORSAIR
4GB Flash Voyager USB2 minnislyklarnir eru vatnsþéttir, höggþolnir og koma með 10 ára ábyrgð
VERÐ 5.990
15" Empire II hlíðartaska frá Manhattan
VERÐ 5.490
15" University fartölvubakpoki frá Manhattan
VERÐ 5.990
15" City Bag fartölvubakpoki frá Manhattan
VERÐ 6.990
Logitech VX Revolution þráðlaus fartölvu mús
VERÐ 7.990
Samsung S182D skrifari, fæst í hvítu svörtu og silfur
VERÐ 4.990
80GB WD Passport 2, 2.5" USB2 ferðahýsing
VERÐ 9.990
120GB WD Passport 2, 2.5" USB2 ferðahýsing
VERÐ 12.900
160GB WD Passport 2, 2.5" USB2 ferðahýsing
VERÐ 16.900
TÖLVULISTINN
Nóatúni 17 Reykjavík. ☎ 414 1700
Glerárgötu 36 Akureyri. ☎ 414 1730
Hafnargötu 90 Keflavík. ☎ 414 1740
Miðvangi 2-4 Egilsstaðir. ☎ 414 1735

**RÚNAR JÚLÍUSSON ER 62 ÁRA Í DAG.**

*„Ég er trúaður og er fæddur inn í þannig fjölskyldu að ég hef hlustað á trúarsöngva allt mitt líf. Móðir mín söng með kirkjukór í 45 ár. Hún var ekkert mikið fyrir að ég væri í þessu rokkstandi, hafði horn í síðu slíks lífernis eins og reyndar sú kynslóð að mestu.“*



***Rokkarinn talar um trúna í viðtali árið 2004.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 13. APRÍL 2000

## Heather Mills dæmdar skaðabætur

Á þessum degi árið 2000 voru fyrirsætunni Heather Mills dæmdar skaðabætur fyrir umferðarslys sem hún lenti í árið 1993. Heather var á hátindi ferils síns þegar hún missti vinstri fótinn í árekstri við mótorhjól. Eftir það þurfti hún að gangast undir erfiðar aðgerðir og meðferðir. Heather stóð keik eftir þennan harmleik og vann hug og hjörtu margra með baráttu sinni fyrir fórnarlömb jarðsprengja sem misst höfðu útlimi. Skaðabæturnar sem Heather fékk voru um 40 milljónir íslenskra króna.



Það var í gegnum hetjulega baráttu Heather sem hún komst í kynni við Bítilinn Sir Paul McCartney. Með þeim tókust ástir og ekki leið á löngu áður en þau gengu í hjónaband og eignuðust dóttur saman. Allt fór í háaloft í sambandi þeirra í fyrra og þau standa nú í erfiðum skilnaði.

## MERKISATBURÐIR

1203 Guðmundur Arason hinn góði vígður Hólabiskup, 43 ára að aldri.

1844 Jón Sigurðsson kosinn á þing í fyrsta sinn á kjörfundi á Ísafirði.

1972 Jóhannes Sveinsson Kjarval listmálari andast, 86 ára að aldri.

1979 Lengsta borðtennisleik sögunnar lýkur eftir 101 klukkustunda leik.

1998 Allir þrír bankastjórar Landsbankans segja af sér í kjölfar umræðna um kostnað við laxveiðar og fleira.

1998 Dolly, fyrsta klónaða kind veraldar, ber í fyrsta sinn.



**FYNDNASTI ÍSLENDINGURINN** Þórhallur Þórhallsson, fyndnasti maður Íslands, á ekki langt að sækja gríngenin því hann er sonur Ladda.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ÞÓRHALLUR ÞÓRHALLSSON:** SONUR LADDA KJÖRINN FYNDNASTI MAÐUR ÍSLANDS

# Með grínið í genunum

Keppnin um fyndnasta mann Íslands var til lykta leidd síðastliðið föstudagskvöld, og fór grínistinn Þórhallur Þórhallsson með sigur af hólmi eftir harða keppni. „Þetta var jafnt og skemmtilegt bara, það stóðu sig allir með prýði,“ sagði Þórhallur, sem var að vonum ánægður með titilinn. Annað sætið hreppti Þrándur Jensson, og það þriðja féll í skaut Jóns Haukdal.

Keppnin um Fyndnasta mann Íslands hófst í byrjun mars. Þá öttu kappi fjórir af þeim sextán keppendum sem forsvarsmenn höfðu valið úr hópi umsækjenda. Fimm þeirra tókust svo á um titilinn í síðustu viku. Keppendur höfðu misjafnlega mikla reynslu af uppistandi en Þórhallur hlýtur að teljast nokkuð reyndur. „Ég er búinn að stökkva í þetta svona af og til síðan árið 2003 og hef verið á fullu í þessu núna undanfarið ár eða tvö. Ég hef atvinnu af uppistandi núna og hef líka verið með útvarpsþætti og svona samhliða því,“ sagði Þórhallur. Grínið hefur þó væntanlega alltaf verið hluti af lífi hans. Faðir Þórhalls er enginn annar en Þórhallur Sigurðsson, betur þekktur sem Laddi, einn ástsælasti grínleikari þjóðarinnar fyrr og síðar. Þórhallur hinn yngri segist ekki geta neitað því að grínið sé honum nánast í blóð borið. „Það mætti segja það,“ sagði hann og hló við.

Þórhallur segir nokkur tilboð þegar hafa borist sér og vonast til þess að verða fullbókaður grínisti í sumar. Hann segir Ísland vera ágætis markað fyrir uppistand. „Markaðurinn er alltaf að stækka og þessi uppistandsmenning er öll að lifna við. Ég er auðvitað mjög ánægður með það.“ Endurlífgun keppninnar um fyndnasta mann Íslands hlýtur að teljast vera liður í upprisu uppistandsins, en Þórhallur hefur aldrei tekið þátt í slíkum keppnum áður. „Mig hefur alltaf langað, en ég þorði aldrei. Svo fannst mér ég vera tilbúinn núna – og ég virðist að minnsta kosti hafa verið nógu tilbúinn,“ sagði hann sposkur.

sunna@frettabladid.is



**LADDI** Konungur íslenska grínsins má vera stoltur af syni sínum sem valinn var fyndnasti maður Íslands á dögunum.



✝

*Elskulegur sonur minn, bróðir, mágur og frændi,*

**Halldór Gunnar Hringsson**
Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði,

er lést laugardaginn 24. mars, verður jarðsunginn frá Neskirkju 16. apríl kl. 13.00.

**Sigrún Halldórsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Gunnjóna Sigrún Hringsdóttir** | **Jónas Sigurðsson** |
| **Guðbjörg Hringsdóttir** | **Páll Guðmundsson** |
| **Hjörleifur Hringsson** | **Elín Baldursdóttir** |
| **Sigrún Edda Hringsdóttir** | **Hafsteinn Jónsson** |
| **Hinrik Hringsson** | **Ingibjörg Þráinsdóttir** |

**frændsystkin.**



✝

**Árni Kr. Þorsteinsson**
Miðfjarðarnesseli, Bakkafirði,

verður jarðsunginn frá Skeggjastaðakirkju laugardaginn 14. apríl kl. 14.

**Fjölskylda hins látna.**



✝

*Við fjölskylda*

**Lísu Skaftadóttur**

sem lést af slysförum 21. mars síðastliðinn viljum koma á framfæri þakklæti til allra sem hafa veitt okkur stuðning með bænum, góðmennsku, styrkjum og hjálpsemi í gegnum þessa erfiðu tíma. Með þökk fyrir alla þá hlýju í garð okkar. Guð blessi ykkur.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Ragnar Þór Stefánsson.**



✝

*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Lárus Beck Wormsson**
Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést mánudaginn 9. apríl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 17. apríl kl. 14.

**Sigurbjörg Árdís Lárusdóttir**

| | |
|---|---|
| **Ísabella Lárusdóttir** | **Lárus S. Ingibergsson** |
| **Elínborg Lárusdóttir** | **Birgir S. Björnsson** |
| **Rannveig Lárusdóttir** | **Guðmundur E. Björnsson** |

**og afabörn.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma **550 5000.**



✝

*Elskuleg frænka okkar,*

**Anna Sigríður Magnúsdóttir**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 11. apríl sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Hrafn Magnússon**
**Helga Ívarsdóttir.**



*Ástkær sonur okkar, bróðir og faðir,*

**Óskar Ingi Þórsson**
Skagaströnd,

lést þann 5. apríl sl. Útförin fer fram frá Fellsborg Skagaströnd föstudaginn 20. apríl kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Rósa Björg Högnadóttir**
**Þór Ingi Árdal.**




**984** kr/kg. áður 1.698 kr/kg.
Norðlenska kryddaður lambahryggur




**517** kr/kg. áður 739 kr/kg.
Goða lifrapylsa soðin

**235** kr/kg. áður 336 kr/kg.
Goða blóðmör soðin




**499** kr/pk.
Coke og Coke light - 2 ltr 4 í pakka




**299** kr/pk.
Nettó borgarar m/ brauði 4 stk




**994** kr/kg. áður 1.657kr/kg.
Goða grísaofnsteik m/tómat og basil




**728** kr/kg. áður 1.214 kr/kg.
Borgarnes léttreyktur hunangsgrís




**99** kr/kg.
Krakkaepli - 1 kg poki




**139** kr/stk.
Provamel soyamjólk - Blá og rauð




**149** kr/pk.
Doritos - Cool American og Nacho Cheese

H-N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 13. apríl til 15. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

## Ársfundur 2007

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn að Skúlagötu 17, Reykjavík á 2. hæð, 26. apríl 2007 og hefst kl. 17.00.

### Dagskrá fundarins er

1. Skýrsla stjórnar.
2. Gerð grein fyrir ársreikningi.
3. Tryggingafræðileg úttekt.
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
5. Nýjar samþykktir.
6. Önnur mál.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 19.03.2007

**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**




## STUÐ MILLI STRÍÐA Svalir strákar og sætar stelpur

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** VILL ALVÖRU GELLUR Í UNGLINGAMYNDIR



Unglingamyndir hafa lengi verið í miklu uppáhaldi hjá mér og fáir sem ég þekki hafa horft á jafn mörg „prom“ og ég. Skemmtanagildi myndanna er að mínu mati töluvert þótt boðskapurinn sé ekki merkilegur. Þrátt fyrir að geta horft framhjá alls konar vitleysu, sem ég afsaka með því að svona séu unglingamyndir bara, er þó eitt atriði sem ég get endalaust látið fara í taugarnar á mér.

Oft ganga unglingamyndir út á einhvers konar umbreytingu þar sem lúðastrákurinn verður gaur eða lúðastelpan gella en mér hefur ekki fundist það vera á alveg sömu forsendum sem kynin afla sér vinsælda. Í strákamyndunum er lúðastrákurinn alltaf skotinn í sætustu stelpunni í skólanum en þar sem hann er ósýnilegur í hennar augum stofnar hann hljómsveit eða gerir eitthvað annað sniðugt sem verður til þess að gellan tekur eftir honum og þau ná saman. Í stelpumyndunum er hins vegar nóg fyrir lúðastelpuna að skipta um föt og mála sig til þess að verða vinsæl. Henni er reyndar oft boðið að gerast klappstýra í beinu framhaldi af því en hún þarf ekki að finna upp á neinu sniðugu sjálf til þess að sæti strákurinn sem hún er skotin í verði líka skotinn í henni. Lúðastelpan og sæti ná þó sjaldnast saman þar sem hún fattar yfirleitt á endanum að hún er bara skotin í lúðavini sínum.

Ég viðurkenni alveg að það fer hrikalega í taugarnar á mér að stelpur skuli fá þau skilaboð að þær verði að vera sætar til að vera svalar á sama tíma og strákar fá þau skilaboð að þeir þurfi ekki að vera sætir til þess að ná í sætar stelpur. Þess vegna bíð ég spennt eftir unglingamyndinni þar sem lúðastelpan stofnar hljómsveit og verður svo svöl að hún ákveður að byrja hvorki með sæta stráknum né lúðavininum heldur vera á lausu allavega fram yfir tvítugt, svona rétt á meðan hún er að móta sjálfsmyndina til fulls og læra að sýna sjálfstæði. Það yrði uppáhalds unglingamyndin mín.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Sameinuð stöndum við!

**Nú hafa Dótabúðin og Leikbær sameinast í enn skemmtilegri verslanir! Breiðara vöruúrval í sameinuðum verslunum mun koma öllum dótaunnendum til góða!**




**Traust Leikbæjar:** Þú færð mismuninn endurgreiddan sé varan meira en 10 kr. dýrari hjá okkur!*
**Traust Leikbæjar:** Þú átt fullan skilarétt á vörunni, hver sem ástæðan er fyrir skilunum!*
**Traust Leikbæjar:** Við tökum ábyrgð á öllum okkar vörum!*
**Traust Leikbæjar:** Við endurgreiðum í peningum eða inn á kort, gegn framvísun kvittunar!*

*Sjá nánar á www.leikbaer.is!

Dótabúðin

Leikbær

Laugavegi - Faxafeni - Kringlunni - Mjódd - Smáralind - Firði, Hafnarfirði - Kjarnanum, Selfossi

## Kl. 12.00

*Sýning á ljósmyndaverkum fjórtán alþjóðlegra listamanna stendur yfir í Listasafni Akureyar. Sýningarstjóri er Isabelle de Montfumat og þátttakendur flestir franskir eða búsettir þar um slóðir og er sýningin liður í frönsku menningarkynningunni Pourquoi pas?*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Stórsveitir landsins í maraþoni*

Stórsveit Reykjavíkur stendur fyrir árlegu Stórsveitamaraþoni í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun en þar verða lúðrar þeyttir og barið á bumbur milli kl. 14 og 17. Að vanda býður sveitin til sín yngri stórsveitum landsins og leikur hver hljómsveit í um það bil hálftíma. Þetta er í ellefta sinn sem þessi skemmtilega uppákoma er haldin en gerður hefur verið góður rómur að þessari uppeldisviðleitni hinna eldri og reyndari tónlistarmanna.



**BLÁSARAR STÓRSVEITAR REYKJAVÍKUR** Árlegt stórsveitamaraþon á morgun. MYND/STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

Stórsveit Reykjavíkur hefur tónleikana kl. 14 undir stjórn Össurar Geirssonar en síðan taka við sveitir frá tónlistarskólum í Reykjanesbæ, frá Seltjarnarnesi, Akureyri, Hafnarfirði og Tónlistarskóla FÍH. Efnisskráin er fjölbreytt og tónlistarmennirnir á öllum aldri. Aðgangur að maraþoninu er ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir en áhorfendum er frjálst að koma og fara á meðan maraþonið stendur yfir.

## >Ekki missa af…

leikritinu **Degi vonar** eftir **Birgi Sigurðsson** sem sýnt er í **Borgarleikhúsinu**. Leikstjóri er Hilmir Snær Guðnason.

kvikmyndasýningum **Fjalakattarins** um helgina en nú verða heimildarmyndir í fyrirrúmi. Systurmyndirnar um **Þriggja gljúfra stífluna** í **Kína** verða einnig endursýndar í Tjarnarbíói á sunnudaginn.

ljósmyndasýningu hins franska snillings **Gilles Bensimon** í **Hafnarborg**.

# Mjallhvít komin í Kúluna

Hið sígilda ævintýri um konungsdótturina ungu, Mjallhvíti, sem hrekst undan illri stjúpu inn í skóginn og lendir þar í vist hjá dvergunum sjö hefur haldið lesendum hugföngnum frá því hún kom út á íslensku.

Ævintýrið var túlkað á sviði Þjóðleikhússins á sjöunda áratug síðustu aldar með Bryndísi Schram í titilhlutverkinu og löngu kunn er mynd framleiðandans Walts Disney eftir ævintýrinu. Í dag hefur brúðuleikhúsið Tíu fingur sýningar í Kúlunni, smæsta sýningarsal Þjóðleikhússins, á sögunni góðkunnu. Það er leikbrúðuleikkonan Helga Arnalds sem stendur á bak við tiltækið. Hér er á ferðinni sagan sígilda um Mjallhvíti og dvergana sjö eins og við þekkjum hana flest en í sýningunni leiðir sögukonan, Helga Arnalds börnin í gegnum hana á nokkuð óvenjulegan hátt með töfrabrögðum, myndskyggnum, brúðum, grímum og söng.

Helga Arnalds hlaut menntun sína í Instituto del Teatro í Barcelona og í leikhúsháskólanum DAMU í Prag. Tíu fingur er eins manns ferðaleikhús sem var stofnað árið 1994 af Helgu Arnalds og hefur ferðast milli nánast allra skóla og leikskóla í landinu auk leikferða erlendis. Þá hefur Helga um árin fengið til samstarfs marga landsþekkta listamenn á sviði myndlistar, leiklistar og tónlistar. Allar sýningar leikhússins eru mjög myndrænar og eru byggðar upp með brúðum, grímum og skuggaleikhúsi. Þessi sýning er skreytt ljósmyndum eftir Áslaugu Snorradóttur. Leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson.



**BRÚÐULEIKHÚS** Helga Arnalds og Mjallhvít.

Sýningin um Mjallhvít kom upp fyrst 2004 en þá sagði Silja Aðalsteinsdóttir um frammistöðu Helgu í DV: „Best af öllu er að heyra hana flytja textann sinn fyrir börn. Þar fer ekkert orð forgörðum og innlifun hennar og ákafi smitar áheyrendur, hvort sem þeir eru þriggja ára, þrítugir eða tvisvar sinnum það, svo að þeir sitja hugfangnir og fylgjast með.“ Og nú geta foreldra sótt í þann brunn með ung börn sín næstu helgar í Kúluna.

**pbb@frettabladid.is**


# Draumalandið

*Leikverk byggt á metsölubók Andra Snæs Magnasonar*

Við hvað erum við hrædd?

Með miklum húmor og skemmtilegu innsæi ... ...tekst þessari sýningu að hlæja bæði að þeim sem eru með og þeim sem mótmæla stóriðjuvæðingu Íslands... notið tækifærið segi ég.
***Martin Regal Mbl.***

Má vel ráðleggja þeim sérstaklega að sjá þessa sýningu sem ekki hafa lesið bókina, þeim mun verða dillað.
Umgerðin er mögnuð og tónlistin
***Silja Aðalsteinsdóttir TMM.***
áhrifarík.
Sýningin er allt í senn stórskemmtileg, háalvarleg og hárbeitt. Ef þú ætlar bara einu sinni í leikhús á þessu ári sjáðu þá Draumalandið í Hafnarfjarðarleikhúsinu.
***Þröstur Sverrisson***

takk, takk, takk, Hafnarfjarðarleikhús!
***Ómar Ragnarsson***

… býsna áhrifamikil… á köflum dásamleg… einhver heillandi blær yfir þessari leikmynd. Smellpassar inní tíðarandann.
***Þorgerður E. Sigurðardóttir Víðsjá***

Draumalandið – Tær snilld.
***Sara Dögg Jónsdóttir***

HAFNARFJÖRÐUR Landsbankinn MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði.
Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is


# Vonnegut allur

Bandaríska skáldið Kurt Vonnegut er látinn á áttugasta og fimmta aldursári. Hann lést á miðvikudag af völdum meiðsla sem hann hlaut á höfði eftir fall á heimili sínu á Manhattan í New York. Eftirmæli hans í bandarískum blöðum eru mjög á einn veg: ljúfur söknuður og þökk, einkum frá þeim sem nutu verka hans, deildu með honum grárri gamansemi og kosmískri sýn á veröldina.

Vonnegut var fæddur í Indianapolis og stundaði nám í efnafræði við Cornell-háskóla, sem kann að skýra að hann leit veröldina ólíkum augum öðrum mönnum. Hann var kornungur þegar hann var kallaður til herþjónustu og barðist – og hélt lífi við orrustuna frægu í Ardennafjöllum sem kölluð er „The Battle of the Bulge“. Þar féll hann í hendur óvininum og var fangi í landi forfeðra sinna. Hann var í Dresden þegar borgin hvarf í eldsprengjuhafið. Enginn þeirra sem sluppu lifandi frá Dresden voru samir eftir og það tók Vonnegut alla ævi að ná áttum á ný.

Hann sinnti ýmsum störfum eftir stríð en tók þá til við skriftir og samdi með öðrum störfum röð skáldsagna sem voru á jaðri þess að vera vísindaskáldskapur og fantasíur. Hann skrifaði persónulegan stíl, skóp aragrúa af eftirminnilegum persónum og lét engin bönd halda sér í skáldheimum. Hann eignaðist fljótt ákafa aðdáendur í hópi unnenda vísindaskáldskapar en upp úr 1970 var viðurkenning hans orðin almenn og nýrra verka hans beðið með eftirvæntingu.



**RITHÖFUNDURINN KURT VONNEGUT** Á dygga aðdáendur um allan heim. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Hann var mannvinur, vantrúaður á öll kerfi og yfirvöld þeirra, andstöðumaður sem kíminn dró flest í efa. Hann var snjall í að teygja mál og merkingu og samdi óafvitandi spakyrði og var því vinsæll fyrirlesari.

Vonnegut bjó jöfnum höndum á Manhattan og í Hamptons, hann var tvíkvæntur og átti fjögur börn en ól upp þrjú börn systur sinnar.

Nú hrannast upp lofsyrðin um hann en því hefði hann mætt með bros á vör og spurn í augum.

Tvær sögur hans eru til í þýðingum, en flest allar bækur hans, skáldsögur, umræðurit, minningabrot og smásögur má finna á flestum bókasöfnum. Þær eru skemmtileg og holl lesning. **- pbb**

# Fundað um bíó

Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían stendur fyrir fundum í hádeginu á föstudögum næstu vikurnar þar sem fjallað verður um kvikmyndir og sjónvarp, stöðu þeirra og framtíð hér á landi. Fundirnir verða haldnir hálfsmánaðarlega í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands og verður sá fyrsti í dag í hádeginu og hefst kl. 12.

Það verður Baltasar Kormákur sem ríður á vaðið og gerir að umtalsefni hvernig hann snaraði hinni kunnu og víðlesnu skáldsögu Arnalds Indriðasonar, Mýrinni, yfir á tjald.

Eftir hálfan mánuð ætlar svo Anna María Karlsdóttir að velta upp svörum við spurningunni: Hverjir sjá íslenskar kvikmyndir? , en hún starfar sem framleiðandi.

Í maí verður svo Björn Björnsson með fyrirlestur um krimmann sinn, Kalda slóð en 25. maí mun nýr dagskrárstjóri sjónvarps gera grein fyrir dagskrárstefnu RUV ohf. Fundirnir hefjast stundvíslega kl. 12 á því að framsögumenn flytja hálftíma erindi en að því loknu gefst tækifæri til fyrirspurna og umræðna en fundunum lýkur kl 13. Fundirnir eru öllum opnir og aðgangur er ókeypis.



**KVIKMYNDIR** Baltasar Kormákur opnar fundaröð Íslensku kvikmyndaakademíunnar um iðnaðinn.

# Ótrúlegt verð

Öll raftæki eru fáanleg í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum

15.990kr
Verð áður 17.990,-



**Sarotech margmiðlunarspilari DVP370A**
- Tekur 3,5" IDE Harða Diska
- Spilar DivX (3.x/4.x/5.x), XViD, DAT, MPG, VOB, ISO og IFO
- Spilar MP3, WMA, OGG og WAV
- Sýnir JPEG ljósmyndir
- Styður SMI, SRT og SUB texta
- Component (480i/480p, 720p/1080i), SVHS og CVBS útgangar
- Stereo útgangur
- Digital Coaxal og Optical útgangur
- Styður FAT32 og NTFS skjalakerfið
- USB 2.0 háhraða tenging
- Styður Windows 98/98SE/ME/2000/ XP, MAC OS 9.0 eða nýrra og Linux 2.4 eða nýrra
- Stærð í cm (bxhxd): 20,6x5,5x14 og þyngd: 770g (án disks)

23.990kr
GOTT VERÐ



**Philips hljómtækjasamstæða MCD295**
- 2x30w magnari • Fjölkerfa DVD spilari • Spilar DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby Digital • Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost • Útvarp með stöðvaminnum • Kassettutæki • SVHS og CVBS tengi
- Aux inn- og útgangur • Digital coaxial og subwoofer útgangur • Fjarstýring

8.490kr
GOTT VERÐ



**Philips DVD spilari DVP3040**
- Fjölkerfa DVD DivX Spilari - Silfurlitaður • Spilar öll kerfi
- Progressive Scan • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby Digital • Scart (með RGB), Component, SVHS og CVBS tengi
- Digital Coaxial tengi • Fjarstýring

12.990kr
Verð áður 15.990,-



**Olympus myndavél FE170**
- 6 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5" LCD Skjár
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka (Hámarksupplausn 320x240)
- Þrjár myndstærðir
- 10 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og Tímarofi
- USB Tenging við tölvu
- Tekur xD kort
- 10MB innra minni, USB snúra og Hugbúnaður fylgir

9.990kr
GOTT VERÐ



**SanDisk MP3 spilari C240FM**
- 1GB Sansa c240 MP3 Spilari
- Innbyggt FM útvarp
- microSD kortalesari
- Auðveldur í notkun
- Spilar MP3 og WMA
- Sýnir ljósmyndir
- Innbyggður diktafónn
- Endist í allt að 15 klukkutíma á einni hleðslu
- Háhraða USB 2.0 tenging við tölvu
- Heyrnartól, rahfhlaða, USB kapall og hugbúnaður fylgir

24.990kr
Verð áður 33.990,-



2.990kr
GOTT VERÐ



**Philips hárblásari HP4881**
- 1900w öflugur hárblásari með 3 hita og hraðastillingum, köldu lofti og viðbótarhaus fylgir

8.990kr
Verð áður 11.990,-



**Philips rakvél HQ6710**
- Blá Cool Skin með Nivea kremi eða geli sem tryggir mýkri rakstur og hentar vel fyrir viðkvæma húð
- Cool skin hnífar
- 45 mín hleðsla og tekur 8 klst. að hlaða
- Vatnsheld - má nota í sturtu og auðvelt að þrífa undir krana

**Olympus myndavél MJU760**
- 7.1 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom
- Linsa: 6.5 - 19.5mm (35mm samb.: 37 - 111mm)
- 2,5" LCD Skjár (230.000 pixlar)
- Frábær við öll birtuskilyrði
- Dual Image Stabilization - Hristivörn
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480)
- Átta myndstærðir
- 22 Scene Programmes
- Auto Flass og Red Eye Reduction
- Tímarofi
- USB Tenging við tölvu
- 18mb innbyggt minni
- Tekur xD kort
- Hugbúnaður fylgir

Gildir til 19. apríl eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 15. apríl kl. 14.00 Uppselt
Sun 15. apríl kl. 17.00 Laus sæti
Sun 22. apríl kl. 14.00 Laus sæti
Sun 29. apríl kl. 14.00 Örfá sæti laus
Leikhópurinn Á senunni & Hafnarfjarðarleikhúsið
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

ÁST
Söngleikur eftir Gísla Örn Garðarsson og Víking Kristjánsson
Í samstarfi við Vesturport
14. apríl - Uppselt
15. apríl Uppselt
21. apríl Uppselt
25. apríl Uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20 Miðaverð 3.900

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 15/4 kl. 20 Fim 3/5 kl. 20
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 15/4 kl.20 Þri 17/4 kl. 20
Fim 19/4 kl. 20 Þri 24/4 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl. 14 UPPS.
Mán 16/4 kl.21 UPPS. Fim 19/4 kl. 14 UPPS.
Fim 19/4 kl. 17 UPPS. Fim 19/4 kl. 21 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS. Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Fim 10/5 kl. 20 UPPS. Fim 10/5 kl. 22:30
Þri 29/5 kl. 20 Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 Lau 2/6 kl. 22:30

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl.20 UPPS.
Mán 16/4 kl. 20 UPPS. Fös 20/4 kl. 20UPPS.
Lau 21/4 kl.20 UPPS. Sun 22/4 kl.20UPPS.
Mið 25/4 kl. 20UPPS. Lau 28/4 kl. 20 UPPS.
Sun 29/4 kl. 20 UPPS. Fim 3/5kl.20
Sun 6/5 kl. 20 Fim 10/5 kl. 20
Fös 11/5 kl. 20 Lau 12/5 kl. 20

OPNUNARTÍMI MIÐASÖLU
Miðasalan er lokuð frá fös 6/4 til lau 14/4.
Miðasala á netinu allan sólarhringinn

DAGUR VONAR
Mið 18/4 kl. 20 UPPS. Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20
Fös 4/5 kl. 20 Mið 16/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORS.UPPS.
Lau 21/4 kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Lau 14/4 kl. 20 Fös 20/4 kl. 20
Lau 21/4 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Þri 17/4 kl. 20 AUKAS.
Mið 2/5 kl. 20 AUKAS.
Lau 5/5 kl. 20 AUKAS.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

# Cavalleria Rusticana í Óperunni

## LEIKLIST

**Cavalleria Rusticana eftir Mascagni**

**Leikstjóri:** Ingólfur Níels Árnason
**Hljómsveitarstjóri:** Kurt Kopecky
**Leikmynd:** Hlín Gunnarsdóttir

★★

Viðvaningsleg sviðsetning á meistaraverki en víða sungin af krafti.

Náðargeisli snillinnar sló Mascagni þegar hann setti tónlist við texta félaga sinna upp úr smásögu um afbrýðisemi og tál sveitafólks á Sikiley á nítjándu öldinni. Sagan er raunar hafin yfir alla tíma og staði þó kjarni hennar standi utan við siðferðiskvarða okkar tíma: ung kona af lágum ættum er í ástarsambandi við strák sem er nýkominn úr hernum. Hún á engan að, hann býr hjá móður sinni sem selur vín við torgið. Stúlkan er barnshafandi og því komin utan garðs. Hann er ekki viss og tekinn að leggja lag sitt við konu gifta manni í flutningsbransanum sem er oft að heiman. Unga konan vanfæra hrekur barnsföður sinn í dauðann í afbrýðisemi. Allt gerist þetta á páskadagsmorgun.

Cavalleria Rusticana er snilldarverk sama hvernig á það er litið. Hlutverkin eru ekki mörg, raunar bara fimm sem skipta máli, en persónusköpun höfundanna er svo meitluð að hlutverkin heimta þaulhugsaðan og frjóan leik auk þess sem laglínurnar eru ekkert slor. Hér er því úr miklu moða.

Ofan í kaupið er verkið samið fyrir stóran kór og það mun hafa verið meginástæða þess að Elín Ósk Óskarsdóttir ræðst í að koma verkinu á svið nú með Óperukór sinn í Hafnarfirði. Hún hefur líka haft áhuga á að syngja hlutverk Santuzzu, ungu konuna sem er þungamiðja verksins. Hún fær til verksins vana söngvara, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Ólaf Kjartan Sigurðarson og yngri krafta: Hörn Hrafnsdóttur og Þórunni Stefánsdóttur. Ingólfur Níels Árnason setur á svið og Kurt Kopecky stjórnar.

Allt er þetta gott og blessað: þetta er hefðbundin sviðsetning, Ingólfur reynir ekki að draga verkið úr sínum hefðbundna stað þótt heldur sé kauðslegt að sjá karlana ganga alla úr kirkju á páskadagsmorgun með hattana á hausnum. Það stafar af allri sviðsetningunni að flestir þeirra sem á sviðinu standa eru alls óvanir: kvennapartur kórsins hljómaði betur en karlarnir, en Óperukór Hafnarfjarðar stendur engan veginn undir hlutverki sínu í sýningunni.

Það gera söngvararnir í sólópörtunum hins vegar þó grætilegt sé að þeim skuli ekki búin fullgerð umgerð: á sýningana skortir verulega djúpan leik sem er þó aðall verksins, vilji menn takast á við það: persónurnar. Öll fimm sýna því aðeins brot sem heimta verður af þeim í fullburða sviðsetningu á verkinu.



Eru þetta örlög íslenskra óperusýninga – enginn kór til sem stendur undir nafni og er í stöðugri þjálfun, einsöngvarar sem syngja örfá kvöld á árabili, hljómsveitarstjóri sem fær ekki þá stöðugu þjálfun sem starf hans útheimtir og áheyrendur sem verða að bíða áratugum saman eftir flutningi verka á borð við þetta? Cavalleriu á að flytja reglulega og þá að leggja í fullburða sýningar sem gera verkinu verðug skil.

En hér verðum við að virða viljann fyrir verkið: Elín syngur hlutverk Santuzzu af miklum þrótti en það skortir á blíðu og bráðlyndið sem verður Santuzzu að falli. Þetta er tekið nokkuð á kraftinum. Svo er áberandi í sviðsetningu Ingólfs hvað hann stillir Elínu í miðju: Santuzza er kona á jaðri samfélagsins, bæði í anda og líkama. Jafnvel í bæninni þar sem persónunni er gjarnan stillt í miðju sem er óröklegt þó stórsöngkonur heimti þá stöðu rétt eins og gamlir leikarar í aðalhlutverkum.

Mín eyru er vanari bjartari tenórum en Jóhanni Friðgeiri í hlutverki Turiddos. Hann hefur sannfærandi fas á sviði og sterka nálægð en aftur var lítið um blæbrigði í leiktúlkun hans. Öðru var fyrir að fara í glæsilegri framgöngu Ólafs Kjartans sem stóð sig með mikilli prýði. Þórunn Stefánsdóttir er glæsileg kona og fór vel með sinn part sem konan gifta en ekki var hún sú daðurdrós sem textinn heimtar í hinum vandræðalega fundi þeirra þriggja við kirkjudyrnar. Hörn Hrafnsdóttir fann sig illa í hlutverki móðurinnar og vann frumstætt gervi á móti henni.

Það er samt alltaf yndislegt að sjá þetta verk og birtan í tónlistinni er engu lík. Mér þótti hljómsveitin víða slök og raunar ekki ná sér vel á strik fyrr en í Intermezzoinu þegar ég sá aðra sýningu. Nú eru tvær eftir og verða báðar fullskipaðar áhorfendum. Það er hallærislegt að við skulum ekki ráðast í uppsetningar sem þessar nema af hálfum efnum eða minna og ekki hafa efni á að sýna sviðsetningarnar nema í örfá skipti.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

120 1886 2006



# Þýðendur tilnefndir

Félagar í Bandalagi þýðenda og túlka hafa tilnefnt fimm bækur til Íslensku þýðingaverðlaunanna fyrir framúrskarandi þýðingar fagurbókmennta á árinu 2006. Eru verðlaunin sett á stofn af félaginu til að auka hróður þýðenda sem hafa löngum auðgað íslenska menningu á ýmsan hátt. Þær bækur sem að þessu sinni eru tilnefndar eru eftirfarandi:

*Brekkan* eftir Carl Frode Tiller í þýðingu Kristians Guttesens, útgefandi Salka.

*Dætur hússins* eftir Michéle Roberts í þýðingu Fríðu Bjarkar Ingvarsdóttur, útgefandi Salka.

*Nostromo* eftir Joseph Conrad í þýðingu Atla Magnússonar, útgefandi Mál og menning.

*Umskiptin* eftir Franz Kafka í þýðingu Ástráðs Eysteinssonar og Eysteins Þorvaldssonar, útgefandi Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur/Háskólaútgáfan.

*Wuthering Heights* eftir Emily Brontë í þýðingu Silju Aðalsteinsdóttur, útgefandi Bjartur.

3ja manna dómnefnd, skipuð verðlaunahafa síðasta árs Rúnari



**ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON ÞÝÐANDI** Er tilnefndur ásamt Eysteini Þorvaldssyni fyrir þýðingu sína á Umskiptunum eftir Kafka.

Helga Vignissyni, og þeim Gunnþórunni Guðmundsdóttur og Jórunni Sigurðardóttur, tekur nú við og kveður upp lokadóm um hvaða bók hlýtur verðlaunin.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhendir Íslensku þýðingaverðlaunin að venju á degi bókarinnar 23. apríl nk. á Gljúfrasteini þar sem verðlaunin hafa verið afhent frá upphafi, enda var Halldór Laxness afkastamikill þýðandi á sinni tíð.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

10 11 12 **13** 14 15 16

### Föstudagur

**SÝNINGAR**

☐ 09.00 í **Þjóðarbókhlöðunni** stendur yfir sýning á bókverkum eftir rithöfundinn **Sigurð Pálsson** og franska listamanninn **Bernard Alligand.**

☐ 10.00 Yfirlitssýning á verkum málaranna **Jóns Engilberts** (1908-**72) og Jóhanns Briem** (1907-91) stendur yfir í **Listasafni Íslands** við Fríkirkjuveg. Sýningastjóri sýninganna er **Harpa Þórsdóttir** listfræðingur en sýningunni lýkur 29. apríl. Aðgangur að safninu er ókeypis.

☐ 11.00 í menningarmiðstöðinni **Gerðubergi** stendur yfir yfirlitssýning á verkum myndlistarmannsins **Rúríar**. Sýningin stendur til 6. maí.

☐ 13.00 Myndlistarmaðurinn **Spessi** sýnir í **Gallerí Anima** í **Ingólfsstræti**. Á sýningunni **Úrtak** eru ljósmyndir sem Spessi tók á Ísafirði árið 2005.

☐ 13.00 Í tilefni af 50 ára vígsluafmæli **Hallgrímskirkju** í **Saurbæ** stendur þar yfir myndlistarsýningin **Mynd mín af Hallgrími**. Sýningin er samsýning 28 listamanna sem draga fram hver sína mynd af sálmaskáldinu Hallgrími Péturssyni.

☐ 13.00 í **SAFNI** við **Laugaveg** stendur yfir sýning franska myndlistarmannsins **Mathieu Copeland Exhibitions' ruins / Emotional Landscapes**. Sýningin byggir á leifum eða rústum eldri sýninga. Hún stendur til 13. maí.

☐ 13.00 **Borghildur Óskarsdóttir** sýnir verkið **OPNUR - sögur frá liðnum tíma í ljósi mynda** í **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu. Uppistaðan í sýninginni er ættar- og fjölskyldusaga sem tengist hinum ýmsu stöðum á sunnanverðu landinu, náttúrunni þar og húsunum.

☐ 13.00 **EL GRILLO** - Sýning nema frá **Listahásóla Íslands** í samstarfi við **Dieter Roth Akademíuna** stendur nú yfir í **Skaftfelli Menningarmiðstöð**. Nemendurnir tíu dvöldust á Seyðisfirði í tæpar þrjár vikur þar sem þeir unnu að verkum sínum með góðri aðstoð heimamanna. Sýningin ber því mikinn keim af staðnum en er engu að síður ákafleg fjölbreytt. Vegna útskriftar frá **Listaháskóla Íslands** hefur sýningar lokum verið flýtt. Sýningin mun því standa til laugardagsins 7. maí. Sýningin er opin fös.-sun. milli kl. 13 og 18 eða eftir samkomulagi.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


**Draumalandið**

*eftir Andra Snæ Magnason*

**14. apr** lau. 8 sýning **kl. 20**
**20. apr** fös. 9 sýning **kl. 20**
**21. apr** lau. 10 sýning **kl. 20**
**26. apr** fim. 11 sýning **kl. 20**
**27 apr** fös. 12 sýning **kl. 20**
**28 apr** lau. 13 sýning **kl. 20**

**HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ**
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

**GERÐUBERG**
www.gerduberg.is



**RÚRÍ**
**Tími - Afstæði - Gildi**
Sýning frá glæstum listferli
Sjá www.ruri.is



**Óður til íslenskrar náttúru**
Guðlaug I. Sveinsdóttir sýnir málverk og vefnað



**Vissir þú af...**
góðri aðstöðu fyrir veislur, námskeið, fundi o.fl.
Nánar á www.gerduberg.is

Sýningar eru opnar virka daga kl. 11 - 17 og um helgar kl. 13 - 16 • sími 575 7700

**ATH! Rúrí býður gestum upp á leiðsögn laugardaginn 14.apríl kl.13**

Sýningin verður framlengd og stendur til 6. maí n.k.




KRINGLU KRÁIN

**SIXTIES í kvöld**

*Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum*

**CAVALLERIA RUSTICANA**

**eftir PIETRO MASCAGNI**

3. sýn: Lau. 14. apríl kl. 20 - **ÖRFÁ SÆTI LAUS**
4. sýn: Sun. 15. apríl kl. 17- **ÖRFÁ SÆTI LAUS**

**Elín Ósk Óskarsdóttir**
**Jóhann Friðgeir Valdimarsson**
**Ólafur Kjartan Sigurðarson**
**Hörn Hrafnsdóttir Þórunn Stefánsdóttir**

SAMSTARFSVERKEFNI ÍSLENSKU ÓPERUNNAR OG ÓPERUKÓRS HAFNARFJARÐAR

**TILFINNINGASÚPA Í HÁDEGINU**
**HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRIÐJUDAGINN 17. APRÍL KL. 12.15**
Sigríður Aðalsteinsdóttir, mezzósópran og Helga Bryndís Magnúsdóttir, píanó, flytja þýsk og frönsk ljóð.
Miðaverð kr. 1.000.-

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.**
Sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus og kl. 17:00 örfá sæti laus**, sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus,** sun. 29/4 kl. 14:00 nokkur sæti laus.
**Síðustu sýningar!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Í kvöld fös. 13/4 **örfá sæti laus,** lau. 14/4 **örfá sæti laus**, fim. 19/4, fös. 20/4 **örfá sæti laus,** lau. 21/4 **nokkur sæti laus,** fim. 26/4, fös. 27/4 **örfá sæti laus, lau. 28/4, fös. 4/5, lau. 5/5.**
**Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.**

**CYMBELINE eftir Shakespeare - gestaleikur í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.**
Þri. 15/5 **örfá sæti laus**, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.**
Frumsýning lau. 14/4 **uppselt,** sun. 15/4 **uppselt**, fös. 21/4 **örfá sæti laus**, fös. 27/4.

**Kassinn**

**HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.**
Frumsýning mið. 18/4 **uppselt,** fim. 19/4 **uppselt,** fös. 20/4 **uppselt**, lau. 21/4 **örfá sæti laus,** fim. 26/4 **uppselt**, fös. 27/4 **uppselt,** lau. 28/4 **örfá sæti laus,** sun. 29/4 **örfá sæti laus,** fim. 3/5 **uppselt,** fös. 4/5 **örfá sæti laus,** lau. 5/5 **örfá sæti laus,** sun. 6/5 **örfá sæti laus**. sun. 13/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5.

**Kúlan**

**MJALLHVÍT Brúðusýning Helgu Arnalds.**
Lau. 14/4 kl. 15:00, sun. 15/4 kl. 15:00, fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.

**GERSEMAR GÆRDAGSINS Gestasýning frá Turak leikhópnum í Frakklandi.**
Mán. 16/4 kl. 20:00 örfá sæti laus.

**Afgreiðslan er opin frá kl. 12:30 til kl. 18:00**
**á mánudögum og þriðjudögum. Aðra daga frá kl. 12:30 til 20:00.**
**Miðasölusími 551-1200. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.**

**Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is**
**Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!**



Leggðu góðu málefni lið

## Það er auðvelt að skipta máli

Leggðu góðu málefni lið er heiti á þjónustu í Einkabanka og Fyrirtækjabanka Landsbankans sem auðveldar þér að hefja mánaðarlegan stuðning við góð málefni. Það þekkja það flestir að greiða mánaðarlega af húsinu og bílnum og fyrir rafmagn og hita. Nú er auðvelt að bæta góðum málefnum við þann lista og gerast áskrifandi að þeim. Þú getur styrkt eitthvert af 75 góðgerðarmálefnum; velur einfaldlega styrkupphæðina og hversu lengi þú vilt styrkja. Hver króna skilar sér til góðgerðarfélaganna og notendur bera engan kostnað við stuðning sinn. Með einfaldri aðgerð er svo hægt að hætta stuðningi. Landsbankinn hefur boðið þessa þjónustu síðan 1. júlí sl. og síðan þá hafa hundruð Íslendinga gerst áskrifendur að góðu málefni.

gottmalefni.is

Landsbankinn



BRIGHT EYES



AVRIL LAVIGNE

## > Í SPILARANUM

**Bright Eyes** - Cassadaga
**Wulfgang** - Wulfgang
**Kings of Leon** - Because of the Times
**Ry Cooder** - My Name Is Buddy
**Avril Lavigne** - The Best Damn Thing

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Barði vinsæll vestra



„Something Wrong með Bang Gang er komið í sextugasta og níunda sæti á CMJ listanum, strax í annarri viku,“ segir Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri From Nowhere Records sem gefur plötuna út í Bandaríkjunum. „Þetta er listi sem er unninn úr spilunarlistum um 450 háskólaútvarpsstöðva um öll Bandaríkin þannig að hann er mjög marktækur.“ Þess má geta að útvarpsstöðvar úti um allan heim, jafnt jaðarstöðvar sem þær sem eru meira á miðjunni, horfa til þessa lista þegar verið er að velja nýja tónlist í spilun. Þetta verður því að teljast góður árangur og ekki oft sem íslenskar hljómsveitir ná að komast inn á þennan lista,

„Platan kom út í Bandaríkjunum í síðustu viku,“ heldur Sigurður Pálmi áfram. „Við gerðum samning við dreifingarfyrirtæki sem heitir Ryko sem er dótturfyrirtæki Warner Group þannig að henni verður dreift um öll Bandaríkin, í um fimmtán þúsund búðir.“

Something Wrong kom út á Íslandi og á meginlandi Evrópu árið 2004 þannig að marga er eflaust farið að lengja eftir nýrri plötu frá hljómsveitinni. Aðspurður segist Barði vera á fullu að vinna að nýrri plötu og stefnt er á að hún komi út síðar á þessu ári.

- jar

## > Tónleikar



LONEY DEAR

Mikill áhugi er fyrir því hvaða erlendir gestir eigi eftir að bætast í hóp þeirra sem koma fram á Iceland Airwaves í haust. Á dögunum var tilkynnt um komu Bloc Party, !!! og Of Montreal og von er á frekari tilkynningum innan tíðar. Fréttablaðið hefur heyrt af tveimur nöfnum sem líklegt er talið að mæti hingað á hátíðina í október. Þar er annars vegar um að ræða sex manna sveitina Annuals frá Norður-Karólínu og hins vegar sænska tónlistarmanninn Emil Svanängen sem kallar sig Loney Dear.



ANNUALS



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

## *Rough Trade opnar stórverslun*



Ég er einn af þeim sem geta auðveldlega gleymt sér í plötubúðum. Ef sá tími sem ég hef eytt í plötubúðum um ævina væri reiknaður saman þá held ég að útkoman yrði ansi mögnuð. Plötubúðin hefur heldur átt undir högg að sækja undanfarið, ekki bara vegna niðurhals og iPod-væðingar heldur líka vegna sölu á geisladiskum á netinu. Nú eru sumar útgáfur eingöngu seldar á netinu, t.d. afurðir Hip-O undirmerkis Universal, en sú útgáfa sérhæfir sig í veglegum endurútgáfum. En þó það sé gaman að vafra um plötubúðir á netinu þá jafnast það ekki á við það að gramsa í alvöru þrívíðum plötubúðum. Hér á Íslandi eru nokkrar fínar plötubúðir. Skífan hefur lengi verið með mesta úrvalið þó að það hafi reyndar farið minnkandi undanfarin misseri. 12 Tónar og Smekkleysubúðin við Klapparstíg bjóða báðar upp á ágætt úrval af íslenskri og erlendri tónlist þó að það sé misjafnt hvað er til þar, enda verið að taka inn plötur í litlu upplagi og það sem klárast kemur kannski ekki strax aftur eða jafnvel aldrei. Nýlega uppgötvaði ég svo forvitnilega plötubúð í Skipholti, Rafgrein, en þar er töluvert til af efni sem maður sér ekki annars staðar, bæði nýtt og endurútgáfur, mikið af djassi, soul, heimstónlist og gömlu rokki.
En þó að það sé gaman að grúska í plötubúðunum hér heima þá jafnast það auðvitað ekki á við gnægtaborð stórborganna. Í London er mikið af flottum búðum af öllum stærðum og gerðum. Þar á meðal eru Rough Trade-búðirnar tvær við Talbot Road og Neals Yard. Rough Trade hefur verið Mekka indie-tónlistarinnar allt frá því að Geoff Travis opnaði fyrstu búðina 1976. Það er þess vegna mikið gleðiefni að á þessum tímum samdráttar og ráðaleysis (Tower-keðjan hrundi t.d. eins og hún lagði sig á síðasta ári) hefur Rough Trade ákveðið að opna 500 fermetra stórverslun á Brick Lane í austurhluta London. Að baki ákvörðuninni liggja veigamiklar markaðsrannsóknir. Sókn er besta vörnin. Stefnt er að opnun fyrir maílok þannig að nú er bara að panta sér far …

Erum í Smáralind 13 - 14 - 15. apríl

RainMate frá Rainbow



Enginn filter - Frí heimsending
VERÐ: 12.900
Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki
Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.
Hrein þjónusta ehf
Dalbraut 3, 105 Rvk
567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800

# Gera næstu plötu án söngs

**Sænska ofurpopptríóið Peter Bjorn and John treður upp á Nasa í kvöld. Steinþór Helgi Arnsteinsson ræddi við hinn síðastnefnda, trommarann John Eriksson, um heimsóknina.**



**SVALIR** Mikil eftirvænting hefur verið fyrir tónleikum Peters Morén, Björns Yttling og Johns Eriksson á Nasa í kvöld. Tónleikarnir verða vafalaust hin besta skemmtun en um upphitun sjá Pétur Ben og Sprengjuhöllin.

Það lá beinast við að spyrja John hvort hann væri ósáttur með að vera nefndur síðastur í hljómsveitarnafninu (sem á að skrifa án kommu milli Peters og Bjorns). „Nei, alls ekki. Nafnið hljómar langbest svona,“ svarar John hlæjandi. Í kjölfarið kemur einnig í ljós að piltarnir kjósa mun frekar að láta bera nafnið á sveitinni fram með enskum hreim heldur en sænskum. John sagði það meira að segja fara örlítið í taugarnar á sér þegar nafnið er borið fram á sænsku.

Hljómsveitin var stofnuð í Stokkhólmi árið 1999 en sjálfir koma meðlimir sveitarinnar að mestu frá norðurhluta Svíþjóðar. „Við hljómuðum líkt og skítur í byrjun en núna held ég að okkur hafi tekist að finna okkar eigin hljóm,“ en þurfti heilar þrjár plötur til þess? „Já, ég held það. Mér finnst síðasta plata okkar [Writer‘s Block sem kom út í fyrra] hljóma virkilega vel. Þrátt fyrir að hún sé mjög fjölbreytt og ýmsum stílum blandað saman þá held ég að allir geti heyrt að hér sé eina og sama hljómasveitin á ferð.“ Eru það orð að sönnu.

Lagið sem skaut Peter Bjorn and John upp á stjörnuhimininn var án efa slagarinn Young Folks. Tríóið virtist greinilega mjög sátt með lagið, jafnvel áður en það kom út, því upphafsstef plötunnar er Young Folks leikið á píanó. „Við vissum kannski ekki að það yrði svona vinsælt. Áður en platan kom út, þá spiluðum við lagið á diskótekum og þá var fólk strax byrjað að spyrja okkur með hverjum þetta lag væri eiginlega. Við erum allavega glaðir með að eiga lag sem mörgum líkar við og ef því líkar vel við meira af plötunni þá er slíkt náttúrulega frábært. Þetta lag hefur gert okkur kleift að spila á stöðum eins og Íslandi, sem er að sjálfsögðu frábært.“

Næsta plata hljómsveitarinnar mun alls ekki litast af Young Folks, heldur gerir John ráð fyrir að næsta plata verði öll án söngs. „Okkur langar bara að gera það sem okkur dettur í hug, við stefnum ekkert að því að verða næsta U2 eða neitt þannig. Ég meina, lögin sem við höfum verið með í vinnslu að undanförnu þarfnast líklegast ekki söngs. Björn gerði djassplötu fyrir nokkrum árum síðan, sem ég spilaði reyndar líka á, og ég held að þar hafi hugmyndin kviknað. Ég held samt að við eigum pottþétt eftir að gera aðra plötu með hefðbundnum popplögum mjög fljótlega.“

Hljómsveitin hlakkar mikið til að koma til landsins, venju samkvæmt. Piltarnir þrír mæta hingað án aukahljóðfæraleikara en John segir að það komi ekki í veg fyrir að þeir muni halda þrusu tónleika. {Ég notast sem dæmi við ásláttarsamplerplatta. Ég er samt hrifnastur af því þegar hljómsveitir hljóma öðruvísi á tónleikum en á plötum. Við erum líka mikið fyrir það að jafnvel lengja lögin og setja þau í nýjan búning, við leikum af fingrum fram semsagt,“ segir John að lokum með sínum skemmtilega sænska hreim.



Peter Bjorn and John (2002)
★★★



Falling Out (2004)
★★★



Writer‘s Block (2006)
★★★★

## FLEIRI FLOTTIR SVÍAR



THE LEGENDS



JENS LEKMAN



DON‘T BE A STRANGER



EL PERRO DEL MAR



HONEY IS COOL

MASTERCARD KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ CONCERT:

## SÍÐAN SKEIN SÓL - SÍÐASTA VETRARDAG
## ÓRAFMAGNAÐIR 20 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
## 18. APRÍL Í BORGARLEIKHÚSINU




# SKEIN VETRAR SÓL DAG

SÉRSTAKIR GESTIR:
BJÖRN JÖRUNDUR
KK
SYLVÍA NÓTT

GESTAHLJÓÐFÆRALEIKARAR:
PÉTUR GRÉTARSSON
KJARTAN VALDEMARSSON
MATTHÍAS STEFÁNSSON
GUÐMUNDUR PÉTURSSON

MasterCard

***20% afsláttur af öllum innlendum viðburðum ef greitt er með MasterCard***

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/klubbar

***Miðasala hafin hjá Borgarleikhúsinu og á Miði.is!***

CONCERT

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# DiCaprio verður pabbi

Leonardo DiCaprio mun spreyta sig á föðurhlutverkinu innan tíðar, samkvæmt heimasíðu breska blaðsins Mirror. Þar segir að kærasta DiCaprio, ísraelska fyrirsætan Bar Refaeli, eigi von á barni hans í haust. Þetta þykir mörgum útskýra hvers vegna parið áformar að ganga í það heilaga í sumar, eftir að hafa verið saman í rétt rúmlega fimmtán mánuði.



**YFIR SIG ÁNÆGÐUR** Samkvæmt heimildum Mirror er DiCaprio afskaplega ánægður með að verða pabbi í haust.

Samkvæmt heimildum blaðsins er leikarinn afskaplega ánægður með að verða pabbi. Parið leitar nú að stað til að halda brúðkaup og tilheyrandi veislu, en fréttir herma að Tel Aviv komi sterklega til greina.

# Stjörnur á tímamótum í ástarmálum

**Ástarlíf stjarnanna getur orðið nokkuð flókið. Í gær mátti hér lesa um flókinn „ástarferhyrning“ Justins Timberlake en hann er ekki sá eini sem skiptir oft um bólfélaga. Stjörnurnar eru nefnilega fæstar við eina fjölina felldar í ástarmálunum.**

Fjölmiðlar skemmta sér yfirleitt konunglega yfir óförum fræga fólksins í ástarmálum enda geta eftirmálin orðið ansi skrautleg. Þeim þykir ekki síður forvitnilegt að fjalla um nýjustu pörin í Hollywood og skipta þeim gjarnan upp í hópa og flokka. Breska blaðið The Sun gerði nýverið úttekt á nýjustu samböndunum meðal stjarnanna sem hafa sprottið upp eins og gorkúlur. Meðal þeirra sem eru taldar líklegastar til að endast lengur en nokkrar vikur í sambandi sínu eru Simpson-systurnar Jessica og Ashlee. Ashlee hefur verið orðuð við Peter Wentz, bassaleikarann úr Fall Out Boy, en þau sáust gera sér dælt við hvort annað í afmæli á veitingastaðnum Parc í Hollywood. Jessica er hins vegar búin að jafna sig á Nick Lachey sem hefur sést í örmum sjónvarpskonunnar Vanessa Minillo. Bandaríska pressan hefur um nokkra hríð spáð því að söngkonan barmgóða og tónlistarmaðurinn John Mayer myndu koma úr felum með ástarsamband sitt og nú virðist stóra stundin runnin upp.

Og ástarörvar Amors virðast hafa hæft aðra barmgóða konu því samkvæmt nýjustu fréttum þar vestra er ólátabelgurinn Tommy Lee búinn að krækja aftur í Pamelu Anderson. Þau skildu tvisvar á sínum tíma og var Tommy meðal annars sakaður um að hafa lamið Pamelu. Þau urðu ekki síður fræg þegar kynlífsmyndband þeirra lak út á netið og varð eitt söluhæsta kynlífsmyndband allra tíma. Hvorki Tommy né Pamela hafa þó viljað staðfesta sambandið en trommarinn býr nú heima hjá Pamelu á meðan verið er að gera húsið hans upp í Malibu. Og til þeirra hefur sést á Hawaii í rómantísku fríi.

Og mjónan Nicole Richie og Joel Madden virðast einnig líkleg til afreka á grýttum vegi ástarinnar í Hollywood. Parið hefur verið að stinga saman nefjum í ár og virðist hamingjusamara með degi hverjum. Gömul vinkona Nicole, Paris Hilton, er hins vegar ekki alveg jafn líkleg til góðra verka en hún hefur að undanförnu sést með Josh Henderson, sjarmatröllinu úr Aðþrengdum eiginkonum. Paris er þekkt fyrir að haldast ekkert sérstaklega vel á karlmönnum og spá sérfræðingar því að það verði ekki langt að bíða þar til annar maður haldi í höndina á hótelerfingjanum.

Ástarmál Britney Spears hafa verið undir smásjá fjölmiðla undanfarið ár en fjölmiðlar eru sólgnir í fréttir af nýjum mönnum í lífi poppprinsessunnar. Sá nýjasti er sagður vera Luke Walton, hárprúður leikmaður Los Angeles Lakers, og hefur Spears sést æ oftar á heimavelli liðsins, Staples Center. Leikkonan Drew Barrymore hefur ekki síður komist í fréttirnar að undanförnu því nýverið upplýsti ritstýra ein að hún hefði verið ástkona leikkonunnar í dágóðan tíma. Til Barrymore hefur hins vegar sést með leikstjóranum Spike Jonze, þeim hinum sama og hefur gert myndbönd með Björk.

Köldustu kveðjurnar fær hins vegar samband sem flestir eru sammála að endist varla fram yfir fyrsta sumardag. Og það eru þau Lindsay Lohan og Kevin Federline en blaðamaður The Sun skrifar af þessu tilefni: „Þótt Lindsay skipti um elskhuga eins og nærbuxur mun hún varla leggjast svo lágt að tína upp ruslið eftir Britney Spears.“ Og svo mörg voru þau orð.



**LINDSAY LOHAN** Myndi aldrei leggjast svo lágt að tína upp ruslið eftir Britney Spears og hefja alvöru samband við K-Fed.

**ASHLEE** Er í sambandi við bassaleikarann úr bandarísku rokkhljómsveitinni Fall Out Boy, Peter Wentz.



**JESSICA OG JOHN** Ætla loks að opinbera samband sitt eftir nokkurra mánaða feluleik.



**BRITNEY Í BOLTANUM** Poppprinsessan ætlar að feta í fótspor Evu Longoriu og er byrjuð með Luke Walton, varamanni hjá Los Angeles Lakers.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**SAMAN Á NÝ** Pamela og Tommy hafa ákveðið að blása nýju lífi í samband sitt eftir stormasamt samband í lok síðustu aldar.





Ný skólína - 15% afmælisafsláttur

Evans fagnar eins árs afmæli sínu með 15% afslætti af nýrri glæsilegri skólínu. Georgina Goodman þjónar öllum konum, meðal annars með stórum númerum og víðara sniði en gengur og gerist.

evans.
smáralind og kringlunni




**SPEKINGARNIR** Nokkrar breytingar hafa orðið á norræna ráðinu sem spáir í spilin fyrir Eurovision í maí.

# Upphitun fyrir Eurovision hafin

Fyrsti þátturinn af fjórum, þar sem norrænir spekingar spá í lögin í Söngvakeppni sjónvarpsstöðvanna árið 2007, er á dagskrá Sjónvarpsins í kvöld. Þættirnir hafa notið mikilla vinsælda á Norðurlöndunum öllum, en þetta er í fjórða skiptið sem þessi háttur er hafður á.

Sænski popparinn Christer Björkman leiðir spekingana áfram eins og áður, en þó nokkrar breytingar hafa orðið á hópnum. Eiríkur Hauksson er fulltrúi Íslands eins og áður, en það hefur vakið nokkra athygli að hann sé með í hópnum þrátt fyrir að hann keppi sjálfur í Helsinki í maí. Thomas Lundin fer fyrir Finnum eins og önnur ár, en Charlotte Perelli verður fulltrúi Svíþjóðar. Söngkonan hefur áður setið í norræna spekingaráðinu, en hún fór með sigur af hólmi í söngvakeppninni sjálfri árið 1999, þegar Selma laut í lægra haldi. Fyrir hönd Danmerkur mætir Adam Duvå Hall, sem kynnti forkeppni Dana frænda okkar fyrr á árinu. Per Sundnes kemur í stað Eurovision-ofvitans Jostein Pedersen frá Noregi, sem margir eiga eflaust eftir að sakna.

Þátturinn hefst klukkan tíu mínútur yfir átta.



**BEGGJA MEGIN BORÐS** Það hefur vakið nokkra athygli að Eiríkur Hauksson sé með í hópnum, þrátt fyrir að hann taki sjálfur þátt í keppninni.


20%
AF ÖLLUM GALLABUXUM
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
GALLABUXNADAGAR
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
ZIKZAK JEANS







# Gott blóð

Þegar þekktar rokkhljómsveitir sem leika nýþungt rokk eða metal vita ekki í hvorn fótinn þær eiga að stíga næst ákveða þær yfirleitt að gera þyngri plötu en síðast. Þetta er auðvitað auðveldasta leiðin og oft vonast sveitir sem hafa hlotið almenningshylli, eftir að hafa skriðið upp úr neðanjarðarmoldinni, til þess að endurheimta traust og virðingu þeirra aðdáenda sem uppgötvuðu þær áður en þær fengu samþykki almúgans.

Með síðustu plötu skaust Blood Brothers upp á yfirborðið með kaótísku og kröftugu rokki. Ég sá sveitina fyrst á sviði hita upp fyrir Yeah Yeah Yeahs og tónlistin hafði svipuð áhrif á mig eins og að vera sleginn utan undir með hráu kjötstykki. Frábær samsöngur söngvaranna tveggja, eitursvöl riff og óbeisluð dýrsleg tjáningin náði strax heljartökum á mér. Sveitin hefði léttilega getað dregið sig til baka, gert háværari plötu með ýktari öskrum og þyngri hljómi. Í staðinn ræðst hún á garðinn þar sem hann er hæstur og tileinkar sér meira grípandi lagasmíðar, án þess að lækka hrynhitann eða ofsann. Það tekst alveg stórkostlega vel. Hér er glás af lögum sem minna mikið á eldra efni, en hér eru líka frábærar popptilraunir, eins og lagið Laser Life, sem hefst með frábæru hljómborðsstefi sem hljómar eins og eitthvað sem Stevie Wonder hefði dottið niður á.

Söngvarinn Jordan Blilie er með hreint ótrúlega rödd. Hún er á miðjum landamærunum sem aðskilja kvenmanns- og karlmannsraddir. Hann syngur ekki í falsettu, en er svo skrækur að rödd hans gæti eflaust ferðast jafn auðveldlega í gegnum allt fast efni og vökvakennt. Hljómar stundum eins og Cedric Bixler úr At the Drive-in og Mars Volta myndi gera á helíum.

Þessi fimmta breiðskífa Blóðbræðranna er magnað afrek. Sönnun þess að þessi sveit er ekkert að missa móðinn þrátt fyrir að hafa pungað út fimm plötum á fjórum árum. Margar sveitir hafa sprungið á rokkinu eftir styttri tíma, og fæstar þeirra leika jafn ærslafullt rokk og þessi. Án efa besta útgáfa Blood Brothers, og með þessari plötu ætti sveitin að festa sig í hópi athyglisverðustu rokksveita heims.

**Birgir Örn Steinarsson**




**TÓNLIST**

**Young Machetes**

The Blood Brothers

★★★★

Blood Brothers er án efa með beittari rokksveitum okkar tíma. Það skemmir svo ekki heldur að Young Machetes er hennar besta plata frá upphafi. Ekki láta þessa skjótast framhjá ykkur.

# Gáfaðir hlusta á þungarokk

Samkvæmt nýrri breskri rannsókn er hlustun á þungarokk leið margra afburðanemenda til að slaka á og losna undan álaginu sem fylgir því að vera gáfaður. Staðalmynd sveitta þungarokkskjánans á því ekki við rök að styðjast.

Rannsakendur komust að því að margir þungarokksaðdáendur á unglingsaldri eru langt frá því að vera vitlausir vandræðaunglingar heldur þvert á móti afar gáfaðir og notfæra sér tónlistina til að kljást við álagið sem fylgir því að vera afburðavel gefnir og utangarðs vegna þess. Þátttakendurnir sögðu þá að þeir kynnu að meta þá flóknu uppbyggingu og textagerð sem einkenndi þungarokk öfugt við megnið af einfaldri dægurtónlist.

Þeir sem hlusta á þungarokk eru þó líklegri til að hafa slakara sjálfsálit en þeir sem hlusta til dæmis á popp eða klassíska tónlist og nota þá gjarnan tónlistina til að fá útrás og losna við reiði og erfiðar tilfinningar.

Foreldrar og kennarar hafa gjarnan áhyggjur af þeim slæmu og ókristilegu áhrifum sem þungarokk geta haft á unga huga vegna pólitískra eða ógeðfelldra texta. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda þó til að engin ástæða sé að hafa áhyggjur heldur þvert á móti geti þungarokk haft góð áhrif á unglinga. Það sé aftur á móti ástæða til að kanna hvernig þeim líði.



**METALLICA** James Hetfield, söngvari Metallica, tekur á því.

# Leikur á móti Hanks

Ofurfyrirsætan Gisele Bündchen hefur verið orðuð við hlutverk Vittoriu Vetra í myndinni Englum og djöflum, byggðri á fyrstu bók Dans Brown um Robert Langdon. Tom Hanks mun leika Langdon, eins og hann gerði í Da Vinci lyklinum, en önnur hlutverkaskipan er ekki ljós. Vittoria Vetra aðstoðar Langdon við rannsókn hans á málum Illuminati-leynifélagsins í bókinni, og leikur álíka stórt hlutverk í bókinni og Sophie Neveau í Da Vinci lyklinum.

Bündchen hefur áður leikið í myndunum Taxi og The Devil Wears Prada. Hlutverk Vittoriu Vetra yrði því stærsta á ferli hennar hingað til.



**FYRIRSÆTA/LEIKKONA** Ofurfyrirsætunni Gisele Bündchen hefur áður brugðið fyrir á hvíta tjaldinu, en hlutverk Vittoriu Vetra yrði það stærsta á ferli hennar.

GOTT FÓLK



























**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE GOOD SHEPERD | kl. 6 - 9 - 10:30 | B.i.12 | WILD HOGS | kl. 8:15 - 10:30 | b.i 7 |
| BECAUSE I SAID SO | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | Leyfð | 300. | kl. 5:30-8-10:30 | B.i.16 |
| MRS POTTER | kl. 5:40 - 8 | Leyfð | THE GOOD GERMAN | kl. 5:30 | B.i.16 |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE GOOD SHEPERD | kl. 8 - 11 | B.i.12 | ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| THE GOOD SHEPERD VIP | kl. 5 - 8 - 11 | | WILD HOGS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | b.i 7 |
| THE MESSENGERS | kl. 6 - 8 - 10:20 | B.i.16 | 300. | kl. 5:30 | B.i.16 |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | Leyfð | MUSIC & LYRICS | kl. 3:40 | Leyfð |
| HOT FUZZ | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE MESSENGERS | kl. 6 - 8 - 10:30 | B.i.16 | |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET THE.. M/- ENSKU Tali | kl. 8:10 ÓTEXTUÐ | Leyfð | DIGITAL-3D |
| BECAUSE I SAID SO | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | |
| 300. | kl. 10 | B.i.16 | DIGITAL |
| NORBIT | kl. 3:50 | Leyfð | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| MEET THE ROBINSONS | kl. 6 | Leyfð |
| CHAOS | kl. 8 | B.i. 16 |
| SMOKING ACES | kl. 10:10 | B.i. 16 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| MEET THE... M/- ÍSL TAL | kl 6 | Leyfð |
| THE MESSENGERS | kl. 8 - 10 | B.i. 16 |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl. 10 | b.i 7 |

www.SAMbio.is ( 575 8900 www.SAMbio.is


# Á tæpasta vaði

Samstarf þeirra Simons Pegg og Edgars Wright hefur verið farsælt. Fyrir þremur árum gerðu þeir hina þrælskemmtilegu Shaun of the Dead en höfðu þar áður leitt saman hesta sína í sjónvarpsþáttunum Spaced, þar sem tilvísanir í kvikmyndasöguna drupu af hverju strái. Þeir hafa sama háttinn á og áður, skrifa handritið saman, Wright leikstýrir og Pegg leikur aðalhlutverkið. Rétt eins og Shaun of the Dead er Hot Fuzz léttgeggjuð skopstæling á tiltekinni kvikmyndahefð. Í þeirri fyrrnefndu var spjótunum beint að splattermyndum en hér er dregið dár að hasarmyndum að hætti Michaels Bay og hans nóta.

Hot Fuzz segir frá Nicholas Angel, sannkallaðri ofurlöggu sem hreinsar illþýðið af götum Lundúna með slíkum þjósti að kollegar hans blikna í samanburði. Fyrir vikið uppsker hann fyrst og fremst öfund annarra í lögreglunni og í hefndarskyni fyrir frækilega frammistöðu er hann hækkaður í tign og sendur í krummaskuð úti á landi. Lífið í afdölunum er ólíkt rólegra, en þegar hver bæjarbúinn á fætur öðrum fer hins vegar að týna lífinu á sviplegan hátt grunar Angel að ekki sé allt með felldu, enda kemur í ljós að sumir hinna látnu höfðu óhreint mjöl í pokahorninu. Ásamt skussanum Danny reynir Angel að komast til botns í málinu, en kemst fljótt að því að heimamenn eru lítið gefnir fyrir snuðrið í honum.

Skemmst er frá því að segja að Hot Fuzz er hressileg afþreying, drekkhlaðin aulabröndurum og vísunum í ýmis minni aksjónmynda sem lengi vel skörtuðu iðulega íslenskum titlum á borð við Á ystu nöf, Á elleftu stundu, Á hálum ís eða Tveir á toppnum. Persónugalleríð er bráðfyndið og sjónrænir stælar skemmtilega ofnotaðir. Að vísu hefði klipparinn mátt vera frekari því myndin er í lengra lagi, sem skemmir dálítið fyrir. Á heildina litið er Hot Fuzz þó prýðileg skemmtun og ómissandi fyrir þá sem kunna að meta tæran Hollywood-hasar.

**Bergsteinn Sigurðsson**



**KVIKMYNDIR**

**Hot Fuzz**

Leikstjóri: Edgar Wright

Aðalhlutverk: Simon Pegg, Nick Frost og Timothy Dalton.

★★★

Þrælskemmtileg skopstæling á Hollywood-hasar í sinni hreinustu mynd.



**ÓSÁTT J-LO** Jennifer Lopez segir það ekki rétt að hún ætli að skilja við eiginmann sinn.

# Ekki að skilja

Jennifer Lopez er brjáluð út í bandaríska fjölmiðla sem héldu því fram að hjónaband hennar og Marc Anthony stæði á bláþræði. Í grein OK! tímaritsins segir að þau hafi ákveðið að skilja eftir erfiða sambúð síðustu mánuði. J-Lo hafi fengið nóg af stjórnsemi eiginmannsins. „Þetta eru ógeðfelldar lygar og við ætlum að tala við lögfræðinga okkar,“ sagði talsmaður J-Lo um málið.




## > Fer Guðmundur til Þýskalands?

Borðtenniskappinn Guðmundur Stephensen varð sænskur meistari með Eslöv á miðvikudagskvöld. Frammistaða Guðmundar með sænska liðinu hefur vakið verðskuldaða athygli og að sögn föður Guðmundar, Péturs Stephensen, eru þýsk lið farin að gefa stráknum auga en þýska deildin er nokkuð sterkari en sú sænska. Samningur Guðmundar við Eslöv er útrunninn og hann mun ákveða á næstunni hvort hann spilar áfram fyrir liðið eða tekur tilboði frá Þýskalandi.



# sport

sport@frettabladid.is

**ARI FREYR SKÚLASON: BK HÄCKEN ER SPÁÐ MEISTARATITLINUM Í SÆNSKU 1. DEILDINNI**

## *Alls ekki slæmt fyrir mig að liðið féll*

Valsarinn Ari Freyr Skúlason hefur nú dvalið hjá sænska 1. deildarfélaginu Häcken í tæpt ár en keppni í deildinni hefst núna á sunnudag. Ari kom til félagsins síðastliðið sumar þegar liðið var í úrvalsdeildinni en það féll svo um haustið.

„Það var nefnilega alls ekki slæmt fyrir okkur ungu leikmennina í liðinu að það féll," sagði Ari Freyr við Fréttablaðið. „Nú fáum við að spila mun meira og öðlumst reynslu fyrir vikið."

Häcken hefur misst aðeins einn leikmann frá síðustu leiktíð og er spáð sigri í deildinni. Liðinu hefur líka gengið vel á undirbúningstímabilinu.

„Við höfum spilað 13 leiki í vetur og hef ég verið í byrjunarliðinu í þeim öllum. Ég hef skorað þrjú mörk og lagt upp sex þannig að ég er mjög sáttur. Við eigum reyndar við meiðsli að stríða á miðjunni þar sem fjórir af sex miðjumönnum okkar eru meiddir. En ég er fyrsti kostur á vinstri kantinn eins og er, sem er gott," sagði Ari Freyr.

Þegar hann kom til liðsins í fyrra var hann óvænt settur strax í byrjunarlið Häcken fyrir stórleik gegn Malmö. „Því átti ég alls ekki von á. Eftir það var ég ýmist í hópnum eða ekki, ég var sautjándi maðurinn í hópnum og ferðaðist því alltaf með liðinu. Þjálfarinn sem var þá var ekki á mínu bandi en nú hefur annar tekið við. Hann var áður þjálfari varaliðsins og treystir því ungu strákunum í liðinu mjög vel."

Fyrsti leikur Häcken verður erfiður en þá mætir liðið Helga Val Daníelssyni og félögum í Öster sem féll einnig úr sænsku úrvalsdeildinni í haust.

„Þetta er mjög sterk deild og það er erfitt að komast upp úr henni. Í ár eru sex sterk lið sem gera tilkall til efstu þriggja sætanna. Við njótum þó góðs af því í ár að fjölgað verður í úrvalsdeildinni næsta ár og því fara efstu þrjú liðin beint upp."

Annað Íslendingalið er í deildinni. Það er Norrköping sem Garðar Gunnlaugsson og Stefán Þórðarson leika með.

„Norrköping er einnig með öflugt lið en félagið hefur nú reynt í fimm ár að komast aftur upp í úrvalsdeildina."





Sértilboð fyrir e-korthafa!

WEST HAM
BOLTON

4.–6. MAÍ

Verð fyrir einn í tvíbýli

58.900 kr.

Nú býðst e-korthöfum að kíkja á frábæran fótboltaleik í London á einstökum kjörum, aðeins 58.900 kr. Innifalið er flug og gisting í tvær nætur á frábæru fjögurra stjörnu hóteli í miðborginni og svo náttúrulega miði á leik West Ham–Bolton. Bókaðu núna á www.expressferdir.is

ÞÚ SPARAR 10.000 kr.

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

e kort
www.ekort.is


# Ekki víst að FH geri upp við Róbert Magnússon

**FH-ingar hafa ekki gert upp við sig hvort þeir hlíta úrskurði dómstóls KSÍ og greiða Róbert Magnússyni launagreiðslur fyrir tímabilið 2003. FH mun skoða málið ítarlega eftir helgi. Úrskurði dómstólsins er ekki hægt að áfrýja.**

**FÓTBOLTI** Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ dæmdi knattspyrnumanninum Róbert Magnússyni í hag í máli hans gegn FH í síðustu viku. Róbert, sem er fyrrum fyrirliði FH og núverandi aðstoðarþjálfari hjá ÍA, leitaði aðstoðar Knattspyrnusambandsins vegna óuppgerðs samnings frá árinu 2003.

FH taldi að leikmannasamningur leikmannsins við félagið hefði fallið úr gildi þar sem hann hefði ekki getað æft né spilað vegna meiðsla. Um leið féllu greiðslur sjálfkrafa niður.

Eins og áður segir dæmdi samninga- og félagaskiptanefndin leikmanninum í hag og er úrskurður nefndarinnar endanlegur. FH getur því ekki áfrýjað dómnum. Athygli vekur að í dómsúrskurðinum er hvergi nefnt að FH skuli gera upp við leikmanninn fyrir ákveðinn tíma. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að dráttarvextir séu á greiðslunni en frá hvaða dagsetningu er ekki vitað.

FH-ingar eru ósáttir við úrskurð dómstólsins og hafa ekki enn tekið ákvörðun um hvað þeir gera í framhaldinu. Róbert sjálfur hefur í hyggju að senda félaginu bréf þar sem hann fer fram á að FH loki málinu samkvæmt úrskurði nefndarinnar.

„Við erum mjög ósáttir við dóminn. Engu að síður vil ég taka það fram að þetta beinist ekki gegn Róbert persónulega. Þetta er „prinsipp" mál fyrir okkur og við erum hissa á KSÍ út af þessum dómi. Dómurinn segir reyndar ekkert að við þurfum að borga honum.



**PÉTUR STEPHENSEN** Framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar FH segir félagið ósátt við dóminn í „Róberts-málinu". Róbert er á innfelldu myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það segir bara að samningurinn sé skuldbindandi," sagði Pétur en ætlar FH þá ekki að greiða Róbert fyrir þetta sumar? „Við erum ekki búnir að taka ákvörðun um það. Við munum skoða málið betur eftir helgi er við komum heim frá Portúgal."

Pétur segir að FH hafi aldrei átt von á þessum úrskurði og þeir þurfi að fara ítarlega yfir málið.

„Við skrifuðum undir þennan samning í þeirri von að hann gæti spilað en svo gat hann það ekki né gat hann æft. Það er fyrirvari í þessum samningum að ef menn geti ekki æft og spilað þá falli hann niður," sagði Pétur. Róbert var engu að síður tilkynntur sem leikmaður félagsins í Íslandsmóti og honum var úthlutað númeri.

Hann lék einnig opinberan leik í deildarbikarnum eftir að hann skrifaði undir samninginn. Róbert var einnig kynntur sem leikmaður félagsins í öllum leikskrám FH á tímabilinu.

Ekki er ljóst hvað gerist ef FH neitar að greiða Róbert, sem veit í raun ekki hvert hann á að snúa sér fari svo.

Viðmælendum Fréttablaðsins ber flestum saman um að málið falli að lokum undir leyfiskerfi KSÍ en þar kemur fram að félög megi ekki vera í vanskilum um áramót til að fá þátttökuleyfi. Málið hefur því ekki áhrif á þátttöku FH í Íslandsmótinu í sumar.

henry@frettabladid.is




Helgartilboð

Entrecote í heilu og steikum
á aðeins 2698.- kr.kg

GALLERÍ
KJÖT

Opið virka daga frá kl 10 -18:30 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 Búðarkór 1 gallerikjot.is




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**MIKILVÆGT MARK** Samherjar Frederic Kanoute í Sevilla fagna marki hans gegn hans gamla liði í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

UEFA-bikarkeppnin í gær:

## Þýsk og spænsk lið áfram

**FÓTBOLTI** Fjórðungsúrslit UEFA-bikarkeppninnar kláruðust í gær er síðari leikur allra fjögurra viðureignanna fór fram. Svo fór að það verða einungis lið frá Spáni og Þýskalandi í undanúrslitum.

Tottenham var í ágætri stöðu eftir 2-1 tap gegn Sevilla á útivelli en tvö mörk frá þeim spænsku á fyrstu átta mínútunum slógu heimamenn út af laginu. Steed Malbranque skoraði sjálfsmark á þriðju mínútu og Frederic Kanoute skoraði á þeirri áttundu. Hann var seldur frá Tottenham til Sevilla árið 2005.

Jermain Defoe og Aaron Lennon jöfnuðu metin í síðari hálfleik en það dugði ekki til.

AZ Alkmaar, lið Grétars Rafns Steinssonar, tapaði illa í Þýskalandi fyrir Werder Bremen, 4-1. Grétar tók út leikbann í gær. - esá

# Meistarabragur á Valsmönnum

**Valur skellti sér aftur á topp DHL-deildar karla í gær með stórsigri á Íslandsmeisturum Fram, 29-19. Sannkallaður meistarabragur var á leik Valsmanna, sem hampa dollunni í lok tímabils með álíka frammistöðu.**

**HANDBOLTI** Valsmenn sitja á toppi DHL-deildarinnar þegar tvær umferðir eru eftir af mótinu. Þeir lögðu Fram sannfærandi á Seltjarnarnesi í gær og eru líklegir til að hampa titlinum.

Fyrri hálfleikur á Seltjarnarnesi í gær var bráðfjörugur. Það var mikill hraði strax í upphafi leiks og meistarakandídatarnir í Val voru sérstaklega grimmir. Valsmenn létu öllum illum látum og stemningin þeirra megin sló gestina, ef svo má segja, nokkuð út af laginu.

Hraðaupphlaupin gengu vel hjá Val og fyrr en varði var Valur kominn með þriggja marka forskot, 8-5. Þá datt Björgvin Páll í stuð í marki Framara, varði hvert skotið á fætur öðru og Fram komst inn í leikinn, 10-9.

Þá snérist leikurinn við, Pálmar fór að verja hinum megin en Björgvin datt úr sambandi. Pálmar fór hreinlega hamförum og varði meðal annars þrjú skot í einni og sömu sókninni. Fyrr en varði var Valur kominn með sex marka forystu, 15-9. Fram kom aðeins til baka fyrir hlé og munurinn þrjú mörk í leikhléi, 15-12.



**Á FLEYGIFERÐ** Ernir Hrafn Arnarson skoraði tvö mörk fyrir Val í gær. Hér er Sigfús Páll Sigfússon honum til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sami fítonskrafturinn var í Valsmönnum í upphafi síðari hálfleiks. Þeir spiluðu grimma og sterka vörn og þar fyrir aftan var Pálmar áfram öflugur. Valsmenn keyrðu síðan hraðaupphlaupin miskunnarlaust í andlitið á Frömurum og ef ekki hefði verið fyrir frábæra frammistöðu Björgvins í marki Fram hefði leiknum verið lokið mjög snemma.

Íslandsmeistarar Fram voru ekki á því að láta niðurlægja sig, hófu mikið áhlaup um miðjan síðari hálfleikinn og söxuðu jafnt og þétt á forskot Valsmanna.

Mest náðu Framarar að minnka muninn í þrjú mörk, 21-18, en þá sögðu Valsmenn hingað og ekki lengra. Stigu á bensínið á ný og gjörsamlega keyrðu yfir meistarana. Það eru valdaskipti í íslenskum handbolta.

„Þetta var frábær frammistaða hjá öllu liðinu. Gat ekki verið betra,“ sagði hornamaður Valsara, Baldvin Þorsteinsson, sem fór hreint á kostum í leiknum líkt og kollegi hans að norðan, Pálmar Pétursson.

„Það eru samt tveir leikir eftir og menn verða að vera gríðarlega einbeittir í þeim verkefnum sem fram undan eru. Við höfum verið með lið í meistara síðustu þrjú ár en aldrei haft karakter til að klára dæmið. Það var mikill karakter í liðinu í dag og allt annað lið en tapaði á móti HK,“ sagði Baldvin.

henry@frettabladid.is



## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Iceland Express-deild karla*

| KR-NJARÐVÍK | 82-76 |
|---|---|

**Stig KR**: Pálmi Freyr Sigurgeirsson 19, Fannar Ólafsson 16, Tyson Patterson 16, Jeremiah Sola 12, Edmond Azemi 9, Skarphéðinn Ingason 6, Brynjar Björnsson 2, Darri Hilmarsson 2.
**Stig Njarðvíkur**: Jóhann Árni Ólafsson 21, Brenton Birmingham 16, Jeb Ivey 16, Friðrik Stefánsson 12, Igor Beljanski 5, Egill Jónasson 4, Guðmundur Jónsson 2.

### *DHL-deild karla*

| VALUR-FRAM | 29-19 |
|---|---|

**Mörk Vals (skot)**: Baldvin Þorsteinsson 10/3 (12/4), Arnór Gunnarsson 4 (7), Ingvar Árnason 4 (5), Markús Máni Michaelsson 4 (11/1), Hjalti Pálmason 2 (7), Ernir Hrafn Arnarson 2 (5), Davíð Höskuldsson 1 (1), Gunnar Harðarsson 1 (1), Fannar Friðgeirsson 1 (3).
**Varin skot**: Pálmar Pétursson 24.
**Hraðaupphlaup**: 8 (Baldvin 4, Arnór 2, Davíð, Fannar).
**Fiskuð víti**: 5 (Ingvar 3, Ernir, Fannar).
**Utan vallar**: 6 mínútur.
**Mörk Fram (skot)**: Hjörtur Hinriksson 5 (8), Stefán Baldvin Stefánsson 4 (7), Jóhann Gunnar Einarsson 3 (11/1), Sigfús Páll Sigfússon 2 (5), Andri Berg Haraldsson 2 (9), Brjánn Bjarnason 1 (3), Þorri B. Gunnarsson 1 (2), Einar Ingi Hrafnsson 1/1 (2/1).
**Varin skot**: Björgvin Páll Gústavsson , Magnús Erlendsson
**Hraðaupphlaup**: 4 (Jóhann, Brjánn, Stefán, Þorri).
**Fiskuð víti**: 2 (Einar, Hjörtur).
**Utan vallar**: 6 mínútur.

# Sola rankaði við sér á hárréttum tíma

**KR lagði í gær Njarðvík eftir að hafa verið undir lengst af í öðrum leik liðanna í úrslitum Iceland Express-deildar karla. Jeremiah Sola átti slakan leik en sneri leiknum KR í hag með ótrúlegum spretti undir lok leiksins.**

**KÖRFUBOLTI** KR jafnaði í gær metin í úrslitaviðureigninni gegn Njarðvík um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta. Njarðvík hafði frumkvæðið lengst af en sjö stig í röð frá Jeremiah Sola, sem hafði haft afar hægt um sig í leiknum, voru nóg til að tryggja sigurinn. Lokatölur 82-76 fyrir KR.

„Við héldum alltaf áfram og héngum inni í þessum leik. Það virðist vera að okkur finnist þetta skemmtilegast að grafa okkur djúpa holu og þurfa síðan að skríða upp úr henni aftur. Það virkar greinilega fyrir okkur og við ætlum greinilega ekki að hætta því,“ sagði Fannar Ólafsson, fyrirliði KR, eftir leik.

„Það var frábært andrúmsloft og það er ómetanlegt að fá þessa stráka á miðjuna. Þeir halda leiknum gangandi fyrir okkur allan tímann og þeir héldu stuðningnum áfram þrátt fyrir að við höfum átt erfitt. Þeir og allir áhorfendurnir okkar í kvöld eiga mestan heiður skilinn fyrir þessa endurkomu okkar.“


**Í STRANGRI GÆSLU** Brynjar Björnsson hefur hér gætur á Brenton. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrri hálfeikur var jafn og spennandi þó svo að Njarðvíkingar hafi verið með frumkvæðið lengst af. Munaði mestu um þau sjö stig sem Jóhann Árni Ólafsson skoraði á 45 sekúndum um miðjan fyrsta leikhluta.

Njarðvíkingum hefur síðustu ár gengið illa í öðrum leik úrslitaeinvígja en sýndu að þeir voru einbeittir strax frá fyrstu mínútu.

Þessi munur hélst á milli liðanna þar til seint í síðasta leikhluta. Sola skoraði aðeins fjögur stig í fyrri hálfleik en hans fyrsta stig í síðari hálfleik kom þegar fimm mínútur voru eftir af fjórða leikhluta er hann hitti úr öðru vítaskoti sínu og minnkaði muninn í tvö stig.

Hann vaknaði til lífsins við þetta víti, setti tvær körfur í röð og jafnaði leikinn. Í næstu sókn Njarðvíkur fiskaði hann fimmtu villuna á Igor Beljanski og KR gat komist yfir í fyrsta sinn í langan tíma.

KR-ingar skoruðu á þessum kafla níu stig í röð og slógu þar með Njarðvík út af laginu á hárréttum tíma. Svo fór að heimamenn innbyrtu dýrmætan sigur og galopnuðu um leið úrslitarimmuna.

„Við spiluðum 35-36 góðar mínútur en síðan hættum við því sem við höfum verið að gera vel sóknarlega,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur.

„Við vorum að flýta okkur í staðinn fyrir að nýta klukkuna og láta þá spila vörn. Við vorum að taka rangar ákvarðanir, fengum á okkur sóknarvillur og tókum léleg skot. Við gerðum þetta pínulítið auðvelt fyrir þá.

Við þurfum að spila 40 góðar mínútur til þess að vinna sigur á heimavelli KR. Það vantaði síðustu mínúturnar upp á það og þar liggur leikurinn,“ bætti Einar Árni við.

„Það verður svakalegur leikur í Njarðvík og sá leikur sker úr um hvort liðið verður Íslandsmeistari,“ sagði Fannar að lokum.

**- esá, óój**

www.ellingsen.is




ADRIA
um helgina!
Adria-hjólhýsi
Gæði, þægindi og sniðugar lausnir einkenna þessi glæsilegu hjólhýsi. Öll með Alde vatns- og miðstöðvarhitun. Mest seldu hjólhýsi á Norðurlöndum.

Líttu inn að Fiskislóð 1, sýnum allt það nýjasta og flottasta í hjólhýsum um helgina. Kynntu þér það sem er að gerast í þessum efnum og mundu að við tökum gamla vagninn upp í nýjan.


Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16 og sunnud. 12–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

Lið Ásthildar Helgadóttur í sænska fótboltanum:

# Seldi nafnið sitt fyrir 230 milljónir

**FÓTBOLTI** Það tók Ásthildi Helgadóttur aðeins sex mínútur að opna markareikning sinn í sænsku úrvalsdeildinni í ár en nú skorar landsliðsfyrirliðinn ekki lengur fyrir Malmö FF.

Félagið, sem hefur lengi glímt við fjárhagserfiðleika og ekki fengið nærri því sama stuðning og karlaliðið, hefur leyst vandann með því að selja nafnið sitt snyrtivöruframleiðandanum LdB. Malmö FF heitir nú LdB Football Club. Félagið fær 24 milljónir sænskra króna, eða 230 milljónir íslenskra króna, fyrir saminginn, sem er til átta ára, en félagið fær að lágmarki 3 milljónir greiddar á hverju ári. LDB vann 1-0 útisigur á Bälinge IF í fyrsta leik og spilaði Ásthildur allan leikinn í framlínunni.

Ásthildur er aðalandlit liðsins og er á kynningarmyndunum ásamt félaga sínum í framlínunni, Theresu Lundin. Þær unnu einmitt vel saman í sigurleiknum í 1. umferðinni því mark



**TVÆR GÓÐAR** Ásthildur Helgadóttir kynnti nýja nafnið ásamt Theresu Lundin.

Ásthildar kom eftir undirbúning Lundin. Ásthildur og Lundin hafa verið heitasta framherjapar deildarinnar undanfarin tvö tímabil og hafa skorað 67 mörk saman á þeim tíma, Ásthildur 37 og Lundin 30.

- óój

Síminn rauðglóandi hjá hinum 17 ára knattspyrnukappa Kolbeini Sigþórssyni:

# Það er fótur fyrir öllum þessum sögusögnum um Kolbein

**FÓTBOLTI** Kolbeinn Sigþórsson hefur lengi verið undir smásjá fjölda erlendra liða og er alltaf að bætast í hópinn. Nú síðast stórlið Arsenal en fyrir voru lið eins og Barcelona, Real Madrid, West Ham, Ajax, AZ Alkmaar, Reading og Blackburn orðuð við hann. Kolbeinn æfir nú með Ajax frá Amsterdam og hefur nýlokið þátttöku á æfingamóti á Spáni með félaginu.

Sigþór Sigurjónsson, faðir Kolbeins, sagði áhugann vissulega vera mikinn á syni sínum. „Það virðast allir vera að spá og spekúlera. Ég get þó sagt að það er fótur fyrir flestum sögusögnunum. Það er gríðarlega mikið álag á símanum, svo ekki sé meira sagt,“ sagði Sigþór.

Hann gat ekkert sagt til um hvað tæki við annað en það sem blasir við. „Nú kemur hann heim og svo fer hann með U17 landsliðinu til Belgíu þar úrslitakeppni Evrópumótsins í þessum aldursflokki fer fram. Ég get ekkert sagt til um hvenær hann muni hugsanlega semja við lið. Hann er á góðri siglingu eins og stendur og hefur alltaf stefnt að því að fara út. Það kemur vonandi að því einhvern tímann,“ sagði Sigþór.

Kolbeinn er yngri bróðir Andra Sigþórssonar, fyrrum landsliðs- og atvinnumanns í knattspyrnu. Hann þurfti að leggja skóna snemma á hilluna vegna meiðsla en fór sjálfur 16 ára gamall til Bayern München. Kolbeinn er nýorðinn 17 ára gamall.

„Við drögum vissulega lærdóm af reynslu Andra en við erum ekki að forðast eitt eða neitt. Tíminn mun á endanum leiða þetta í ljós.“

Kolbeinn er uppalinn Víkingur en hefur undanfarin ár leikið með HK. Hann lék nokkra leiki með liðinu í 1. deildinni síðasta sumar. Hann er sem stendur ekki samningsbundinn neinu liði en hefur æft með HK í vetur.

Kolbeinn fór einnig til reynslu hjá Álasundi í Noregi fyrr í vetur þar sem hann meiddist í leik með liðinu.

- esá



**KOLBEINN** Hefur vakið athygli margra stórliða í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÚR LEIK** Agnar Mar Gunnarsson má ekkert koma meira að úrslitaeinvígi Keflavíkur og Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Iceland Express deild kvenna:

# Agnar dæmdur í langt bann

**KÖRFUBOLTI Agnar Mar Gunnarsson, aðstoðarþjálfari Keflavíkur í Iceland Express deild kvenna, var í gær dæmdur í þriggja leikja bann af aganefnd KKÍ.**

**Agnar Mar fær því ekki að vera meira með í úrslitaeinvígi Keflavíkur og Hauka en næsti leikur er í Keflavík á laugardaginn.**

**Agnar fær bannið fyrir að gefa Helenu Sverrisdóttur, fyrirliða Hauka, olnbogaskot eftir að þriðja leik liðanna lauk. Þar kom Keflavíkurliðið í veg fyrir að Haukar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn og úrslitaeinvígið galopnaðist.**

- óój



**BJÖRN SIGURÐSSON** Fyrirliði KR var sá eini sem spilaði leik undir 200 (193) en það kom ekki að sök hjá KR.

Metin féllu hjá KR í keilunni:

# Kraftur í KR

**KEILA** A-lið KR bauð upp á sannkallaða flugeldasýningu í vikunni er það sló hvert metið á fætur öðru.

Fyrst sló KR fjögurra ára gamalt með KFR-Lærlinga er liðið léku 1.041 eða 260 í meðaltal. Gamla metið var 1.024 eða 256 í meðaltal. KR setti einnig met í tveim leikjum.

KR setti líka met í þriggja leikja seríu en öll metin sem liðið sló voru fjögurra ára gömul. Vesturbæjarrisinn er því líklegur til stórafreka á næstunni.

- hbg




# SPRENGIÚTSALA

# TOPPBÍLAR
## KEYRA VERÐIÐ Í BOTN

**Það verður aldrei jafnauðvelt að eignast bíl og núna**

## ÓTRÚLEG TILBOÐSVERÐ - ENGIN ÚTBORGUN
## 30-40% AFSLÁTTUR - 100% FJÁRMÖGNUN FRÁ TM

**Nú þarf ekkert nema áhugann til að eignast flottan bíl. Við sjáum um allt annað.**



**Renault Mégane S/D RT** 1997. Ekinn 155 þ. km, bensín, sjálfsk. Verð: 360.000 kr. Tilboð: 260.000 kr. 9.900 kr. í 36 mán.



**Renault Mégane H/B RN** 2000. Ekinn 142.000 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 490.000 kr. Tilboð: 350.000 kr. 10.700 kr. í 48 mán.



**VW Passat S/D Basic line** 1999. Ekinn 130 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 740.000 kr. Tilboð: 520.000 kr. 19.200 kr. í 36 mán.



**Nissan Primera L/B SLX** 2000. Ekinn 98 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 600.000 kr. Tilboð: 420.000 kr. 12.700 kr. í 48 mán.



**Renault Laguna H/B RN** 1999. Ekinn 125 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 550.000 kr. Tilboð: 390.000 kr. 14.600 kr. í 36 mán.



**Hyundai Sonata S/D GLSI** 1999. Ekinn 107 þ. km, bensín, sjálfskiptur. Verð: 600.000 kr. Tilboð: 420.000 kr. 15.700 kr. í 36 mán.



**MMC Lancer W/G GLXI** 1998. Ekinn 92 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 450.000 kr. Tilboð: 320.000 kr. 12.100 kr. í 36 mán.



**Ford Focus S/D Ambiente High Series** 1999. Ekinn 91 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 640.000 kr. Tilboð: 450.000 kr. 16.700 kr. í 36 mán.



**Skoda Octavia L/B Ambiente** 1999. Ekinn 127 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 560.000 kr. Tilboð: 400.000 kr. 15.000 kr. í 36 mán.



**Hyundai Accent H/B GLSI** 1997. Ekinn 91 þ. km. bensín, sjálfskiptur. Verð: 250.000 kr. Tilboð: 175.000 kr. 6.900 kr. í 36 mán.



**VW Polo CLI** 1999. Ekinn 76 þ.km, bensín, 5 gíra. Verð: 430.000 kr. Tilboð: 300.000 kr. 11.400 kr. í 36 mán.



**Ford Mondeo W/G GLXI** 1996. Ekinn 110 þ.km, bensín, sjálfsk. Verð: 490.000 kr. Tilboð: 250.000 kr. 13.300 kr. í 24 mán.



**Ford Mondeo S/D GHIA** 1998. Ekinn 137 þ. km, bensín, sjálfskiptur. Verð: 450.000 kr. Tilboð: 315.000 kr. 11.900 kr. í 36 mán.



**Hyundai Elantra S/D GLSI** 1996. Ekinn 114 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 350.000 kr. Tilboð: 210.000 kr. 11.300 kr. í 24 mán.



**Daewoo Nubira W/G SX** 2001. Ekinn 89 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 490.000 kr. Tilboð: 350.000 kr. 7.700 kr. í 60 mán.



**Peugeot 206 XR Présence** 1999. Ekinn 112 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 420.000 kr. Tilboð: 300.000 kr. 15.900 kr. í 36 mán.



**Suzuki Swift H/B GA** 1998. Ekinn 121 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 310.000 kr. Tilboð: 220.000 kr. 8.600 kr. í 36 mán.



**Nissan Primera Station GX** 1999. Ekinn 101 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 430.000 kr. Tilboð: 300.000 kr. 11.400 kr. í 36 mán.



**Renault Mégane H/B RT** 1998. Ekinn 94 þ. km, bensín, sjálfskiptur. Verð: 400.000 kr. Tilboð: 280.000. kr. 10.600 kr. í 36 mán.



**Renault Megané S/D Coupe** 1999. Ekinn 84 þ. km, bensín, sjálfskiptur. Verð: 590.000 kr. Tilboð 420.000 kr. 15.700 kr. í 36 mán.



**Opel Vectra L/B CD** 1998. Ekinn 120 þ. km, bensín, sjálfskiptur. Verð: 430.000 kr. Tilboð: 300.000 kr. 11.400 kr. í 36 mán.



**SUZUKI BALENO W/G GLXI 4WD** 1998. Ekinn 109 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 480.000 kr. Tilboð: 340.000 kr. 12.800 kr. í 36 mán.



**Subaru Legacy W/G GL 4WD** 1998. Ekinn 142 þ. km, bensín, 5 gíra. Verð: 530.000 kr. Tilboð: 370.000 kr. 13.900 kr. í 36. mán.



**Isuzu Trooper** 1999. Ekinn 132 þ. km, dísel, 5 gíra. Verð: 1.390.000 kr. Tilboð: 810.000 kr. 17.200 kr. í 60 mán.

**Sjón er sögu ríkari. Komdu og kíktu á úrvalið.**

TM **Bílalán**

Afgreiðslutími: Fim. og fös. kl. 10-18, lau. og sun. kl. 12-16

Nýja bílasölusvæðinu, Kletthálsi 2, sími 5872000, www.toppbilar.is

TOPPBÍLAR bílasala

## RACHEL WEISZ

Lundúnastúlkan Rachel Weisz fæddist árið 1971 en ferill hennar sem leikkona má segja að hafi fengið byr undir báða vængi þegar hún var valin besti nýliðinn meðal breska leikhúsgagnrýnenda árið 1994. Á háskólaárum sínum þótti Weisz nokkuð róttækur femínisti. Í dag er hún trúlofuð hinum merka leikstjóra Darren Aronofsky og eiga þau eitt barn saman. Óskarsverðlaunaleikkonan Rachel Weisz birtist á skjánum í myndinni Confidence í kvöld á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON VELTIR UPP SORPHREINSUNARMÁLUM

# *Allt í drasli*

Stundum sýnir sjónvarpið okkur stjórnmálamenn í öllu skemmtilegri gír en venjulega, að mæla fyrir átaki í hreinsunarmálum, ekki síst í höfuðborginni. Í einn dag klæða þeir sig niður í skítagallann og taka til hendinni í tilteknu hverfi hverju sinni; reyta arfa, tína rusl, sópa og þar fram eftir götunum. Við þessi tækifæri er svo vonast til að hinn almenni borgari taki þátt og hjálpi til við að fegra umhverfið, sem er ekki fáheyrt. Næsta dag er svo eins og ekkert hafi gerst. Pólitíkusarnir eru horfnir aftur inn á skrifstofur sínar, ánægðir með gott átak sem bætir umhverfi þeirra og ímynd í senn. Meðaljóninn í minnihlutanum sem nennti að taka til stundarkorn þarf ekki að hafa áhyggjur af umhverfissamviskunni í bráð og hinum er nokk sama.

Í mínu hverfi, Hlíðahverfi í Reykjavík, hafa götur og garðar verið meira og minna full af drasli síðustu mánuðina. Glerbrotahrúgur eru á flestum götuhornum og runnar meira og minna kaffærðir af rusli, þannig að sá grunur læðist að manni



að ekki verði tekið til fyrr en skólafólk losnar til verkamannavinnu í sumar. Metnaðarfullu áhugafólki um sorp á víðavangi má benda sérstaklega á „Litlu Öskjuhlíð“, svæðið vestur af Veðurstofu Íslands, en þar duga Hagkaupspokar skammt við ruslatínslu. Það hefur sýnt sig að loftið í höfuðborginni er ekki alveg tandurhreint og því miður eru strætin og grænu svæðin svokölluðu það ekki heldur.

Vandamálið er að umhverfismál borgar og bæja eru ekki tilfallandi og passleg fyrir skyndilausnir. Þessu má kannski líkja við afsláttarþankaganginn sem nú er bent á í umdeildum sjónvarpsauglýsingum og snýst um að neytendur sætti sig við uppsprengt verð, bara ef þeir hafi fengið afslátt frá enn hærra verði. Hreinsunarátak á einum stað gerir nefnilega lítið gagn, nema fyrir stjórnmálamennina, þegar heilu hverfin búa við sama ruslið mánuðum saman vegna aðgerðaleysis.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Fyndnasti maður Íslands - úrslit — SKJÁREINN



▶ **21.15** Beauty and the Geek — STÖÐ 2



▶ **00.25** Bad Company — RÚV



▶ **19.40** Seinfeld — SIRKUS



▶ **17.45** Spænski boltinn - upphitun — SÝN

## SJÓNVARPIÐ

**16.45 Skíðamót Íslands** (1:5)
**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Músahús Mikka** (2:28)
**18.25 Ungar ofurhetjur** (22:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007** (1:4) Norræn þáttaröð þar sem kynnt eru lögin sem keppa í Helsinki 10. og 12. maí.
**21.10 Lewis** Bresk sakamálamynd þar sem Lewis, áður aðstoðarmaður Morse sáluga, lögreglufulltrúa í Oxford, hefur fengið stöðuhækkun og glímir við dularfullt morð á bandarískum háskólanema. Leikstjóri er Bill Anderson og meðal leikenda eru Kevin Whately, Laurence Fox og Clare Holman. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**22.45 Skíðamót Íslands** Samantekt frá keppni dagsins á mótinu sem fram fer í Hlíðarfjalli við Akureyri dagana 12. til 15. apríl.
**23.00 Villst af leið** (Wrong Turn) Bandarísk hrollvekja frá 2003. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
▶**00.25 Illt gengi (Bad Company)** Bandarísk hasarmynd frá 2002. Útsendari CIA lætur lífið við skyldustörf og þá er tvíburabróðir hans ráðinn í staðinn. Leikstjóri er Joel Schumacher og meðal leikenda eru Anthony Hopkins, Chris Rock og Peter Stormare. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
**02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Biker Boyz** (Riddarar götunnar)
**08.00 To Walk with Lions** (Konungur ljónanna)
**10.00 Looney Tunes. Back in Action** (Kalli kanína og félagar snúa aftur)
**12.00 Airheads** (Bilun í beinni)
**14.00 To Walk with Lions**
**16.00 Looney Tunes. Back in Action**
**18.00 Airheads** 1994. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.00 Biker Boyz** (Riddarar götunnar)
**22.00 Beyond Borders** (Án landamæra)
**00.05 Confidence** (Svik)
**02.00 Control** (Stjórnun)
**04.00 Beyond Borders** (Án landamæra)

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir** (Tiny Toons)
**07.40 Tasmanía** (Taz-Mania)
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Sisters** (Systur)
**10.50 Arrested Development**
**11.15 Strong Medicine** (10:22)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar** (Neighbours)
**13.10 Valentína** (My Sweet Fat Valentina)
**13.55 Valentína** (My Sweet Fat Valentina)
**14.40 Joey** (10:22)
**15.05 The Apprentice** (Lærlingurinn)
**15.50 Kringlukast** (BeyBlade)
**16.13 Titeuf**
**16.38 Justice League Unlimited**
**17.03 Litlu Tommi og Jenni**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar** (Neighbours)
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (10:22) (e)
**20.05 The Simpsons** (6:22)
**20.30 X-factor - leiðin að sigri** Nú er orðið ljóst hver hefur X-Factorinn en hér verður sagt frá því hvernig X-factor ævintýrið hófst og hvað þurfti til að geta staðið uppi sem sigurvegari. Skemmtilegur þáttur sem sannir X-Factor aðdáendur verða að sjá.
▶**21.15 Beauty and the Geek** (2:9) Fegurðardísirnar taka viðtöl við rithöfund á meðan nördin reyna að kreista fram hlátur sem uppistandarar. Það kemur í ljós að þeim er ekki öllum gefið að vera grínarar.
**22.00 The Girl Next Door** Matthew er framagjarn strákur sem stefnir á langskólanám og ætlar sér að verða forseti Bandaríkjanna. Þessar áætlanir breytast þó allverulega þegar hann kynnist nágrannastelpunni sem reynist vera með vafasama fortíð.
**23.50 The Truman Show**
**01.30 Tadpole**
**02.50 Motives (Tilefni)**
**04.15 Balls of Steel** (2:7)
**04.55 The Simpsons** (10:22) (e)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá á samtengdum rásum Stöðvar 2 og Sirkuss.
**19.00 Ísland í dag**
▶**19.40 Seinfeld** (17:24) (e) Jerry stendur Leó frænda að búðahnupli og Georg neyðist til að kaupa bók sem hann stelst til að lesa inni á salerni í bókabúðinni.
**20.10 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.40 Sirkus Rvk**
**21.10 Dr. Vegas**
**22.00 Studio 60** (14:22) (Bak við tjöldin) Matt á í vandræðum í sambandinu á meðan starfsmennirnir eru enn í matarboðinu til heiðurs Harrríet.
**22.45 Standoff** (Hættuástand) (5:19) Ungur drengur tekur sjúkrahússtarfsfólk í gíslingu til þess að neyða þau til að gera aðgerð á systur hans. 2006.
**23.30 American Inventor**
**00.20 Seinfeld** (17:24) (e)
**00.45 Entertainment Tonight (e)**
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210 (e)**
**08.00 Rachael Ray (e)**
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place (e)**
**13.15 European Open Poker (e)**
**14.45 Vörutorg**
**15.45 Skólahreysti (e)**
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19.30 Still Standing (e)**
▶**20.00 Fyndnasti Maður Íslands 2007 - Lokaþáttur** Íslenskir grínistar fá tækifæri til að láta ljós sitt skína. Það er komið að úrslitastundinni þar sem fyndnustu menn undankeppnanna mæta til leiks.
**21.00 Survivor: Fiji** (9:15)
**22.00 Kidnapped - NÝTT** Hörkuspennandi þáttaröð með Óskarsverðlaunaleikaranum Timothy Hutton í einu aðalhlutverkanna. Syni milljónamærings er rænt og foreldrarnir fá aðvörun um að láta lögregluna ekki vita. Fyrrverandi leyniþjónustumaður er ráðinn til að endurheimta strákinn. Hann starfar ekki innan ramma laganna og beitir öllum ráðum til að finna mannræningjana og frelsa drenginn. Gömul fjölskylduleyndarmál koma fram í sviðsljósið og allir liggja undir grun.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 European Open Poker (8:16)**
**00.45 Beverly Hills 90210 (e)**
**01.30 Melrose Place (e)**
**02.15 Vörutorg**
**03.15 Tvöfaldur Jay Leno (e)** Leno sem tekur á móti fræga fólkinu í sjónvarpssal er alltaf jafn léttur og kátur og þekktur fyrir sinn kaldhæðnislega og sérstaka húmor.

## SKJÁR SPORT

**07.00 Liðið mitt (e)**
**14.00 Charlton - Reading** (frá 9. apríl)
**16.00 AC Milan - Empoli** (frá 7. apríl)
**18.00 Upphitun** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**18.30 Newcastle - Arsenal** (frá 9. apríl)
**20.30 Upphitun (e)**
**21.30 Fulham - Man. Utd.** (frá 9. apríl)
**23.30 Liðið mitt (e)**



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

### X-Factor - leiðin að sigri

Það voru mikil fagnaðarlæti í Vetrargarðinum síðastliðinn föstudag þegar Halla tilkynnti að Jógvan hefði verið kosinn sigurvegari X-Factor. Sigur Jógvans var ótvíræður en hann hlaut 70% atkvæða og það þótti Hara-systrum vera fullmikið. Þær veltu því fyrir sér hvort það væri of seint að afskrá Jógvan en eins og flestir vita voru það þær systur sem skráðu hann upphaflega til keppni í X-Factor. Í kvöld fáum við að skyggnast á bak við X-Factor tjöldin og fylgjast með leið Jógvans á toppinn. Fyrir nokkrum mánuðum var Jógvan óþekktur hárgreiðslumaður en nú er hann stórstjarna á Íslandi og í Færeyjum en þar fylgdust landar hans með sigrinum í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum. Þetta er ómissandi þáttur fyrir alla þá sem vilja kynnast nýjustu söngstjörnu Íslands.



## > VIÐ MÆLUM MEÐ

### Farið yfir lögin í Evróvisjón

### Sjónvarpið 20.10

Hinir skemmtilegu samskandinavísku upphitunarþættir fyrir söngvakeppni evrópsku sjónvarpstövanna eru nærri orðnir eins klassískir hér á landi og keppnin sjálf. Forvitnilegast við þáttinn í ár er að sjálfsögðu sú staðreynd að keppandi Íslands, Eiríkur Hauksson, verður með líkt og síðustu ár. Skemmtilegt verður því að fylgjast með hvað spekingarnir hafa um lögin að segja.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**07.00** Fréttir
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.00** Fréttir
**09.05** Óskastundin
**09.50** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Sólskinsfólkið
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** Á Amish - slóðum
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 UEFA Cup 2007** (Tottenham - Sevilla)
**13.40 Gillette World Sport 2007**
**14.10 Iceland Express-deildin 2007** (KR - Njarðvík)
**15.40 UEFA Cup 2007** (Tottenham - Sevilla)
**17.20 Það helsta í PGA-mótaröðinni**
▶ **17.45 Spænski boltinn - upphitun** Upphitun fyrir alla leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**18.15 FA Cup - Preview Show 2007**
**18.45 Coca Cola deildin** (WBA - Sheffield Wednesday)
**20.50 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**21.20 Pro bull riding** (Kansas City, MO - Cabela´s Classic)
**22.20 World Supercross GP 2006-2007** (Texas Stadium)
**23.20 Football and Poker Legends**
**01.00 NBA deildin** (Cleveland - New Jersey)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Et skib i modvind **7.30** Børneblæksprutten **7.45** Ungdomsprogram **8.00** Viften **8.30** En plads i livet **9.00** Sølyst: Livets gang i kolonihaven **9.30** Dig og mig **10.00** TV Avisen **10.10** Task Force **10.35** Ud i naturen **11.00** Rabatten **11.25** Aftenshowet **12.20** Hjerterum **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Flemmings Helte **13.30** Boogie Listen **14.30** F for Får **14.35** SvampeBob **15.00** Øreflip **15.30** Hunni*show **15.45** Den lille prinsesse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hiv stikket ud med Master Fatman **19.00** TV Avisen **19.30** Good Will Hunting **21.30** The Replacement Killers **22.55** Boogie Listen **5.30** Gurli Gris **5.35** Noddy **5.50** Disney Sjov

## NRK 1

**7.30** Berulfsens fargerike **8.00** Siste nytt **8.05** Schrödingers katt **8.30** Vinn eller forsvinn! **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Anne fra Bj¢rkely **14.00** Siste nytt **14.03** VG-lista Topp 20 **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** VG-lista Topp 20 **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Franklin **16.15** Mekke-Mikkel **16.25** Lure Lucy **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Først & sist **20.15** Politiagentene **21.05** Kveldsnytt **21.20** Forloveren **22.25** Neil Sedaka - Live fra Royal Albert Hall **5.30** Pysjpopbaluba **5.31** Fiffi og blomsterbarna **5.40** Bosse **5.50** Harry med bøtta full av dinosaurer **6.00** Mikkes klubbhus

## SVT 1

**7.30** Samtal med **7.45** Keith on the road **8.15** Wer küsst schon einen Leguan? **8.45** Kaksi/två **9.15** Kaksi/två **10.00** Rapport **10.05** Mitt i naturen **10.35** Saras kök **11.05** Svenska slag **13.00** Argument **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Wild Kids **16.00** Höjdarna **16.25** Herr Mask är bäst **16.30** Tillbaka till Vintergatan **17.00** Amigo **17.30** Rapport **18.00** Inför Eurovision Song Contest 2007 **19.00** Hundtricket **20.45** Rapport **20.55** Kulturnyheterna **21.05** Robins **21.35** Emmetts uppgörelse **23.20** Sändningar från SVT24 **6.00** Bolibompa hälsar på




## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Ég þreyttist mjög á að leika ýmist sænska nuddara eða þýska heimilisvini.“*

Magnús Ragnarsson sjónvarpsstjóri í Pressunni 1993.

„Ég var nýfluttur frá Bandaríkjunum, og það fréttist að ég hefði leikið sænskan nuddara í nokkrum þáttum af Guiding Light. Ég var spurður hvort ég hefði áhuga á að reyna frekar fyrir mér í sápunum. Ég hafði takmarkaðan áhuga á því,“ segir Magnús.

# Bó Halldórs kominn í guða tölu

„Ég er vissulega faðir hans en ég veit ekki hvort rétt sé að kalla mig Guð,“ segir stórsöngvarinn Björgvin Halldórsson. Fréttablaðið greindi frá því í gær að Krummi, sonur Björgvins, verður í hlutverki Jesú í uppsetningu Vesturports á Jesus Christ Superstar í sumar. Og ef Krummi er Jesú hlýtur Björgvin að vera Guð. Eða hvað?

„Þetta er nú ansi sniðugt en ég veit ekki hvort mér líst á þessa samlíkingu,“ segir Björgvin hógvær og gefur lítið fyrir ábendingar þess efnis að ferill hans réttlæti samlíkingu sem þessa. „Komið til mín ...,“ segir Bó og hlær við en fæst ekki til að grínast meira með þetta.

„Ég held að þetta eigi eftir að verða mjög spennandi sýning. Krummi á eftir að standa sig vel,“ segir Björgvin þegar hann er spurður um væntingar sínar til Jesus Christ Superstar. „Vesturport mun taka þessa sýningu öðrum tökum en áður hefur verið gert og það er spennandi. Ég veit líka að bæði Krummi og fleiri myndu varla vera með í þessu nema af því að þetta verður svolítið öðruvísi. Þessi sýning á eftir að vekja heilmikla eftirtekt,“ segir Björgvin. - hdm



**PABBI JESÚ** Björgvin Halldórsson er ekki viss um að rétt sé að kalla hann Guð þótt sonur hans leiki hlutverk Jesú.



**JESÚS KRISTUR** Krummi Björgvinsson leikur Jesú í Jesus Christ Superstar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT**
2 gól 6 komast 8 spíra 9 fiskur 11 hvort 12 setur í gang 14 liðamót 16 hvað 17 fæða 18 kærleikur 20 tveir eins 21 högg.

**LÓÐRÉTT**
1 hávaði 3 í röð 4 einangrunarefni 5 útdeildi 7 girnast 10 flýtir 13 svelgur 15 svall 16 rámur 19 í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 gagg, 6 ná, 8 ála, 9 ýsa, 11 ef, 12 ræsir, 14 liður, 16 ha, 17 ala, 18 ást, 20 íl, 21 stuð. **LÓÐRÉTT:** 1 gnýr, 3 aá, 4 glerull, 5 gaf, 7 ásælast, 10 asi, 13 iða, 15 rall, 16 hás, 19 tu.



**TARANTINO Á ÍSLANDI** Bandaríski leikstjórinn Quentin Tarantino kolféll fyrir Íslandi þegar hann kom hingað vegna frumsýningar kvikmyndarinnar Hostel eftir góðvin hans Eli Roth. Tarantino er væntanlegur aftur hingað í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

QUENTIN TARANTINO: VERÐUR VIÐSTADDUR FRUMSÝNINGU DEATH PROOF

# Tarantino aftur til Íslands

Bandaríski leikstjórinn Quentin Tarantino hyggst endurnýja kynni sín við land og þjóð og verður viðstaddur frumsýningu kvikmyndar sinnar, Death Proof, 8. júní. Myndin er fyrri hluti tvíleiksins The Grindhouse en Robert Rodriguez, þekktastur fyrir Sin City-myndina, leikstýrir seinni myndinni, Planet Terror.

Samkvæmt öruggum heimildum Fréttablaðsins barst dreifingarfyrirtækinu Senu tölvupóstur frá Weinstein-fyrirtækinu sem framleiðir The Grindhouse en þar kom fram að Tarantino heimtaði að fá að sækja landið heim í kynningarstarfi fyrir sinn hluta. Ekki er vitað hvort frítt föruneyti fylgi Tarantino til landsins en það er sjálfur Kurt Russell sem leikur aðalhlutverkið í Death Proof auk Rose McGowan. Tarantino og leikkonan góðkunna úr Charmed létu vel að hvort öðru í síðustu heimsókn leikstjórans hingað.

Þetta verður því í þriðja sinn sem Tarantino kemur til landsins í opinberum erindagjörðum en hann var hér við frumsýningu Hostelmyndar Eli Roth og hélt síðan litla kvikmyndahátíð um áramótin þarsíðustu. Tarantino kolféll fyrir landi og þjóð, sagðist vilja gera víkingamyndir og heimsótti forseta Íslands á Bessastöðum, sem bar honum vel söguna.

Hann kláraði meðal annars handritið að Death Proof á Nordica hóteli og Pizza Hut og segir sagan að hann hafi leikið hluta úr því fyrir gesti og gangandi í Laugum á meðan hann tók á því á hlaupabretti.

The Grindhouse hefur verið sýnd sem ein mynd í Bandaríkjunum en eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær hefur hún sem slík fengið misjafna dóma gagnrýnenda og ekki þá aðsókn sem búist hafði verið við. Talið er að það sé fyrst og fremst hlutur Roberts Rodriguez sem dragi hana niður því gagnrýnendur hafa hrósað hluta Tarantinos. Þá lýsti Harvey Weinstein því yfir að hugsanlega yrði myndinni skipt í tvennt fyrir Bandaríkjamarkað en ákveðið hafði hins vegar verið fyrir löngu að þessi háttur yrði hafður á í Evrópu og öðrum heimsálfum. Og því verður Death Proof sýnd sem ein mynd en Planet Terror hins vegar frumsýnd í ágúst á Íslandi.

freyrgigja@frettabladid.is



**DEATH PROOF** Rose McGowan og Kurt Russell leika aðalhlutverkin í Tarantino-hlutanum, Death Proof.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Veðbankinn **Betsson** spáir Eiríki Haukssyni, **Sveini Rúnari Sigurðssyni** og laginu **Valentine Lost** velgengni í Eurovision-forkeppninni í Helsinki. Samkvæmt spám veðbankans er talið líklegt að Eiki hafni í þriðja til fjórða sæti á fimmtudeginum og tryggi þar með íslenska framlaginu farseðilinn í lokakeppnina á laugardaginn. Og Betsson er sannfærður um að Eiríkur geti komist langt því líkurnar á sigri eru ekki nema fimmtán á móti einum og spáir bankinn honum áttunda til níunda sætinu. **William Hill**-veðbankinn er hins vegar ekki alveg eins bjartsýnn á gengi Íslendinga og telur ekki miklar líkur á því að Eiríkur verði meðal keppenda í úrslitum.



Og meira af tónlist því nýlega var birtur listi yfir mest seldu plöturnar á Íslandi í síðustu viku. Og loksins hefur **Ladda** verið ýtt út af toppsætinu en hann situr sem fastast í öðru sæti listans. **Silvía Nótt** stekkur úr 21. sæti listans yfir í það þriðja en gárungarnir hafa haft það í flimtingum að þrátt fyrir þetta góða hástökk hafi hinni tilbúnu Silvíu ekki tekist að skáka **Eiríki Fjalari** og öðrum persónum Þórhalls Sigurðssonar.



Fyrsti bardaginn í átta manna úrslitum Meistara Loga Bergmanns Eiðssonar var háður í gærkvöldi en þá áttust við þeir **Magnús Þorlákur Víðisson** og **Björn Guðbrandur Jónsson**. Og varla er hægt að segja að um spennandi viðurreign hafi verið að ræða því strax eftir bjölluspurningar skildu leiðir og Magnús sankaði að sér stigum og vann auk þess hundrað þúsund krónur í svokallaðri Meistaraspurningu. - fgg



Í KVÖLD
Góður **matur** á efri hæðinni
Á MORGUN
DJ **Kári**
DOMO
RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

# Ísland græðir þrjá milljarða á Hollywood

Þau erlendu kvikmyndatökulið sem hafa dvalist hér á landi síðastliðin fimm ár hafa eytt fimmtíu milljónum Bandaríkjadala, sem samsvarar þremur milljörðum íslenskra króna. Þetta kemur fram í grein á vefsíðu kvikmyndatímaritsins Variety sem birtist í gær undir nafninu „Iceland‘s landscape brings big names“ eða Íslenskt landslag laðar að stóru nöfnin. Auk hinnar sérstæðu náttúru landsins er nefnt að hækkun endurgreiðslunnar úr ellefu í fjórtán prósent hafi jafnframt leikið stórt hlutverk í því að fá erlend kvikmyndatökulið hingað til lands.

Í greininni er talað við tökustjóra kvikmyndaleikstjórans Clint Eastwood, Kokay Ampah, sem hrósar íslensku kvikmyndatökuliði og segir það hafa verið vel tækjum búið og hafi talað prýðilega ensku. Kvikmyndir Eastwoods, Flags of our Fathers og Letters from Iwo Jima, voru báðar að hluta til teknar upp hér á landi. Þá er jafnframt minnst á myndirnar Batman Begins, Bond-myndina Die Another Day og Laura Croft: Tomb Raider en greinarhöfundur segir þær allar hafa verið stærri heldur en hið hundrað þúsund ferkílómetra landsvæði.

Rætt er við Einar Tómasson, verkefnisstjóra Film in Iceland, en þar kemur fram að erlent kvikmyndagerðarfólk sem hingað kemur hrífist ekki síður af því hve allar vegalengdir séu stuttar og hversu auðvelt sé að redda öllum hlutum. „Ég man sérstaklega eftir pókersenunni í Flags of Our Fathers en það náðist að útvega vöruskemmu fyrir tökuna með klukkutíma fyrirvara,“ segir Einar. - fgg



**CLINT EASTWOOD** Var ánægður með dvöl sína hér á landi og tökustjóri hans, Kokay Ampah, segir starfsfólkið hér á landi vera mjög vel tækjum búið.



**BATMAN** Hluti af myndinni var tekin upp við Jökulsárlón en leikstjórinn Chris Nolan var svo hrifinn að hann notaði meira af sínum tökum en búist hafði verið við.




Nú fá allir sem safna Vildarpunktum **fjórfalda Vildarpunkta** þegar þeir versla hjá Olís. Að auki verða útsendarar Bylgjunnar á ferðinni og bjóða heppnum viðskiptavinum að taka þátt í léttum leik þar sem aðalvinningurinn er **100 ÞÚSUND VILDARPUNKTAR!**

Vildarpunktar **OLÍS – við höldum með þér!**




Himinn og haf / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

KRISTÍNAR SVÖVU TÓMASDÓTTUR

# *Kapphlaupið um Sannleikann*

Að sumu leyti er aðdragandi kosninga ánægjulegur tími. Yfirleitt get ég haft af því nokkuð gaman að horfa upp á stjórnmálamenn smyrja vitsmunum sínum og sjálfsvirðingu ofan á brauð og éta frammi fyrir alþjóð. Að reyna að halda andlitinu með frosna brosgrettu a la fótósjopperaður Björn Bjarnason, eins og það viti ekki allir að það er ekkert gott að borða svona mikið af smjöri í einu.

**ÞAÐ** er kannski óhjákvæmilegt þetta gólftuskuelement sem virðist heltaka stjórnmálalíf á kosningavori, þegar fara að birtast myndir af pólitíkusum með börnunum sínum (sem þarf jú yfirleitt ekki að fótósjoppa) og þeir drekka glaðir samsull af sinnepi, lýsi og ammoníaki í beinni útsendingu til að ná til unga fólksins. Fólk væri jú ekki að þessu ef það vildi ekki láta kjósa sig.

**ÞAÐ** sem er öllu ömurlegra er kapphlaupið um Sannleikann, sem virðist stundum vera meginstoðin í málefnavinnu stjórnmálaflokka fyrir kosningar. Þá keppast menn um að hrifsa til sín vænleg málefni og stinga þeim í eigin vasa eins og börn sem rífast um sælgæti. Ég á´etta. Rétt eins og hjá börnunum finnst þeim meira til málefnisins koma eftir því sem fleiri langar í það.

**UMHVERFISVERND** er það sem flokkarnir keppast nú af mestum þrótti við að smyrja á sitt eigið brauð. Við erum grænir í gegn. Nehei, þið eruð bara í grænni sauðargæru. Við höfum alltaf haft grænt merki. Það er víst hægt að vera hægri grænn! Eini flokkurinn sem er alveg saklaus af kapphlaupinu um græna sannleikann er Frjálslyndi flokkurinn, öðru nafni Hvítt afl, sem er lítið hrifinn af litrófinu almennt.

**Í** þessu fagurgræna fjaðrafoki er umhverfisvernd hætt að vera málefni sem hægt er að ræða. Það byrjar alltaf einhver að æpa, og bregða upp slædsmyndum af jökulbreiðum með undirleik strengjasveitar, eða spá dómsdegi og draugabæjum í öllum víkum og fjörðum. Þetta er Sannleikurinn, versogúð – og við eigum hann.

**EN** það er stórhættulegt að eigna sér Sannleikann, af því að honum fylgir ákveðin helgi sem enginn stjórnmálaflokkur í lýðræðisríki getur haft. Lýðræðið virkar ekki þannig. Lýðræðið gengur út á að það sé enginn Sannleikur heldur margar hliðar á hverju máli. Það er kannski hvorki spennandi né skemmtilegt – en þetta er nú bara það skásta sem við höfum.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00–18.30 | 10.00–21.00 | 10.00–19.00 | 10.00–18.00 | 13.00–17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan